


**skoðun 18**

2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
Föstudagur










# FRÉTTABLAÐIÐ

ÞITT

FÖSTUDAGUR

21. maí 2010 — 118. tölublað — 10. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000




**Kenna tölvuleikjagerð**

*HR býður upp á nýja námsleið.*

**tímamót 22**

**Nýr tónleikastaður í Tryggvagötu**

*Nýjan stað vantaði eftir að Batteríið brann.*

**föstudagur 2**



**Óvænt úrslit**

*ÍBV lagði Íslandsmeistara FH og KR gerði aðeins jafntefli í Garðabæ.*

**sport 34 & 35**

**veðrið í dag**




**HÆGVIÐRI** Í dag má búast við breytilegri átt, víða 2-6 m/s. Horfur eru á skúrum eða súld fram eftir degi, síst austan til og á Vestfjörðum. Hiti verður á bilinu 7-16°C, hlýjast A-til.

**veður 4**

# Prófessorar leggja til að HÍ taki yfir alla kennslu í HR

**Félag prófessora við ríkisháskóla telur að tveir milljarðar sparist með því að færa nemendur úr Háskólanum í Reykjavík til Háskóla Íslands. Ekki sé hægt að réttlæta að kenna sömu greinar í mörgum háskólum.**

**STJÓRNSÝSLA** Félag prófessora við ríkisháskóla leggur til við rektor Háskóla Íslands að skólinn geri stjórnvöldum tilboð um að taka við öllum nemendum Háskólans í Reykjavík. Í tillögunni segir að líklega kosti það skólann um einn milljarð króna en 1,5-2 milljarðar sparist á háskólastiginu.

Félagið telur einnig að 150-200 milljónir myndu sparast við að HÍ taki við kennslu Háskólans á Bifröst og 100 milljónir við að skólinn annist kennslu í búvísindum. Að auki gæti nokkur upphæð sparast með auknu samstarfi HÍ og Háskólans á Akureyri.

Sparnaðarleiðir Félags prófessora við ríkisháskóla eru fram komnar í kjölfar óskar Kristínar Ingólfsdóttur rektors um tillögur að niðurskurði og endurskipulagningu í starfi Háskólans og skóla á háskólastigi. Fékk Kristín tillögurnar í hendur í byrjun mars en að sögn Gísla Más Gíslasonar formanns hafa félaginu ekki borist viðbrögð við þeim.

Afstaða félagsins mótast ekki síst af þeirri skoðun að ekki sé hægt að réttlæta að boðið sé upp á kennslu í sömu greinum í mörgum háskólum. Bent er á að verkfræði sé kennd við tvo skóla, lögfræði við þrjá og viðskiptafræði við fjóra skóla. Varla geti það talist eðlilegt hjá þjóð sem telur 330 þúsund íbúa meðan nágrannaþjóðir hafi einn rannsóknarháskóla á hverja milljón íbúa.

Samhliða því að leggja til grundvallarbreytingu á háskólastarfinu í landinu stingur Félag prófessora við ríkisháskóla upp á nokkrum leiðum til að ná fram sparnaði í kennslu. Nefnt er að sameina megi skyld námskeið og hafa þau stærri, hætta að kenna sama eða sams konar námskeið í mörgum deildum og sviðum, færa aðstoðarkennslu í hendur framhaldsnema og minnka kostnað af prófhaldi og jafnvel færa próf í auknum mæli á Netið. Þá er lagt til að hugað verði að því hvort hækkun skráningargjalda leiði til tekjuaukningar án þess að útgjöld ríkisins hækki verulega og mælt er með að bílastæðagjöld verði tekin upp.

Í tillögum sínum fjallar félagið um nýtt stjórnkerfi Háskólans sem það telur hafa leitt til aukins stjórnunarkostnaðar og meiri stjórnunarvinnu. Er hvatt til þess að kerfið verði endurskoðað. Þá er og fullyrt að sá sparnaður sem átti að nást með sameiningu HÍ og KHÍ hafi lítið skilað sér. **- bþs**



NORDICPHOTOS/AFP

**BORGARSTJÓRAR MÓTMÆLA** Borgar- og bæjarstjórar frá nokkrum helstu héruðum Ítalíu lögðust á Signoria-torgið í Flórens í gær til að mótmæla svonefndum stöðugleikasáttmála, sem ríkisstjórn Silvio Berlusconi hefur gert þeim að haga fjármálum sveitarfélaga eftir. Borgarstjórunum þykir reglurnar heldur stífar.

Arion bregst við hrunskýrslu:

## Starfsfólki Arion kennt siðferði

**VIÐSKIPTI** Starfsfólk Arion banka mun taka þátt í fræðslufundaröð um siðferði í samstarfi við Siðfræðistofnun Háskóla Íslands. Þetta var kynnt á aðalfundi bankans sem haldinn var í gær.

Þar var sagt frá því að hópur starfsmanna hefði þegar farið yfir skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis og starfshópur um siðferði hefði verið skipaður í bankanum. Colin C. Smith tók sæti í stjórn bankans á aðalfundinum. Enginn lét af störfum og því fjölgaði í stjórninni um einn. Hann hefur starfað í bankageiranum síðan 1964 þegar hann hóf störf í Midland Bank. Hann var um hríð forstöðumaður alþjóðlegs áhættustýringar- og lánasviðs bankans, en lét af störfum 2003. **- kóp**

Þekktir erlendir leikarar leggja Íslendingum lið í 700 milljóna landkynningu:

## Fry og Mortensen tala vel um Ísland

**FÓLK** 700 milljóna króna landkynningarátaki verður hleypt af stokkunum í flugskýli 4 á Reykjavíkurflugvelli í dag.

Átakinu er ætlað að bæta ímynd Íslands í kjölfar neikvæðra frétta í erlendum fjölmiðlum vegna áhrifa eldgossins í Eyjafjallajökli. Auglýsingar munu birtast í útbreiddum evrópskum fjölmiðlum og er unnið að því að fá stórstjörnur til að taka þátt í verkefninu. Þegar hefur viðtal við danska leikarann Viggo Mortensen verið birt á heimasíðunni inspiredbyiceland.com og breski leikarinn Stephen Fry „twittaði“ um Íslendinga gegnum Facebook-síðu með sama nafni. Stjórnvöld og fyrirtæki í ferðaþjónustu standa að átakinu.

**- fgg /** **sjá síðu 38**


Ekki heimild á kortinu ?



Skráðu þig núna á
Hraðpeningar.is




LAGANÁM VIÐ HR
LÁTTU TIL ÞÍN TAKA!
Sæktu um á www.hr.is



HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVIK UNIVERSITY

## SPURNING DAGSINS



*Guðmundur, var allt á floti alls staðar?*

„Já, þarna hefur Davíð sjálfsagt keypt ölið.“

Guðmundur Mar Magnússon, bruggmeistari Ölgerðarinnar, dæmdi á heimsmeistaramóti bjórs í Chicago, þar sem yfir 3.000 bjórtegundir voru metnar.

Gamall netabátur verður þungamiðjan í Skemmtigarðinum í Grafarvogi:

# Knúti breytt í sjóræningjaskip

**FÓLK** Knútur RE, 30 tonna netabátur sem smíðaður var í kringum 1960, gengur á næstunni í endurnýjun lífdaga sem sjóræningjaskip í skemmtigarðinum í Grafarvogi. Þar mun báturinn vera hluti af nýrri og glæsilegri minigolfbraut sem smíðuð verður í kringum „golfvöllinn“. Þessi ævintýralegi 18 holu golfvöllur verður annar tveggja sem til stendur að opna á svæðinu.

Minigolf er ein vinsælasta afþreying í skemmtigörðum um heim allan í dag og skiptir þá sviðsmyndin hvað mestu máli. Knútur RE mun setja mikinn svip á svæðið en undanfarin ár hefur hann legið verkefnalaus við slippinn í Reykjanesbæ. Knútur var fluttur í lögreglufylgd í skemmtigarðinn í Grafarvogi í gær þar sem gagngerar breytingar á honum hefjast næstu daga. - shá



**KNÚTUR HÍFÐUR** Niðurlægingarskeiði Knúts er lokið og hann fær nýtt líf sem glæsilegt sjóræningjaskip í ævintýraheimum skemmtigarðsins í Grafarvogi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Sérstakur saksóknari:

## Var í Hollandi en kemur í dag

**LÖGREGLUMÁL** Ólafur Þór Hauksson, sérstakur saksóknari, kemur til landsins í dag. Hann hefur dvalið í Hollandi, þar sem hann hefur átt fundi. Hann vildi lítið tjá sig um málið, en sagði þó ekki beinlínis vera í lögregluaðgerðum, heldur snérist ferðin um fundi og skipulagningu.

Ólafur segir nokkur lönd fylgjast vel með framvindu rannsóknarinnar á Íslandi, enda sé hún einstæð að mörgu leyti. Verið sé að rannsaka bankahrunið víða erlendis. - kóp

Jóhanna á hnattvæðingarþingi:

## Rætt um ýmsar hliðar orkumála

**STJÓRNMÁL** Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra situr nú hnattvæðingarþing norrænu ráðherranefndarinnar í Danmörku.



JÓHANNA SIGURÐARDÓTTIR

Á þinginu er annars vegar rætt um hvernig Norðurlöndin geta orðið frumkvöðlar á sviði tækniþróunar og vistvænnar orku og hins vegar um hugmyndina orkusparandi samfélag og hvernig nýta megi orku sem best.

Forsætisráðherrar Norðurlandanna munu jafnframt hittast og ræða sameiginleg málefni landanna. Áhrif fjármálakreppunnar á Norðurlöndunum verða til umræðu, auk annarra mála. - bþs

# Frambjóðendur frá Fæðingarorlofssjóði

**Útlit er fyrir að starfsmenn Fæðingarorlofssjóðs verði meirihluti sveitarstjórnarmanna í Húnaþingi vestra eftir kosningar. Fimm af tólf starfsmönnum sjóðsins dreifast á framboðslistana þrjá. Stjórnmál eru ekki á dagskrá á kaffistofunni.**

**KOSNINGAR** „Það er alls ekki ólíklegt að það verði fjórir héðan sem setjast í sveitarstjórnina,“ segir Leó Örn Þorleifsson, forstöðumaður Fæðingarorlofssjóðs.

Fimm af tólf starfsmönnum Fæðingarorlofssjóðs á Hvammstanga eru í framboði í komandi sveitarstjórnarkosningum í Húnaþingi vestra. Sennilegt er að fjögur úr sjóðnum nái kjöri í sveitarstjórn og að oddvitar framboðanna setjist í byggðaráð.

Leó leiðir D-lista sjálfstæðismanna og óháðra. Elín Jóna Rósinberg fjármálastjóri er í oddvitasæti Samfylkingar og óháðra. Ragnar Smári Helgason sérfræðingur er í öðru sæti hjá Framsóknarflokki og Anna María Elíasdóttir fulltrúi í þriðja sæti. Sigurbjörg Jóhannsdóttir sérfræðingur er í öðru sæti á D-lista.

„Einhverra hluta vegna var leitað mikið til okkar í þetta skiptið – og það af öllum listunum sem er svolítið skemmtilegt,“ segir Leó.

Reyndar er enn einn starfsmaður Fæðingarorlofssjóðs í framboði. Það er Rakel Runólfsdóttir sérfræðingur sem er í sjötta sæti D-listans. Hún starfar þó ekki á skrifstofunni í augnablikinu. Hún er í fæðingarorlofi.

Íbúar í Húnaþingi vestra eru um ellefu hundruð talsins. Leó segir flutning Fæðingarorlofssjóðs til Hvammstanga á árinu 2007 hafa heppnast vel og hafa styrkt sveitarfélagið mikið.

„Flutningurinn skapaði loksins tækifæri fyrir ungt fólk að flytjast heim og nýta sína menntun. Það er náttúrlega mjög hátt menntunarstigið hér á skrifstofunni og það er kannski ein ástæða þess að það er leitað til okkar með framboð. Menn eru kannski líka að reyna að sækja nýtt blóð og nýjar hugmyndir,“ veltir Leó fyrir sér.

Pólitíkin í Húnaþingi vestra er ekki harðskeytt. Að minnsta kosti segir Leó engin stór átakamál kljúfa samfélagið í fylkingar eins og stundum gerist. „Hér leggja menn aðallega áherslu á að halda atvinnustiginu háu,“ segir hann.

Þrátt fyrir að áhugi á meðal starfsmanna Fæðingarorlofssjóðs á stjórnmálum virðist mikill er pólitík ekki á dagskrá þar innan veggja. „Nei, pólitík er mjög lítið rædd hér á kaffistofunni og trúlega minna en víðast hvar annars staðar í samfélaginu. Það er alveg meðvitað að við erum ekki mikið að ræða þetta hér,“ segir Leó og undirstrikar að fundartímar sveitarstjórnar og byggðaráðs verði færðir út fyrir vinnutíma Fæðingarorlofssjóðs svo þeir skarist ekki við starfsemi sjóðsins. „Við leggjum mikið upp úr því að svo verði,“ ítrekar forstöðumaðurinn.

gar@frettabladid.is



**TILBÚIN Í SLAGINN** Helmingur starfsmanna Fæðingarorlofssjóðs á Hvammstanga býður sig fram til sveitarstjórnar. Frá vinstri eru Elín Jóna Rósinberg, Anna María Elíasdóttir, Leó Örn Þorleifsson, Ragnar Smári Helgason og Sigurbjörg Jóhannesdóttir.

## Lést eftir slys á leiksvæði

**Drengurinn sem slasaðist alvarlega á leiksvæði í Grafarvogi á laugardag og lést á gjörgæsludeild á mánudag hét Kristófer Darri Ólafsson. Hann var á fjórða aldursári, fæddur 11. september 2006. Útför hans fer fram í Grafarvogskirkju í dag klukkan 13.**



Bankastjóri Landsbankans:

## Steinþór ráðinn

**VIÐSKIPTI Steinþór Pálsson var í gær ráðinn bankastjóri Landsbankans.**

**Hann var ráðinn úr hópi 42 umsækjenda.**



STEINÞÓR PÁLSSON

**Steinþór hefur unnið hjá Actavis síðustu átta ár, síðast sem framkvæmdastjóri á sviði stefnumótunar. Áður vann hann hjá Íslandsbanka og þar áður Verslunarbankanum.**

**Steinþór tekur við starfinu af Ásmundi Stefánssyni.** - bþs

SÁÁ á Akureyri:

## Fresta lokun göngudeildar

**HEILBRIGÐISMÁL SÁÁ hefur ákveðið að fresta lokun göngudeildar á Akureyri en henni átti að loka 1. júní.**

**Ástæðan fyrir frestuninni er sú að Akureyrarbær ákvað að leggja göngudeildinni til fé sem nemur um fimmtíu prósentum af kostnaði við rekstur deildarinnar. Í framhaldi var ákveðið að reyna, í góðri samvinnu við bæjarráð Akureyrar og íbúana, að tryggja rekstur göngudeildarinnar.**

**Í frétt á vef SÁÁ segir að á árinu 2010 sé samtökunum ætlað að reka allt göngudeildarstarf fyrir áfengis- og vímuefnasjúklinga fyrir 40 milljónir króna. Kostnaðurinn við göngudeildarstarfið sé áætlaður rúmlega 100 milljónir króna.** - jhh

Fyrstu sexburarnir frá 1983:

## Kona fæðir sexbura á Englandi

**BRETLAND** Rúmlega þrítug bresk kona ól sexbura á spítala í Englandi í gær. Er það í fyrsta skipti síðan 1983 sem sexburar fæðast þar í landi.

Börnin, sem eru fjórar stelpur og tveir drengir, fæddust 14 vikum fyrir tímann og njóta nú sérstakrar meðhöndlunar. - kóp






Reykjavíkurframboðið ræðst til atlögu við fjórflokkinn í borginni:

# Vilja veðsetja Vatnsmýrina

**KOSNINGAR** Vinna á nýtt aðalskipulag fyrir Reykjavík sem gerir ráð fyrir að flugvöllurinn víki úr Vatnsmýrinni fyrir byggingarlóðum. Þær skal síðan setja að veði fyrir 21 til 25 milljarða króna láni sem nýta á meðal annars til að draga til baka niðurskurð í grunnþjónustu borgarinnar. Þetta er meginstefið í stefnu Reykjavíkurframboðsins, sem kynnti stefnumál sín fyrir borgarstjórnarkosningarnar í Perlunni í gær.

Reykjavíkurframboðið reiknar með því að byggingamarkaðurinn lifni við aftur árið 2013 og lóðirnar seljist. Andvirðið fari þá í að greiða niður lánið. Þangað til séu lóðirnar veðhæfar.

„Það er ekki hægt að tapa á þessu,“ segir Haukur Nikulásson, sem skipar þriðja sæti listans. Hann segir að fjórflokkurinn í borginni hafi undanfarin kjörtímabil fórnað hagsmunum borgarinnar fyrir hagsmunum flokkanna á landsvísu. Því þurfi nýtt fólk í borgarstjórn.

Reykjavíkurframboðið hyggst einnig stuðla að auknu umferðaröryggi með fjölgun hraðahindrana og götum með 30 kílómetra hámarkshraða, bæta þjónustu Strætó og veita auknu fé til viðhalds og nýsköpunar. - sh



**REYKJAVÍKURFRAMBOÐIÐ** Fyrir framboðinu fer Baldvin Jónsson, sem áður hefur starfað með Íslandshreyfingunni og Borgarahreyfingunni. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



SUMAR TILBOÐ
Sólblóm
795kr
20 saman
Stjúpur
1.690kr
4 saman
Mini Tóbakshorn & Margaírta
1.750kr
ATHUGIÐ!
Öll sumarblóm í Garðheimum eru íslensk ræktuð
Tóbakshorn
650kr
Hengibrúðarauga
650kr
10 saman
öll í hólfa-bökkum
Silfurkambur, Daggarbrá
Alísur og Stújpur
950kr
SUMARBLÓMATILBOÐ
RÆKTUM SJÁLF! RÆKTUM SJÁLF!
Helgarbúntið
1.975kr
4 saman
Matjurtir
340kr
20% afsláttur
Góðrurkassar í úrvali!
20% afsláttur
Vermireitir í úrvali!
Tækjaleiga Garðheima
opið virka daga til kl.18.00, helgar til kl. 17.00
Mold og túnþökur í kerruna
leigjum líka út kerrur
Afgreiðslutími um hvítasunnuna:
Opið laugardag 10.00 – 21.00
Hvítasunnudag 10.00 – 19.00
Annan í hvítasunnu 10.00 – 21.00
GARÐHEIMAR
allt í garðinn á einum stað!
Stekkjarbakka 6 | sími 540 3300
www.gardheimar.is

## GENGIÐ 20.05.2010

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 129,86 | 130,48 |
| Sterlingspund | 186,08 | 186,98 |
| Evra | 159,97 | 160,87 |
| Dönsk króna | 21,493 | 21,619 |
| Norsk króna | 20,033 | 20,151 |
| Sænsk króna | 16,485 | 16,581 |
| Japanskt jen | 1,4239 | 1,4323 |
| SDR | 190,59 | 191,73 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
204,7001

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Langt í land með að ná markmiði hagsmunaaðila og stjórnarflokkanna:

# Blönduðum stjórnum fækkar

**JAFNRÉTTISMÁL** Fyrirtækjum með blandaða stjórn karla og kvenna hefur fækkað síðan í maí 2009. Það er þvert gegn markmiði stjórnarflokkanna og hagsmunaaðila, en 15. maí í fyrra var undirritaður samstarfssamningur þessara aðila.

Gögn Creditinfo, sem lögð voru fram í maí 2009, sýna að þegar bæði kynin eru í stjórnum fyrirtækja er útkoman í rekstri betri, þau lifa lengur og líkur á vanskilum eru minni. Því aukast möguleikar kvenna til að veljast til forystu starfa í slíkum fyrirtækjum úr 5 prósentum í 27 prósent.

Samningurinn gerði ráð fyrir að Creditinfo mundi mæla árangur verkefnisins árlega. Mæling núna sýnir að fyrirtækjum með bæði kyn í stjórn hefur fækkað, þrátt fyrir að fyrirtækjum hafi almennt fjölgað um ríflega tvö þúsund.

Upplýsingar um árangur fyrirtækja sýna að útkoman er best þegar bæði kynin eru í stjórn, óháð hlutfallslegri kynjaskiptingu stjórnar. **- kóp**

**Hlutfall í stjórnum fyrirtækja**

| Staða | maí 2009 | maí 2010 | Samanburður á milli ára |
|---|---|---|---|
| Eingöngu karlmenn í stjórn | 70,8% | 71,6% | 0,8% |
| Eingöngu konur í stjórn | 14,1% | 14,4% | 0,3% |
| Bæði kyn í stjórn | 15,1% | 14,0% | -1,1% |

Aukin verkefni stjórnlagaþings:

# Auðlindamálin sett á dagskrá

**STJÓRNMÁL** Kosið verður til stjórnlagaþings í síðasta lagi 31. október samkvæmt breytingatillögu meirihluta allsherjarnefndar á frumvarpi forsætisráðherra um þingið.

Meirihlutinn leggur einnig til að verksvið þingsins verði útvíkkað og því falið að fjalla um hvort, og þá hvernig, kveðið verði á um auðlinda-, umhverfismál og utanríkismál í stjórnarskránni. Að auki verður þinginu frjálst að taka upp alla aðra málaflokka sem það telur að eigi erindi í stjórnarskrá. **- bþs**



**NÝ HÖNNUN** Stærri þotan sem vísindamennirnir hönnuðu á að bera 350 farþega. Minni gerðin er hefðbundnari í laginu og getur borið 180 farþega.

Háskólamenn hanna þotur:

# Nota um 70% minna eldsneyti

**VÍSINDI** Hópur vísindamanna undir forystu sérfræðinga frá MIT-háskólanum í Bandaríkjunum hefur hannað farþegaþotu sem eyðir um 70 prósentum minna eldsneyti en þær þotur sem nú eru í notkun.

Vélar voru hannaðar í tveimur stærðum. Sú minni líkist hefðbundnum þotum í útliti, en sú stærri er óvenjulegri í útliti, eins og sjá má á meðfylgjandi mynd.

Eflaust er enn nokkuð í að slíkar þotur leysi eldri vélar af hólmi. Vísindamennirnir hönnuðu því einnig einfaldari útgáfu sem ætti að vera auðveldari í framleiðslu, sem notar helmingi minna af eldsneyti en farþegaþotur í dag. **- bj**

## HOLLAND

### Ökupróf fyrir prófhrædda

Hollensk yfirvöld hafa ákveðið að bjóða ökunemum sem eru illa haldnir af prófskrekk upp á sérstök próf til þess að prófhræðslan verði ekki til þess að nemendurnir falli. Próftakar fá þá nægan tíma og geta tekið hlé ef álagið reynist of mikið.

## LEIÐRÉTTING

Hrafnreyður KÓ-100 var annað skipið til að landa hrefnu á þessu ári, ekki fyrsta eins og missagt var í frétt í blaðinu í gær. Fyrstu hrefnu sumarsins landaði Hafsteinn SK-3 í Hafnarfirði á þriðjudag, degi á undan Hrafnreyði.

# Telur Magma traustari bakhjarl en GGE

**Stærsta eign Reykjanesbæjar er skuldabréf sem flyst frá GGE til móðurfélags Magma í Kanada samkvæmt viðskiptum þeirra með hlutabréf í HS orku. Bæjarstjóri vill óháð mat sérfræðinga áður en samþykki verður gefið.**

**FRÉTTASKÝRING**

Eru viðskipti Magma og GGE formlega frágengin?

Árni Sigfússon, bæjarstjóri í Reykjanesbæ, segir að bæjarstjórnin muni láta meta fjárhagslega getu Magma og skoða hvort áhætta bæjarsjóðs aukist við það að móðurfélagið Magma Canada taki yfir greiðslu á 6,3 milljarða króna skuldabréfi sem bærinn á og Geysir Green Energy (GGE) gaf upphaflega út.

Skuldabréfið er hluti af greiðslu fyrir eignarhlut Reykjanesbæ í HS orku sem GGE keypti á síðasta ári. Þá fékk bærinn um 6,5 milljarða í peningum en 6,3 milljarða með skuldabréfi sem GGE átti að greiða upp árið 2016.

Á dögunum gerðu Magma og GGE samning um að Magma eignaðist HS orku að öllu leyti. Samningurinn kallar á að bæjarstjórn Reykjanesbæjar samþykki að Magma taki að sér að borga af skuldabréfinu í stað GGE.

Viðsemjandi GGE og þar með nýr eigandi HS orku er Magma Energy Sweden, fyrirtæki skráð á Evrópska efnahagssvæðinu (EES). Móðurfélagið er hins vegar skráð í Kanada og því utan EES. Árni Sigfússon segir að það sé móðurfélagið sem muni greiða Reykjanesbæ af skuldabréfinu.

Árni býst við því að bænum berist fljótlega erindi um að samþykkja yfirtöku Magma á skuldabréfinu. Þá þurfi að láta meta áhættu bæjarins af þessari breytingu; hvort Magma Canada sé jafnsterkur skuldari og Geysir Green. „Ég hefði talið að Magma Canada væri miklu sterkri bakhjarl en GGE miðað við aðstæður í dag, segir Árni.

Hann segir hugsanlegt að þetta mál verði á dagskrá bæjarráðsfundar næsta fimmtudag. Ef svo fer verði gerð tillaga um að afgreiða málið með því að leggja stöðu fyrirtækisins og áhættu bæjarins í mat óháðra sérfræðinga. Umrætt skuldabréf er metið á 5,5 milljarða króna að núvirði í efnahagsreikningi Reykjanesbæjar 2009 og vegur þyngra þar en allar fasteignir, bílar og tæki sem bærinn er eigandi að. Flestar fasteignir sem bærinn notar til að veita bæjarbúum þjónustu hafa verið seldar til Eignarhaldsfélagsins Fasteignar og síðan teknar á leigu fyrir um milljarð króna á ári. Undanfarin ár hefur bærinn tapað miklu á rekstri sínum og þurft að ganga á eigið fé til að greiða afborganir og vexti. Neikvæð framlegð síðasta árs nam um 640 milljónum króna, þ.e. rekstrartapið fyrir afborganir og fjármagnskostnað.

**peturg@frettabladid.is**



**MAGMA ENERGY** Magma Energy, félag skráð í Svíþjóð en með kanadískt félag að bakhjarli, eignast jarðvarmavirkjanirnar á Reykjanesi og Svartsengi samkvæmt samningi sem fyrir liggur um kaup á hlut Geysi Green Energy í HS Orku. Bæjarstjórn Reykjanesbæjar á eftir að fjalla um málið og þingmaður VG vill að nefnd um erlenda fjárfestingu geri það einnig.



**INGÓLFUR HELGASON**



**HREIÐAR MÁR SIGURÐSSON**

Mega ekki fara úr landi:

# Ingólfur og Hreiðar sæta áfram farbanni

**DÓMSMÁL Hæstiréttur staðfesti í gær farbannsúrskurð héraðsdóms yfir Ingólfi Helgasyni, fyrrverandi forstjóra Kaupþings á Íslandi. Kvöldið áður staðfesti Hæstiréttur farbann yfir Hreiðari Má Sigurðssyni. Samkvæmt úrskurðunum er þeim óheimilt að yfirgefa landið þangað til 28. maí.**

**Ingólfur og Hreiðar eru búsettir í Lúxemborg og telur sérstakur saksóknari ástæðu til að ætla að þeir reyni að komast úr landi. Það kynni að vera skaðlegt rannsókn hans á meintum stórfelldum lögbrotum sem framin voru í Kaupþingi fyrir bankahrun.**

**Tveir aðrir fyrrverandi yfirmenn Kaupþings, sem báðir búa í Lúxemborg, eru einnig í farbanni til 28. maí. Þetta eru þeir Magnús Guðmundsson og Steingrímur P. Kárason.** **- sh**

## BRETLAND

### Kosningaklúður óhæft

Yfirkjörnefndin í Bretlandi segir að klúðrið á kjördag, þegar fjöldi manns komst ekki að vegna of mikils álags á kjörstöðum, hafi verið óviðunandi með öllu. Breyta þurfi kosningalögum svo þetta geti ekki gerst aftur.






## VEÐURSPÁ



**Soffía Sveinsdóttir** veðurfréttamaður

**FÍN HELGARSPÁ**

Veðurhorfur helgarinnar eru ágætar en meginlínurnar eru hæg vindur og hlýindi. Í dag má búast við einhverri vætu í flestum landshlutum en á morgun og sunnudaginn verður úrkomulítið að mestu. Fínt veður fyrir ferðalög og útivist.




**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 22° |
| Basel | 25° |
| Berlín | 21° |
| Billund | 20° |
| Frankfurt | 22° |
| Friedrichshafen | 19° |
| Gautaborg | 19° |
| Kaupmannahöfn | 19° |
| Las Palmas | 22° |
| London | 23° |
| Mallorca | 24° |
| New York | 29° |
| Orlando | 33° |
| Ósló | 23° |
| París | 23° |
| San Francisco | 17° |
| Stokkhólmur | 17° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hendrik Sigurðsson *hendrik@frettabladid.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*
**ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Henný Árnadóttir *henny@365.is*, Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Sigríður Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Bjarni Þór Sigurðsson *bthor@365.is*, Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is*
**RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*, Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*




# MEXÍKÓBORGARI MEÐ SALSA fyrir 4

*að hætti Rikku*

1 brauðsneið
Rifinn börkur af ½ límónu
6-8 jalapeno sneiðar
úr krukku
2 msk saxað ferskt kóríander
1 egg
650 g nautahakk
Salt og nýmalaður pipar
4 hamborgarabrauð

Setjið brauðsneiðina í matvinnsluvél ásamt límónuberkinum, jalapeno og kóríander og vinnið vel saman. Blandið saman við hakkið ásamt egginu og kryddið með salti og pipar. Mótið 4-6 borgara úr hakkinu og grillið á meðalheitu grilli í 4 mínútur á hvorri hlið eða þar til að þeir eru gegnsteiktir. Berið hvern borgara fram með salsa og hálfu hamborgarabrauði.

SALSA MEÐ SÝRÐUM RJÓMA
1-2 avókadó, afhýtt steinhreinsað og skorið í litla bita
3 vel þroskaðir tómatar, skornir í bita
Safi úr 1/2 límónu
4 msk sýrður rjómi
Salt og nýmalaður pipar

Hrærið upp sýrða rjómann og bætið avókado og tómötunum út í. Kreystið límónusafann yfir og kryddið með salti og pipar.

Kkal: 402/ 20% RDA
Fita: 19g/ 29% RDA
Prótín: 37.5g/ 75% RDA
Kolvetni: 19.4g/ 6% RDA
A-vítamín: 1677 IU/ 34% RDA
B12-vítamín: 2.5 mcg/ 41% RDA
Járn: 4.8 mg/ 27 % RDA

* Ráðlagður dagskammtur (RDA) er miðaður við 2.000 hitaeininga orkuþörf.




**Nautakótilettur**
kryddlegnar




**Kjúklingabringur**
ferskar




**Kjúklingur**
ferskur




**Grísahnakkasneiðar**
úrbeinaðar og kryddlegnar

## spennandi meðlæti á grillið eða í ofninn!



Bökunarkartöflur | Beikonfylltar kartöflur | Maísstönglar | Balsamikmarinerað grænmeti | Berjabomba m/kókosbollum | Sveppir með ostafyllingu

























OPIÐ
24 Hagkaup
ALLAN sólarhringinn
Skeifan & Garðabær

Gildir til 24. maí á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
*Ein ferð betra verð*

**KJÖRKASSINN**



*Hefurðu fylgst með fyrstu umferðunum í íslensku knattspyrnunni í sumar?*

| | |
|---|---|
| Já | 33,1% |
| Nei | 66,9% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Ætlarðu í ferðalag um hvítasunnuhelgina?*

Segðu þína skoðun á visir.is

Hreinsað til í Bangkok eftir heiftarlegar óeirðir sem brutust út í borginni á miðvikudag:

# Búist við langvarandi átökum í Taílandi

**TAÍLAND, AP** Óttast er að pólitísku átökin á Taílandi brjótist fram með misalvarlegum hætti næstu árin, þótt kyrrð hafi komist á í gær eftir heiftarlegar óeirðir í höfuðborginni Bangkok á miðvikudag.

Ríkisstjórnin sagðist í gær hafa náð tökum á ástandinu, en rauðliðar heita því að halda mótmælunum gegn stjórninni áfram þótt sumir þeirra hafi verið fluttir í fangelsi.

„Ég held að þetta sé nýtt upphaf fyrir rauðliða,“ segir Kevin Hewison, sérfræðingur um Taíland hjá Norður-Karólíuháskóla í Bandaríkjunum. „Fram undan er harkalegra og grimmilegra tímabil baráttu og ómarkvissari aðgerða. Það er ekki með nokkru móti hægt að sjá fyrir sér að þessu sé að ljúka.“

Herinn réðst á miðvikudagsmorgun til atlögu gegn mótmælendum, sem höfðu komið sér upp búðum í miðborg Bangkok. Leiðtogar mótmælanna tóku ákvörðun um að gefast upp, en þrátt fyrir það blossuðu upp óeirðir í borginni með dauðsföllum og íkveikjum.

Fimmtán manns létu lífið á miðvikudag og yfir hundrað særðust. Alls var kveikt í 40 byggingum, þar á meðal bönkum, kvikmyndahúsi og stórri verslunarmiðstöð. **- gb**



**HREINSAÐ TIL Í BANGKOK** Spenna var yfir borginni í gær þótt ró væri komin á. NORDICPHOTOS/AFP

**SVEITARSTJÓRNARMÁL**

## Árborg kaupir ekki

Sveitarfélagið Árborg hefur ákveðið að kaupa ekki björgunarsveitarmiðstöð sem byggð var þar í bæ. Í Sunnlenska fréttablaðinu segir að Íslandsbanki, eigandi hússins, hafi hafnað tveimur tilboðum Árborgar, sem þá hafi fallið frá þreifingunum.

**BANDARÍKIN**

## Segist vera marxisti

Dalaí Lama, leiðtogi Tíbetbúa, segist enn vera marxisti í anda og fordæmir kapítalismann, sem hafi það markmið eitt að skapa gróða. Þetta sagði hann á blaðamannafundi við upphaf fjögurra daga heimsóknar í New York.

# Picasso og Matisse stolið af safni í París

**Grímuklæddur maður stal í fyrrinótt listaverkum eftir Picasso, Matisse og fleiri þekkta listamenn úr Nútímalistasafninu í París. Verkin eru sögð ómetanleg, en þó metin á nærri 16 milljarða króna. Þjófavarnarkerfi safnsins var bilað.**

**FRAKKLAND, AP** Þjófur hafði á brott með sér fimm dýrmæt listaverk úr Nútímalistasafninu í París í fyrrinótt. Verkin eru meðal annars eftir Picasso og Matisse. Virði þeirra er talið nema nærri 100 milljónum evra, eða um 16 milljörðum króna.

Þjófavarnakerfi í nokkrum sala safnsins hefur verið bilað síðan í lok mars, að því er segir í yfirlýsingu frá Bertrand Delanoe, borgarstjóra í París.

Öryggisfyrirtækið hafði pantað varahluti í þjófavarnakerfið, en þeir höfðu ekki enn borist fyrirtækinu frá framleiðanda.

Á öryggismyndavélum sást einungis einn maður að verki innan veggja safnsins, og var hann grímuklæddur. Ekki er vitað hvort aðrir hafi beðið fyrir utan eða hann haft aðra vitorðsmenn.

„Þetta er stórþjófnaður, á því leikur ekki vafi,“ segir Stephane Thefo, sérfræðingur alþjóðalögreglunnar Interpol sem sér um rannsóknir á alþjóðlegum listaverkaþjófnuðum. „Þessi verk eru ómetanleg.“

Hann sagðist efast um að þjófurinn hafi verið einn að verki, jafnvel þótt aðrir hafi ekki sést á öryggismyndavélum.

Næturvörður í safninu tók eftir því rétt fyrir klukkan sjö í gærmorgun að málverkin voru horfin.

Á svölum fyrir aftan safnið fundust tómir rammar verkanna, en svo virðist sem þjófurinn hafi fjarlægt verkin úr römmunum af mikilli nærgætni. Við svalirnar var brotin rúða, sem þjófurinn virðist hafa farið í gegnum.



**GENGIÐ FRÁ RÖMMUNUM** Þjófurinn virðist hafa gefið sér góðan tíma þegar hann fjarlægði verkin úr römmunum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

**100 millj. €**

Verkin eru meðal annars eftir Picasso og Matisse. Virði þeirra er talið nema nærri 100 milljónum evra, eða um 16 milljörðum króna.

Erfitt hefur reynst að leggja ákveðið mat á verðmæti verkanna, enda þykja þau ómetanleg. Fyrst taldi skrifstofa saksóknara verðmæti þeirra geta numið allt að 500 milljónum evra, en síðar var sú tala lækkuð niður í 90 milljónir.

Christophe Girard, aðstoðarmenningarráðherra Parísarborgar, sagði heildarverðmæti verkanna nema tæplega 100 milljónum.

gudsteinn@frettabladid.is



**EITT VERKANNA** Þetta málverk eftir Amadeo Modigliani er eitt hinna stolnu.


Athafnir eða aðgerðaleysi?

FUNDUR UM HLUTVERK BORGA OG BÆJA VIÐ AÐ KOMA OKKUR ÚT ÚR KREPPUNNI

NORRÆNA HÚSINU

FÖSTUDAGINN 21. MAÍ KL. 16.00

*Hlutverk borga á krepputímum*

Nicolai Wammen borgarstjóri Árósa og varaformaður danska jafnaðarmannaflokksins

*Hlutverk borga í þekkingarhagkerfi framtíðarinnar*

Stefán Ólafsson prófessor við Háskóla Íslands

*Skapandi greinar í Reykjavík - listir, vonir og viðskipti*

Margrét S. Sigurðardóttir lektor við Háskóla Íslands

*Reykjavík þarf að taka forystu*

Dagur B. Eggertsson oddviti Samfylkingarinnar í Reykjavík og varaformaður

Að loknum framsögum verða umræður og fyrirspurnir.

Fundarstjóri Oddný Sturludóttir borgarfulltrúi



ALLIR VELKOMNIR

www.xs.is



Blaðberinn bíður þín

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 9-17.



Blaðberinn... ...góðar fréttir fyrir umhverfið


Krakkar á Akureyri efndu til tombólu í þágu bænda undir Eyjafjöllum:

# Hjálpa bændum í öskuskýi

**LÍKNARMÁL** „Þetta gekk bara framar björtustu vonum og krakkarnir eru himinlifandi, enda búnir að standa sig eins og hetjur,“ segir Sif Árnadóttir, móðir Marisol Árnýjar og Michaels Adams Amador, sem ásamt Silju Maren Björnsdóttur, vinkonu þeirra, efndu til tombólu á Akureyri í gær til styrktar bændum undir Eyjafjöllum. Marisol er níu ára, Michael Adam fimm ára og Silja Maren sjö ára.

Hugmyndin kviknaði á þriðjudag þegar krakkarnir höfðu frétt af vandræðum bænda undir Eyjafjöllum vegna öskugossins úr Eyjafjallajökli. „Þau vildu leggja þeim lið með einhverjum hætti og ákváðu að halda tombólu og byrjuðu strax að safna. Það gekk ótrúlega vel og fjölmargir létu hluti af hendi rakna.“

Tombólan hófst klukkan tvö í gær við kjörbúðina Hrísalund og krakkarnir voru enn að klukkan sex síðdegis í gær. „Ég hef ekki haft tök á því að telja innkomuna en hún hleypur á tugum þúsunda,“ segir Sif. Peningarnir sem söfnuðust ganga til Rangárvallardeildar Rauða krossins, sem sér um að úthluta þeim þar sem þörf er á. „Það hefur gengið svo vel að við eigum ábyggilega eftir að endurtaka leikinn áður en langt um líður,“ segir Sif. **- bs**



**VASKIR KRAKKAR** Marisol, Silja og Michael ásamt Sæmundi og Gunnari, vinum þeirra, sem lögðu þeim lið í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN





# Símaskráin 2010 komin út

# Þitt eintak bíður

FULLKOMIN GÖTUKORT

UPPLÝSINGAR UM BÆJAR- OG MENNINGARHÁTÍÐIR 2010

YFIR 2.000 VÖRU- OG ÞJÓNUSTUFLOKKAR

Símaskráin 2010 er komin út. Á höfuðborgarsvæðinu bíður þín eintak í verslunum Símans og Vodafone, í verslunum Krónunnar og á bensínstöðvum Olís og Skeljungs. Á landsbyggðinni er hægt að nálgast eintak hjá Póstinum og í verslunum Símans og Vodafone. Já er svarið.

ÍSLENSKA SIA.IS / JAA 49139 05/2010

## VEISTU SVARIÐ?



1. *Hvað ætla hrefnuveiðimenn að nýta í fyrsta skipti í sumar?*
2. *Hvað heitir olíufélagið sem lengi var í eigu Rússans Mikhaíls Khodorkovskí?*
3. *Hvaða listi mældist með hreinan meirihluta á Ísafirði í nýrri skoðanakönnun?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 38

Stórvirkar vinnuvélar notaðar í baráttunni við vatnsflauminn:

# Vörðu mannvirki fyrir eðjuflóði

**HAMFARIR** Stórvirkar vinnuvélar voru notaðar í gær til að verja mannvirki fyrir flóðinu í Svaðbælisá undir Eyjafjöllum. Fyrir hádegi tók að rigna og óx í ánni að sama skapi, að sögn Ólafs Eggertssonar bónda á Þorvaldseyri.

„Það er mjög mikið í ánni og stöðugt rennsli,“ sagði hann síðdegis í gær. „En þetta er ekki eins þykkur korgur og í gær. Menn börðust í gær við að halda ánni í farveginum svo að hún flæddi ekki yfir þjóðveginn eða kæmist að húsinu á Lambafelli, en hún rennur nærri því.



**SVAÐBÆLISÁ** Áin ruddist kolgrá fram í fyrradag þegar eðjuhlaup kom í hana.

„Efnið sem runnið hefur niður af jöklinum fyllir farveginn og þá hækkar í ánni,“ útskýrði Ólafur.

Flóðið væri vatnskenndara en áður og rynni greiðar fram. Síðdegis í gær hafði heldur dregið úr rigningunni á svæðinu.

Spurður um sýnina til jökulsins sagði Ólafur að ekkert glitti í hann vegna þoku sem næði niður í miðjar hlíðar. Ekkert heyrðist heldur til hans.

„En svart er að líta til fjalla, alveg kolbikasvart,“ bætti Ólafur við og sagði svifrykið hafa kvalið fólkið á svæðinu mest, því þegar það væri í loftinu væri ekki viðlit að vera úti við, hvorki fyrir menn né skepnur. **- jss**

Hvergerðingar mótmæla:

## Segja veggjöld óásættanleg

**HVERAGERÐI** Bæjarstjórn Hveragerðis lýsir furðu sinni á því að í samgönguáætlun Alþingis sé ekki gert ráð fyrir framlagi til Suðurlandsvegar heldur eigi að horfa til aðkomu lífeyrissjóðanna. Komið hafi fram að arður lífeyrissjóðanna ætti að felast í veggjöldum.

Bæjarstjórnin telur að veggjöld séu óásættanleg mismunun gagnvart íbúum sem margir hafa sest að fyrir austan fjall í þeirri trú að suðvesturhornið væri eitt atvinnusvæði. **- gar**

Reykjavík Grapevine:

## Segja Beaty hafa sagt ósatt

**VIRKJANIR** Ross J. Beaty, forstjóri Magma Energy, er sagður hafa sagt blaðamönnum tímaritsins Reykjavík Grapevine ósatt um fyrirætlanir fyrirtækisins hér á landi.



ROSS J. BEATY

Beaty sagði í viðtali við Grapevine 16. september 2009 að fyrirtæki hans hefði engan áhuga á að eignast meirihluta í HS orku. „Ég hef engan áhuga á að kljást við Íslendinga, allra síst ríkisstjórnina, um hvað sé eðlileg orkustefna í landinu.“ Þá hafi hann sagt Ísland spennandi fjárfestingarkost, óháð efnahagslægðinni, og hann væri ekki að nýta sér ástandið hér. Í viðtali við fjárfestingarblaðið Hera Research Monthly hafi hann hins vegar sagt að ógjörningur hefði verið að fjárfesta á Íslandi ef ekki hefði verið fyrir efnahagshrunið. **- kóp**

Íslenskt vatn vekur lukku:

## Hilton-keðjan velur íslenskt

**IÐNAÐUR Hótelkeðjan Hilton Worldwide hefur ákveðið að íslenska flöskuvatnið Icelandic Glacial verði í hávegum haft á meira en 750 hótelum sínum um víða veröld.**

**Íslenska vatnið, sem fyrirtækið Icelandic Water Holdings ehf. framleiðir, þótti bera af öðrum vatnstegundum eftir að gerðar höfðu verið ítarlegar prófanir á gæðum frá mörgum framleiðendum.**

**Jón Ólafsson, framkvæmdastjóri fyrirtækisins, segist afar stoltur af niðurstöðunni.** **- gb**

# Eigendur sumarhúsa svara með sóðaskap

**Gámar á vegum Bláskógabyggðar hafa verið fjarlægðir úr sumarhúsahverfum. Ósáttir sumarhúsaeigendur hafa kært og henda áfram rusli á gömlu gámastæðin í stað þess að fara með það á móttökustöðvar. Sorglegt, segir sveitarstjórinn.**

**UMHVERFISMÁL** „Það er einfaldlega sorglegt að nokkur maður finni sig í því að henda rusli á víðavangi,“ segir Valtýr Valtýsson, sveitarstjóri Bláskógabyggðar, þar sem menn glíma nú við að rusl er skilið eftir þar sem áður voru gámar.

Þar til í vetur hélt sveitarfélagið úti ruslagámum víðs vegar í Bláskógabyggð. Valtýr segir að eftir að öll heimili sveitarfélagsins voru „tunnuvædd“ í fyrrahaust hafi umræddir gámar verið fjarlægðir í febrúar. Það hafi verið gert að lokinni rækilegri kynningu. Settar hafi verið upp afgirtar og mannaðar móttökustöðvar á fjórum stöðum sem opnar séu á tilteknum tímum. Hann ítrekar að samtímis breytingunni hafi sveitarfélagið hætt að innheimta sorphirðugjald og taki nú aðeins eyðingargjald vegna frístundahúsa.

Júlíus Sigurbjörnsson, formaður Félags sumarhúsaeigenda í Efstadal, segir sumarhúsaeigendur þar um kring einfaldlega vera „kolvitlausa“ vegna málsins. Þeir hafi með atbeina Landssambands sumarhúsaeigenda kært Bláskógabyggð til umhverfisráðuneytisins fyrir vinnubrögðin. „Ég held að allflestir séu fylgjandi því að flokka sorpið en opnunartíminn er skelfilegur og hentar ekki svo stór hluti af fólkinu endar með því að fara ruslið heim til sín,“ segir Júlíus.

Valtýr sveitarstjóri segir Bláskógabyggð vinna samkvæmt landsáætlun um meðhöndlun sorps. Þar séu ákvæði um að minnka beri urðun og auka endurvinnslu og endurnýtingu.




**VIÐ BÖÐMÓÐSSTAÐI** Sumarhúsaeigendur mótmæla með því að halda áfram að henda rusli hér þótt enginn sé gámurinn og bannað sé að skilja eftir úrgang á staðnum. FRÉTTABLAÐIÐ/GARÐAR

> Ég held að allflestir séu fylgjandi því að flokka sorpið en opnunartíminn er skelfilegur og hentar ekki svo stór hluti af fólkinu endar með því að fara ruslið heim til sín.
>
> **JÚLÍUS SIGURBJÖRNSSON**
> FORMAÐUR SUMARHÚSAEIGENDA

Þess vegna þurfi að flokka rusl ítarlegar en áður og það gangi ekki í eftirlitslausum gámum um allar grundir.

„Við höfum ætlast til þess af sumarhúseigendum að þeir komi sér upp sorpílátum á sínum svæðum,“ segir Valtýr en Júlíus segir það of dýrt fyrir svæði með fáum húsum og gagnrýnir sveitarstjórnina fyrir ósveigjanleika. „Það virðist eiga að laga okkur að skipulagi sveitarfélagsins en ekki laga sveitarfélagið að þeim sem það á að þjóna,“ segir Júlíus. Hann bendir á að eftir breytinguna hendi sumir í „mótmælaskyni“ enn þá rusli þar sem gámarnir voru áður. „Þeir sem ekki þekkja til halda svo að þetta sé viðeigandi og bæta bara á.“

Júlíus kveðst ekki vilja tjá sig um þá sem henda ruslinu vísvitandi þar sem það er bannað en Valtýr segir það hins vegar vera „harmleik“ viðkomandi einstaklinga. „Þetta eru sjálfsagt einhvers konar mótmæli. Auðvitað reynum við eftir fremsta megni að hirða þetta síðan upp svo þetta fjúki ekki um allt og sé til vansa í umhverfinu,“ segir sveitarstjórinn.

gar@frettabladid.is

Síbrotamaður í fangelsi:

## Tvö og hálft ár fyrir ótal afbrot

**DÓMSMÁL Hæstiréttur hefur staðfest tveggja og hálfs árs fangelsisdóm yfir 46 ára síbrotamanni, Guðmundi Jakobi Jónssyni, fyrir ótal afbrot framin á árunum 2008 og 2009.**

**Ákæran á hendur honum var alls í 34 liðum, meðal annars fyrir rán, fjársvik, þjófnaði, líkamsárás og fíkniefna- og umferðarlagabrot. Hann var sakfelldur fyrir 33 af ákæruliðunum í héraðsdómi og 32 í Hæstarétti.**

**Guðmundur á langan sakaferil að baki, og hefur frá árinu 1990 hlotið fjórtán refsidóma fyrir ýmis afbrot.** **- sh**

Rannsókn á lífrænni ræktun:

## Fuglar velja sér síður lífrænt

**VÍSINDI** Rannsókn vísindamanna við háskólann í Newcastle hefur leitt í ljós að fuglar velja síður lífrænt ræktað korn ef hefðbundið korn er einnig í boði.

Niðurstöður rannsóknarinnar, sem stóð yfir í þrjú ár, ætti að vera fólki umhugsunarefni nú þegar áherslan á lífrænt ræktaðan mat eykst dag frá degi, segir líffræðingurinn Ailsa McKenzie, sem stýrði rannsókninni.

Hún rekur áhugaleysi fuglanna á lífrænt ræktuðu korni til þess að prótíninnihald í því sé minna en í hefðbundnu korni. Fuglarnir vilji sem prótínríkastan mat og velji því hefðbundið korn. **- bj**

**BRETLAND**

### Verkfallsbann úr gildi

Áfrýjunardómstóll í Bretlandi hefur fellt úr gildi bann við verkfalli flugfreyja hjá British Airways. Flugfreyjur geta því hafið fimm daga verkfall sem þær hafa boðað að hefjist næsta mánudag.





**15%** AF ÖLLUM GARÐHÚSGÖGNUM

Margarita **999kr** ~~1.499~~

Sólboði **699kr** ~~999~~

# SUMARHÁTÍÐ

## BRJÁLUÐ TILBOÐ Í BLÓMAVALI OG HÚSASMIÐJUNNI





**22.990**

Omega 200
6.2Kw
Grillflötur 48x36 sm
Tvískiptur brennari
Flame tamer hlíf yfir brennara.
Emeleruð grillgrind
Hitagrind, hliðarborð, neistakveikja, þrýstijafnari.
3000235



**29.990**

Rafmagnssláttuvél B&D
35 ltr. safnara, 1200 W.
Miðlæg hæðarstillling.
34 sm sláttubreidd
5085134

BLACK & DECKER





3 ltr. **2.490**

Vinsælasta **pallaolía** á Íslandi

Jotun pallaolía 3 ltr.
Vinsælasta pallaolían á Íslandi.
7049123-33-37



**20%** AF ÖLLUM BÚSÁHÖLDUM

**15%** AF ÖLLUM REIÐHJÓLUM, HJÁLMUM OG STÓLUM

**Gildir til 24. maí**

Timburmiðstöð Grafarholti opið til 18:00 alla daga
Verslun Skútuvogi, opið til 21:00 alla daga

Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl.

**Látum verkin tala!**

blómaval

HÚSASMIÐJAN



**HJÓLREIÐAR FATLAÐRA HERMANNA** Fyrrverandi bandarískur hermaður við upphaf þriggja daga hjólreiðakeppni fatlaðra hermanna frá Los Angeles til San Diego. NORDICPHOTOS/AFP

Karlmaður um sextugt misnotaði ungan þroskaskertan dreng um tveggja ára skeið:

# Refsing yfir barnaníðingi var milduð

**DÓMSMÁL** Hæstiréttur hefur dæmt Jón Sverri Bragason, karlmann um sextugt, til þriggja og hálfs árs fangelsisvistar fyrir kynferðisbrot gegn þroskaskertum dreng. Jafnframt var honum gert að greiða dregnum eina og hálfa milljón króna í bætur.

Drengurinn var á aldrinum þrettán til timmtán ára þegar Jón Sverrir braut gegn honum.

Jón Sverrir tældi piltinn til kynmaka með því að notfæra sér þroskaskerðingu hans, reynsluleysi hans af kynlífi og tölvufíkn, en Jón Sverrir greiddi drengnum fyrir kynmökin með tölvuleikjum og peningum.

Héraðsdómur Reykjavíkur hafði dæmt Jón Sverri í fjögurra ára fangelsi. Hæstiréttur mildaði því refsinguna. Leit dómurinn til þess að hluti brotanna varðaði við þriðju málsgrein 202. greinar hegningarlaga en refsimörk hennar eru mun lægri en samkvæmt fyrstu málsgrein sömu greinar.

Hæstiréttur fjallaði í dómi sínum um tafir sem urðu á málinu og taldi skorta viðhlítandi skýringu á þeim. Tafir urðu á því að málið væri sent ríkissaksóknara eftir að rannsókn þess lauk og gerð málsgagna dróst í rúma átta mánuði.

Jón Sverrir Bragason fór sjálfur fram á að málinu yrði áfrýjað til Hæstaréttar til sýknu eða mildunar refsingar. Ákæruvaldið fór hins vegar fram á þyngingu refsingarinnar. - jss



**HÆSTIRÉTTUR** Dómurinn leit meðal annars til þess að dregist hafði í rúma átta mánuði að ljúka gerð dómsgagna.






# Sæstrengur kostar nærri 350 milljarða

**Gróf áætlun gerir ráð fyrir að heildarkostnaður við sæstreng fyrir rafmagn héðan til Bretlands nemi 2.669 milljónum Bandaríkjadala. Hugmyndir eru um að leggja einnig streng til Grænlands. Orkuverð fer hækkandi, segir Landsvirkjun.**

**IÐNAÐUR** Í frumhagkvæmnisathugun á lagningu sæstrengs fyrir rafmagn frá Íslandi um Færeyjar til Bretlands er ráð fyrir því gert að fjárfesting í verkefninu skili sér til baka á fjórum til fimm árum, eftir þróun raforkuverðs.

Í athuguninni, sem Andreas Borsos, ráðgjafi sænska iðnfyrirtækisins ABB, vann, er gert ráð fyrir að heildarkostnaður við lagningu slíks strengs og uppsetningu búnaðar honum tengdur nemi sem svarar 347 milljörðum króna. Nokkuð bjartsýn tímaáætlun gerir ráð fyrir að þrjú til fjögur ár taki að koma upp endabúnaði fyrir kapalinn eftir að skrifað hefur verið undir samninga um verkið.



**MORGUNFUNDUR ARION BANKA** Ásgeir Jónsson, forstöðumaður greiningardeildar Arion banka, flytur erindi sitt en við töku svo þeir sem sitja í fremstu röð, (frá hægri) Hörður Arnarson, forstjóri Landsvirkjunar, Alf Persson og Andreas Borsos frá ABB í Svíþjóð. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Fjallað var um framtíð orkugeirans á Íslandi á ráðstefnu sem Arion banki stóð fyrir í gær. Þar sagði Ásgeir Jónsson, forstöðumaður greiningardeildar bankans, að orkugeirinn hafi ratað í nokkrar ógöngur á 21. öld. Hann áréttaði að við mat á þjóðhagslegum ávinningi stóriðjustefnu skipti mestu máli orkuverð til almennings, tímasetning framkvæmda og hagnaður orkufyrirtækjanna. „Þjóðhagslegur ávinningur af stóriðju felst í orkusölunni. Því hærra verð sem fyrir orkuna fæst, þeim mun meiri þjóðhagslegur ábati.“ Hann segir nauðsynlegt að líta á orkugeirann sem sjálfstæða og arðbæra atvinnugrein. „Ekki hækju til að búa til störf og útflutningstekjur í iðnaði.“ Markmiðið eigi ekki að vera að bjóða ódýra orku heldur dýra vistvæna orku. Þá verði fjármögnun framkvæmda að byggja á því lánshæfi sem verkefnin sjálf skapa, ekki ábyrgð hins opinbera.

Ásgeir sagðist telja að í heildina yrðu áhrif af sæstreng til orkuflutnings mjög jákvæð, en þau kæmu misjafnlega fram. Fyrirséð væri að orkuverð til almennings myndi hækka töluvert, orkufyrirtæki myndu hagnast gífurlega, nýting auðlindarinnar yrði auðveldari og markvissari og útflutningstekjur landsins myndu aukast verulega. Tap neytenda gæti hið opinbera svo bætt með lægri sköttum, eða jafnvel niðurgreiðslu á orku í smásölu.

Ásgeir benti einnig á að á Grænlandi væru gífurlegir virkjanamöguleikar. „Nágranni okkar fyrir norðan er risastór ísmoli sem er að bráðna.“ Með því að leggja sæstreng þangað líka yrðu til enn frekari möguleikar í orkusölu.

Í máli Harðar Arnarsonar, forstjóra Landsvirkjunar, kom fram það mat að fyrirséð væri að orkuverð í heiminum kæmi til með að halda áfram að hækka um ófyrirséðan tíma, auk þess sem samningsstaða orkufyrirtækja gagnvart stóriðjufyrirtækjum hafi gjörbreyst til batnaðar síðasta áratug. Endurnýjunarþörf orkuvera og kröfur Evrópusambandsins um vistvæna orku segir hann að þrýsti á hærra verð. Í Evrópu segir hann orkuverð jafnframt mjög sveiflukennt og því vænlegt með tilkomu strengs að selja vistvæna orku háu verði á álagstímum. Á öðrum tímum mætti svo jafnvel flytja orku til baka með ávinningi þannig að útflutningurinn myndi jafnast út. olikr@frettabladid.is






## Kapalmetrinn er 70 kíló – Í tenginguna þarf 294 þúsund tonn

Svíarnir Alf Persson, framkvæmdastjóri HVDC orkukerfa hjá sænska iðnfyrirtækinu ABB, og Andreas Borsos, rágjafi ABB í Svíþjóð, kynntu á fundi Arion banka um framtíð orkugeirans hér hagkvæmnisathugun vegna lagningu rafmagnssæstrengs héðan til Evrópu og um leið tæknilegar upplýsingar um slíka sæstrengi.

ABB er í fremstu röð fyrirtækja sem annast framleiðslu og lagningu sæstrengja, auka endabúnaðar spennustöðva sem til þarf við hvorn enda sæstrengsins. Borsos hafði unnið grunn að hagkvæmnisathugun, en mæltist til þess að lagt yrði í kaup á ítarlegri athugun áður en ráðist yrði í verkið. Slík könnun yrði alltumlykjandi og kostaði tvær milljónir Bandaríkjadala (yfir 250 milljónir króna) og taka hálft ár.

Sá kostnaður er þó sem dropi í hafið horft til heildarkostnaðar við verkið, en hann myndi samkvæmt áætlun Borsos nema rúmum 2,7 milljörðum Bandaríkjadala, eða tæpum 350 milljörðum króna.

Forsendurnar sem Borsos gaf sér í þessu frummati eru fremur hráar, til að mynda um flutningsgetu búnaðarins, sem hann gerði ráð fyrir að yrði 2.000 megavött. Uppsett afl hér á landi nemur nú um 2.500 megavöttum og væntanlega fjarlæg framtíð að flytt yrði slíkt magn orku úr landi. Heimildir blaðsins herma að í áætlunum sem Landsvirkjun hefur látið gera sé gert ráð fyrir mun minni flutningsgetu, eða sjö til átta hundruð megavöttum.

Þá á eftir að horfa til ýmissa þátta, svo sem mögulegs framlags Evrópusambandsins til niðurgreiðslu kostnaðar við lagningu strengsins, líkt og gert hefur verið annars staðar í Evrópu til að stuðla að auknum samtengingum á evrópskum orkumarkaði og bættri orkunýtingu í kerfinu.

Komi til lagningar sæstrengs frá Íslandi til Evrópu verður það lengsti slíki strengur í heimi, lagður um 2.100 kílómetra vegalengd. Heimsmethafinn í lengd er nú strengur frá Feda í Noregi yfir til Eemshaven í Hollandi, en hann er 580 kílómetra langur. Í kynningu Alfs Persson kemur fram að sá strengur skili mikilli hagræðingu í báðum löndum, auk þess sem metinn sparnaður útblásturs gróðurhúsalofttegunda sé nærri 1,7 milljón tonn á ári hverju. Orka sem tapist í flutningnum sé ekki nema 3,7 prósent. - óká



**KAPALL LAGÐUR** Leggja þyrfti sæstreng 2.100 kílómetra leið til að tengja Ísland Evrópu. MYND/ABB




# Og nú góðu fréttirnar!

## Verðlækkun á veiðigræjum



DAM öndunarvöðlu-pakki – DAM önd-unarvöðlur og skór með filtsóla. Frábært verð. **Tilboðsverð aðeins 29.995**



DAM neopren-vöðlupakki - DAM neoprenvöðlur og vatnsheldur veiði-jakki á ótrúlegu tilboði. **Aðeins 28.995**



RT neoprenvöðlupakki – Ron Thopmson neoprenvöðlur og vatns-heldur veiðijakki með útöndun. **Alklæðnaður í veiðina á aðeins 26.995.**



DAM fleece undirfatasett á frábæru verði. **Treyja og buxur á aðeins 9.995**



DAM Taslan vöðlur – Léttar og sterkar vöðlur með áföstum stígvél-um. Belti fylgir. Ódýrustu vöðlurnar í bænum? **Tilboðsverð aðeins 8.995**



Scierra tvíhendupakki – 4ra hluta stöng, skothaus, running lína, undirlína, sökktaumur og vandað hjól. DVD kastkennsla og veiðihúfa í kaupbæti.
**Vandaður tvíhendupakki á frábæru verði. Aðeins 49.995**



Scierra einhendupakki – 4ra hluta stöng, góð flotlína, undirlína, taumur og vandað hjól. DVD kastkennsla og veiðihúfa í kaupbæti.
**Vandaður pakki á góðu verði. Aðeins 29.995.**



Okuma og DAM veiðihjól í úrvali.
**Verð frá 3.995 fyrir hjól með línu**



DAM vöðlutaska.
**Aðeins 3.995 með keyptum vöðlum á meðan birgðir endast**



Hnífasett í veiðina. Stál og hnífar ásamt bretti í plasttösku. **Aðeins 5.995**



Ormar og makríll. Beitan í veiðiferðina fæst í Sportbúðinni



RT NyloStretch vöðlur – Léttar og sterkar vöðlur með áföstum stígvélum. **Tilboðsverð aðeins 12.995**



Scierra CC3 vöðlupakki – Vandaðar 3ja laga önd-unarvöðlur og skór með filtsóla. **Tilboðsverð aðeins 39.900**



Scierra CC4 vöðlupakki – Sterkar 4ra laga önd-unarvöðlur og skór með filtsóla. **Tilboðsverð aðeins 49.900**



Scierra CC6 vöðlupakki – Sterkar 6laga öndunarvöðlur og skór með filtsóla. **Tilboðsverð aðeins 59.900**

SPORTBÚÐIN





VEIÐIHORNIÐ

Munið vinsælu gjafabréfin okkar

**Sportbúðin • Krókhálsi 5 • 517 8050 • Veiðihornið • Síðumúla 8 • 568 8410**
**veidihornid.is • sportbudin.is**




Allsherjarverkfall í Grikklandi:

## Þúsundir mótmæla í Aþenu

**GRIKKLAND, AP** Um tuttugu þúsund manns tóku þátt í mótmælaaðgerðum í Aþenu í gær, þegar fjórða allsherjarverkfall landsins á þessu ári hófst.

Verkalýðsfélög og almenningur mótmæla harkalegum sparnaðaraðgerðum stjórnvalda, sem að nokkru eru kröfur evruríkjanna og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.

Verslunareigendur og embættismenn borgarinnar bjuggu sig undir átök í miðbænum, meðal annars með því að byrgja rúður verslana. Sautján hundruð manna lögreglulið var sent á vettvang. **- gb**



**MÓTMÆLA NIÐURSKURÐI** Íbúar Aþenu fjölmenntu í miðbænum. NORDICPHOTOS/AFP

Hæstiréttur stórþyngdi dóm:

## Fangelsi í tvö ár og miskabætur

**DÓMSMÁL** **Hæstiréttur þyngdi í gær dóm yfir fertugum Bandaríkjamanni vegna blygðunarsemisbrots gegn konu á Hótel Borg í fyrra. Hæstiréttur dæmdi manninn í tveggja ára fangelsi en héraðsdómur hafði áður dæmt manninn í hálfs árs fangelsi.**

**Maðurinn hafði samræði við konuna á dimmu hótelherbergi. Konan hélt að um væri að ræða annan mann, sem hún hafði fáeinum mínútum áður haft samræði við. Konunni voru dæmdar 800 þúsund í miskabætur.** **- jss**

# Lekinn reynist meiri

**Reynt verður að stöðva olíulekann í Mexíkóflóa um helgina. Hann hefur borist í nokkru magni á land og óttast er um viðkvæmt lífríkið við strendurnar.**

**BANDARÍKIN, AP** Olíufélagið BP hefur viðurkennt að olíulekinn í Mexíkóflóa sé meiri en fyrirtækið hefur hingað til gefið upp. Olía hefur nú borist upp á votlendið við strendur Louisiana, auk þess sem hún er byrjuð að berast út í hafstrauma sem flytja hana út á opið haf austur með Flórídaskaga.

Mark Proegler, talsmaður fyrirtækisins, segir að inn í olíurör sem sett var inn í opna olíuleiðslu um helgina streymi nú um fimm þúsund tunnur af olíu á dag. Þetta er einungis hluti af lekanum, en til þessa hefur fyrirtækið haldið því fram að heildarlekinn nemi fimm þúsund tunnum á dag.

Bandaríkjastjórn hefur verið gagnrýnd fyrir að treysta um of á upplýsingar frá BP. Ken Salazaar innanríkisráðherra sagði í gær að stjórnin muni nú láta eigin vísindamenn kanna lekamagnið.

Reynt hefur verið að hamla útbreiðslu olíunnar með flotgirðingum og með því að safna saman olíu og brenna hana undir eftirliti.

Um helgina á að reyna að stöðva lekann með því að pumpa þungri leðju og síðan steinsteypu ofan á olíuleiðsluna á hafsbotni.

Olía tók að streyma út í hafið eftir að sprenging varð í olíuborpalli fyrir mánuði. Ellefu manns fórust.



**OLÍA BRENND Á MEXÍKÓFLÓA** Óttast er að olían berist í auknum mæli inn á viðkvæm votlendi við strendur Mexíkóflóa. NORDICPHOTOS/AFP

Til þessa hefur að mestu tekist að koma í veg fyrir að olían berist á land, en nú í vikunni fannst nokkurt magn suðaustast í Louisiana. Bobby Jindal ríkisstjóri sagði að þetta væri aðeins útjaðar lekans, sem gæti valdið gríðarlegu tjóni í viðkvæmu lífríki votlendisins við ósa Mississippifljótsins. Þar eru fágætar dýra- og fuglategundir auk fjölskrúðugs sjávarlífs sem nú er stofnað í hættu.

**gudsteinn@frettabladid.is**



Fann fíkniefni í Hafnarfirði:

# Fíkniefnasali var handtekinn

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan fann fíkniefni við húsleit í fjölbýlishúsi í Hafnarfirði í fyrrakvöld. Um var að ræða kannabisefni sem voru ætluð til sölu. Karlmaður á þrítugsaldri var handtekinn og játaði hann aðild sína að málinu.

Fyrrnefnd aðgerð er liður í að hamla gegn sölu og dreifingu fíkniefna en sem fyrr minnir lögreglan á fíkniefnasímann 800-5005. Í hann má hringja nafnlaust til að koma á framfæri upplýsingum um fíkniefnamál. **- jss**

Grannt fylgst með þróuninni í forkosningum stjórnmálaflokkanna vestanhafs:

# Stuðningur Baracks Obama fælir frá

**BANDARÍKIN, AP** Úrslit nokkurra forkosninga bandarísku stjórnmálaflokkanna benda til þess að mikil uppstokkun sé í vændum í þingkosningunum þar vestra næsta haust.

Forkosningar voru í fjórum ríkjum Bandaríkjanna á þriðjudag, en helstu tíðindin þar voru forkosningar demókrata í Pennsylvaníu, þar sem Arlen Spector náði ekki kjöri, en hann var talinn eiga nokkuð öruggt þingsæti í öldungadeildinni eftir þrjátíu ára setu þar.

Stuðningur Baracks Obama forseta við Specter hafði þar engin áhrif á kjósendur, sem þykir benda til þess að staða forsetans meðal almennings sé orðin nokkuð veik. Í Kentucky tapaði annar þungavigtarmaður í pólitíkinni, repúblikaninn Trey Greyson, fyrir nýliðanum Rand Paul sem hefur verið fyrirferðarmikill í teboðshreyfingu Söruh Palin, fyrrverandi varaforsetaframbjóðanda flokksins.

Fréttaskýrendur hafa túlkað úrslitin þannig að nýliðar í flokkunum eigi almennt meiri möguleika í ár en þeir sem hafa verið áhrifamenn innan flokkanna til lengri tíma.

Forkosningar halda áfram næstu vikurnar en þingkosningarnar verða haldnar 2. nóvember. **- gb**



**ARLEN SCPECTER ÁSAMT EIGINKONU SINNI** Náði ekki kjöri þrátt fyrir eindreginn stuðning forsetans. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**Í SEYÐISFJARÐARHÖFN** Athena lagði að bryggju í gær með 500 farþega. MYND/ALLA

Skemmtiferðaskipin koma:

# Fyrsta skipið til Seyðisfjarðar

**FERÐAMÁL Fyrsta skemmtiferðaskip sumarsins lagðist að bryggju við Strandarbakka hér á Seyðisfirði í gær. Með skipinu eru rúmlega 500 farþegar.**

**Gestirnir fóru fyrst í Skálanes, menningar- og náttúrusetur sem stendur út við mynni Seyðisfjarðar. Þá var Borgarfjörður eystri sóttur heim þar sem farið var í gönguferðir um bæinn með leiðsögn.**

**Sumir völdu að fara ekki í skipulegar ferðir og gengu þess í stað um bæinn og náttúruna.** **- shá**

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Sparkaði í andlit lögreglu

Ríkissaksóknari hefur ákært karlmann um fimmtugt fyrir að sparka í andlit lögreglumanns. Atvikið átti sér stað á síðasta ári í lögreglubifreið á bifreiðaplani við Álfaskeið í Hafnarfirði.




ENDURNÝJUN OG VIÐHALD
Löggiltur rafverktaki
Sími:
553 5600
rafsol@rafsol.is
RAFSÓL
Skúlagata 30 • 101 Reykjavík
Sími 553 5600 • rafsol@rafsol.is

# Starfsemi Sameinaða lífeyrissjóðsins 2009

**Árið 2009 var að ýmsu leyti hagfellt sjóðnum en afleiðingar bankahrunsins í október 2008 höfðu þó enn veruleg áhrif á afkomu ársins.**

**Hrein eign sjóðsins óx um tæpa 9 milljarða króna á árinu og var 99,2 milljarðar í lok ársins. Nafnávöxtun Sameinaða lífeyrissjóðsins var 7,1% á árinu 2009, sem jafngildir 1,4% neikvæðri raunávöxtun. Staða stærstu fyrirtækja á Íslandi sem skráð voru í kauphöll reyndist enn verri en ætlað var fyrir ári og eru flest þeirra nú gjaldþrota eða í nauðasamningum. Það leiddi til 4,6 milljarða króna viðbótar varúðarniðurfærslu á verðbréfaeign sjóðsins á árinu. Hins vegar vegur nokkuð á móti í ávöxtun eigna sjóðsins á árinu að erlendir hlutabréfamarkaðir tóku vel við sér.**



## Helstu kennitölur

| | 2009 | 2008 |
|---|---|---|
| Heildariðgjöld | 5.032 millj. kr. | 5.926 millj. kr. |
| Heildarlífeyrisgreiðslur | 3.818 millj. kr. | 2.710 millj. kr. |
| Nafnávöxtun | 7,1% | -9,8% |
| Raunávöxtun | -1,4% | -22,5% |
| Raunávöxtun sl. 5 ára (árlegt meðaltal) | -0,9% | 0,7% |
| Raunávöxtun frá stofnun sjóðsins, 1992 (árlegt meðaltal) | 3,5% | 3,8% |
| Rekstrarkostnaður | 119 millj. kr. | 119 millj. kr. |
| Rekstrarkostnaður sem hlutfall eigna | 0,12% | 0,13% |
| Fjárfestingartekjur | 7.046 millj.kr. | - 9.195 millj. kr. |
| Hrein eign til greiðslu lífeyris | 99.208 millj.kr. | 90.474 millj. kr. |
| Tryggingafræðileg staða | -9,7% | -13% |
| Fjöldi virkra sjóðfélaga | 10.550 | 12.213 |
| Fjöldi lífeyrisþega | 4.849 | 4.610 |
| Fjöldi stöðugilda | 16 | 16 |

## Eignasamsetning Sameinaða lífeyrissjóðsins í árslok 2008 og 2009




ENNEMM / SÍA / NM41792

## Tryggingafræðileg staða – tillaga um lækkun áunninna lífeyrisréttinda

Í árslok 2009 var tryggingafræðileg staða sjóðsins neikvæð um 9,7%. Í stað þess að mæta þessum halla með því að skerða réttindi strax sem honum nemur hefur stjórn sjóðsins ákveðið, að höfðu samráði við tryggingastærðfræðing sjóðsins, að leggja fyrir ársfund tillögu um lækkun áunninna lífeyrisréttinda sjóðfélaga um 3,5% frá og með 1. júlí 2010 og aftur um 3,5% frá og með 1. desember 2010.

Lífeyrisréttindi og lífeyrisgreiðslur fylgja eftir sem áður vísitölu neysluverðs. Sé horft til spár Seðlabanka Íslands um vísitölubreytingu til loka árs 2010 má ætla að lífeyrisgreiðslur lækki lítið í krónum talið, miðað við það sem lífeyrisþegar fengu greitt í upphafi árs – að því gefnu að tillagan verði samþykkt. Samþykki ársfundur tillögu sjóðstjórnar verður tryggingafræðileg staða Sameinaða lífeyrissjóðsins neikvæð um 5,5%, miðað við stöðu um sl. áramót.

## Séreignardeild

Ávöxtun séreignarsparnaðar sjóðsins var ágæt á síðasta ári eins og taflan sýnir.

| | Innlánsleið | Aldursleið 1 | Aldursleið 2 | Aldursleið 3 | Aldursleið 4 |
|---|---|---|---|---|---|
| Nafnávöxtun 2009 | 15,3% | 23,0% | 21,3% | 18,4% | 17,3% |
| Raunávöxtun 2009 | 6,1% | 13,2% | 11,7% | 9,0% | 8,0% |
| Raunávöxtun sl. 5 ár | | 2,8% | 3,2% | 2,2% | 2,1% |

Alls voru eignir séreignardeildar 4.463 millj. króna í árslok 2009. Lífeyrisgreiðslur úr deildinni jukust á árinu vegna laga um tímabundna heimild til úttektar séreignar og námu 755 millj. króna samanborið við 106 millj. króna árið 2008. Hins vegar stóð fjöldi virkra iðgjaldagreiðenda til séreignardeildar nánast í stað milli ára.

## ÁRSFUNDUR 2010

**Ársfundur sjóðsins verður haldinn fimmtudaginn 27. maí nk. kl. 16:00 á Hilton Reykjavík Nordica, Suðurlandsbraut 2.**

**Stjórn sjóðsins:**
Haraldur Þór Ólason, formaður
Þorbjörn Guðmundsson, varaformaður
Auður Hallgrímsdóttir
Georg Páll Skúlason
Hilmar Harðarson
Sveinbjörn Hjálmarsson

**Framkvæmdastjóri:**
Kristján Örn Sigurðsson

Lífeyrir
Sameinaði lífeyrissjóðurinn

Borgartúni 30 • 105 Reykjavík • S. 510 5000 • **lifeyrir.is**

Fiton/SÍA

## GLEÐILEGT FERÐASUMAR

Við byrjum ferðasumarið 2010 með látum um allt land. Fylltu á tankinn og fáðu þér bita á N1 áður en þú leggur af stað í dag.

# FERÐADAGURINN FYRSTI ER Í DAG!




WWW.N1.IS / SÍMI 440 1000


ÁVINNINGUR
UM ALLT LAND
-15 KR.
AF DÆLUVERÐI ELDSNEYTIS
0,5L COKE
99 KR.
PYLSA
MEÐ ÖLLU
99 KR.
ÍS Í BRAUÐ-
FORMI
49 KR.
Aðeins á völdum
N1 stöðvum
N1
Meira í leiðinni

**FRÉTTASKÝRING:** Hvaða áhrif munu breytingar á varnarmálalögum hafa?

# Frumvarp veldur óvissu um varnir

**Utanríkisráðherra áformar að leggja niður Varnarmálastofnun frá næstu áramótum samkvæmt frumvarpi sem nú er til umfjöllunar á Alþingi. Með lestri frumvarpsins geta þingmenn sem um það fjalla og áhugamenn um varnarmál þó engan veginn áttað sig á fyrirhuguðu framtíðarskipulagi varnarmála hér á landi.**

Varnarmálalög tóku gildi fyrir rúmum tveimur árum, í lok apríl 2008. Þar var hernaðartengdum verkefnum sem bandarísk stjórnvöld sinntu áður fyrir hönd íslenskra kollega komið fyrir í nýrri stofnun, Varnarmálastofnun.

Varnarmálastofnun hefur frá upphafi verið afar umdeild, en hún varð til í utanríkisráðherratíð Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur, þáverandi formanns Samfylkingarinnar. Össur Skarphéðinsson, núverandi utanríkisráðherra Samfylkingarinnar, hefur nú lagt fram frumvarp þar sem lagt er til að Alþingi samþykki að leggja stofnunina niður. Verði frumvarpið að lögum hættir stofnunin störfum um áramót.

Sérstaklega er tekið fram í frumvarpinu að starf forstjóra stofnunarinnar verði lagt niður frá gildistöku laganna. Við hlutverki forstjórans tekur verkefnisstjórn sem utanríkisráðherra mun skipa.

### Fært undir innanríkisráðuneyti

Í athugasemdum með frumvarpinu kemur fram að langtímamarkmiðið sé að endurskipuleggja verkefni Landhelgisgæslu Íslands, Vaktstöðvar siglinga og Ríkislögreglustjóra undir nýju innanríkisráðuneyti. Ný undirstofnun innanríkisráðuneytisins á sviði varnar- og öryggismála muni fara með verkefni sem nú eru á hendi Varnarmálastofnunar.

Mikil óvissa ríkir um framtíðarskipulag varnarmála, enda hefur lítill samhljómur verið með stjórnarþingmönnum um uppstokkun ráðuneyta. Uppstokkunin er forsenda þess að til verði nýtt innanríkisráðuneyti. Án þess verður varla til hin nýja undirstofnun sem á endanum mun taka við málum sem Varnarmálastofnun hefur haft á sinni könnu.

Í frumvarpi utanríkisráðherra er enda gert ráð fyrir því að ráðherra sjálfur fái vald til að sinna öllum þeim verkefnum sem Varnarmálastofnun hefur sinnt síðastliðin tvö ár. Hann hefur svo vald til að fá öðrum ríkisstofnunum ákveðin verkefni.

### Óvíst hvar verkefnin enda

Ýmsir gagnrýna frumvarp utanríkisráðherra harðlega í umsögnum um frumvarpið, til dæmis Landssamband lögreglumanna, Varnarmálastofnun, forstjóri Varnarmálastofnunar og sérfræðingar á sviði varnarmála.

„Það er óvenjulegt að leggja niður stofnun sem gegnir mikilvægu hlutverki [...] án þess að vita nákvæmlega hvar þeim skyldum sem á stofnuninni hvíla verður komið fyrir,“ segir í umsögn Alyson Bailes, aðjúnkts í stjórnmálafræði við Háskóla Íslands.

Þessi óvissa hefur ekki eingöngu þær afleiðingar að erfitt er að meta fjárhagslegan ávinning af því að gera umræddar breytingar, heldur veldur hún óvissu meðal erlendra samstarfsaðila, segir Bailes í umsögn sinni.

Hún segir rökrétt að fresta því að leggja niður Varnarmálastofnun þar til njörvað hafi verið niður hvernig verkefnum, sem stofnunin hefur sinnt, verði komið fyrir.

Meðal þess sem þarf að hafa í huga er hvort ekki ætti frekar að koma varnarmálum fyrir undir yfirstjórn forsætisráðherra, segir Bailes. Óheppilegt geti verið að varnarmál heyri undir sama ráðherra og borgaraleg öryggisgæsla á borð við lögreglu.

### Fara ætti hægar í sakirnar

Í svipaðan streng taka sérfræðingar rannsóknarhópsins Nexus, sem sérhæfir sig í rannsóknum og umræðum um varnarmál á Íslandi. Hópurinn tekur raunar ekki afstöðu til þess hvort leggja eigi Varnarmálastofnun niður, en benda á nauðsyn þess að blanda ekki saman öryggismálum og varnarmálum.

Hópurinn leggur til að farið verði hægar í sakirnar við breytingar sem fyrirhugaðar séu, og tekur undir með Bailes að skoða þurfi hvort varnarmál ættu frekar heima undir forsætisráðherra en innanríkisráðherra.

Margt bendir til þess að breytingar sem gera á á frumvarpi utanríkisráðherra valdi áhyggjum um öryggi upplýsinga Atlantshafsbandalagsins (NATO) á Íslandi, að því er fram kemur í umsögn Varnarmálastofnunar um frumvarpið.

Stofnunin leggur til að breytingum á varnarmálum verði frestað þar til skýr stefnumótun liggi fyrir um framtíðarfyrirkomulag varnarmála hér á landi.

Að mati stofnunarinnar geta breytingarnar leitt til minnkandi trausts Atlantshafsbandalagsins á Íslandi sem bandalagsríki. Jafnvel sé hætta á að aðildarríki bandalagsins líti svo á að Ísland ætli ekki að virða skyldur sínar sem aðildarþjóð bandalagsins. Þetta geti leitt til þess að hugsanlega þurfi að skoða aðild að NATO upp á nýtt.

Varnarmálastofnun hefur annast trúnaðar- og öryggisskyldur Íslendinga gagnvart NATO, og uppfyllir til þess strangar öryggiskröfur. Taki aðrar stofnanir við þeim verkum þurfa þær að afla sér viðhlítandi heimilda frá NATO.

Varnarmálastofnun gerir einnig alvarlegar athugasemdir við að til greina komi að borgaralegar stofnanir taki við verkefnum Varnarmálastofnunar, sem séu í eðli sínu stoðþjónusta við hernaðarstarfsemi. Bendir stofnunin á að ekki sé gert ráð fyrir breytingum á ákvæði varnarmálalaga þar sem kveðið er á um þann aðskilnað, og því gangi önnur ákvæði nýrra laga gegn eigin markmiðum.

### Tengt við borgaraleg verkefni

Talsverður munur er á umsögnum Landhelgisgæslunnar annars vegar og Ríkislögreglustjóra hins vegar. Líklegt er að verkefnum Varnarmálastofnunar verði komið að einhverju leyti til þessara tveggja stofnana eftir endurskipulagningu.

Landhelgisgæslan gerir ekki athugasemdir við frumvarpið, og telur það falla vel að því að færa verkefni frá Varnarmálastofnun til gæslunnar. Vitað er að það hefur verið áhugamál yfirmanna gæslunnar í nokkurn tíma að fá upplýsingar um skipaferðir frá NATO, sem Varnarmálastofnun hefur fengið, en gæslan ekki haft beinan aðgang að.

Ríkislögreglustjóri er hins vegar neikvæður gagnvart fyrirhuguðum breytingum. Í umsögn embættisins segir að ýmis álitaefni séu í framtíðarsýn starfshópsins sem vann að frumvarpinu. Afar hæpið sé til að mynda að samþætta verkefni á sviði varnarmála við borgaraleg öryggismál. Grundvallarmisskilningur virðist vera um fýsileika þess í frumvarpinu að mati Ríkislögreglustjóra.

Landssamband lögreglumanna heggur í sama knérunn og Ríkislögreglustjóri, og varar eindregið við því að borgaraleg öryggismál og hernaðartengd varnarmál séu vistuð í sömu stofnun.

Í umsögn lögreglumanna er bent á að við stofnun Varnarmálastofnunar hafi einmitt verið vísað til nauðsynjar þess að halda málaflokkunum aðskildum. Hætta sé á að slík tenging varnarmála og öryggismála komi til með að loka á samstarf lögreglu við borgaralegar stofnanir nágrannalandanna.

Lögreglumenn vara einnig alvarlega við hugmyndum sem fram koma í skýrslu starfshóps stjórnvalda. Hópurinn vill flytja starfsemi Almannavarna á Keflavíkurflugvöll, og vista í nýrri stofnun sem einnig taki yfir verkefni Varnarmálastofnunar. Í því getur ekki verið fólgin hagræðing, heldur mun það þvert á móti bitna á viðbragðstíma starfsmanna, og þar með öryggi almennings, að mati lögreglumanna.


**Brjánn Jónasson**
brjann@frettabladid.is

## Stoðþjónusta við hernaðarstarfsemi

Hlutverk Varnarmálastofnunar er skilgreint í lögum um stofnunina frá árinu 2008. Þau verkefni sem stofnunin hefur sinnt í þau tvö ár sem hún hefur verið starfandi eru í megindráttum stoðþjónusta við hernaðarstarfsemi. Verkefnin eru aðallega eftirfarandi:

- Rekstur loftvarnakerfis, þar með talið fjarskiptastöðva og ratsjárstöðva Atlantshafsbandalagsins á Íslandi.
- Þátttaka í loftrýmiseftirliti og loftrýmisgæslu Atlantshafsbandalagsins.
- Rekstur, umsjón og nýting öryggissvæða og mannvirkja í eigu íslenska ríkisins og Atlantshafsbandalagsins.
- Undirbúningur varnaræfinga sem haldnar eru á Íslandi.
- Rekstur tenginga við upplýsingakerfi Atlantshafsbandalagsins og úrvinnsla upplýsinga úr kerfinu.
- Þátttaka í starfi nefnda og undirstofnana Atlantshafsbandalagsins.
- Samstarf við önnur stjórnvöld, alþjóðastofnanir og háskóla, sem og aðkoma að setningu reglugerða og verklagsreglna á sviði stofnunarinnar.



**HERÆFING** Varnarmálastofnun hefur meðal annars það hlutverk að skipuleggja loftrýmisgæslu herja annarra aðildarríkja Atlantshafsbandalagsins hér á landi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## VMST lögð niður

**Í frumvarpi utanríkisráðherra um breytingar á varnarmálalögum eru gerðar veigamiklar breytingar. Helstu breytingar eru:**

- Varnarmálastofnun verður lögð niður frá og með 1. janúar 2011.
- Starf forstjóra Varnarmálastofnunar verður lagt niður strax og lögin taka gildi.
- Verkefnastjórn, skipuð af utanríkisráðherra, tekur við hlutverki forstjóra Varnarmálastofnunar.
- Utanríkisráðherra tekur við heimildum sem Varnarmálastofnun hefur haft. Hann fær heimild til að koma þeim verkefnum fyrir hjá öðrum ríkisstofnunum.

## Segir lög brotin



**Ellisif Tinna Víðisdóttir,** forstjóri Varnarmálastofnunar, gerir athugasemdir við að starf hennar sé lagt niður áður en Varnarmálastofnun verði lokað um næstu áramót, verði frumvarp utanríkisráðherra að lögum. Það telur hún stríða gegn lögum, reglum og venjum. Það muni að auki stuðla að því að fyrirhugaðar breytingar verði ekki unnar á faglegum grunni.

Félag forstöðumanna ríkisstofnana tekur í sama streng. Í umsögn félagsins segir raunar að það eina sem sé fast í hendi í frumvarpi utanríkisráðherra sé að embætti forstjóra Varnarmálastofnunar verði lagt niður. Dagleg stjórnun stofnunarinnar verði fram að lokun í höndum starfshóps, án þess að verkefni eða verksvið hópsins sé skilgreint nánar.



# Kostur

einfaldlega betri kostur...

EURORÁSIN
*Við elskum Eurovision!*

Við verðum í sannkölluðu Eurovision stuði því í maí verður Eurorásin með beinar útsendingar úr versluninni og á **www.kostur.is**

Áfram Ísland



**25% afsláttur**

**Kostur**
Ferskur kjúklingur
**599 kr/kg**
verð áður: 799 kr/kg



**20% afsláttur**

**Kostur**
Grillgrísabógssneiðar
**718 kr/kg**
verð áður: 898 kr/kg



**25% afsláttur**

**Lays**
Snakk, 200g
**274 kr/stk**
verð áður: 365 kr/stk



**Kostur**
Heilhveitisamlokubrauð
**178 kr/stk**
verð áður: 198 kr/stk



**25% afsláttur**

**Doritos**
Snakk 165g
**259 kr/stk**
verð áður: 345 kr/stk

Tilboðin gilda til 24. maí eða á meðan birgðir endast, auglýst verð er tilboðsverð.



**30% afsláttur**

**40% afsláttur**

**Myllu**
Pylsubrauð 5 stk.
**97 kr/pk**
verð áður: 139 kr/pk

**Goða**
Pylsur 10 stk.
**377 kr/pk**
verð áður: 629 kr/pk



**28% afsláttur**

Sprite og Sprite Zero 2l
**179 kr/stk**
verð áður: 249 kr/stk



**20% afsláttur**

**Mister-dog/cat**
Dýrafóður

fyrir hunda og ketti

**Afgreiðslutími um Hvítasunnuna**
**22. maí kl. 10-20**
**23. maí lokað**
**24. maí kl. 10-20**

**kostur**
Spörum og njótum lífsins

**NÝTT** Kortatímabil

**Heimsæktu okkur á facebook**

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Ár er liðið frá undirritun yfirlýsingar um jafnan hlut kynja í stjórnum fyrirtækja.

## Enginn árangur

Fyrir réttu ári var undirrituð viljayfirlýsing milli Samtaka atvinnulífsins, Félags kvenna í atvinnurekstri og Verslunarráðs Íslands þess efnis að fjölga konum í forystusveit íslensks atvinnulífs. Markmiðið var að hlutur hvors kyns yrði ekki minni en 40 prósent í stjórnum fyrirtækja.

Við það tækifæri kom fram sú skoðun flestra sem að samningnum stóðu að farsælla væri að aðilar ynnu saman að því að fjölga konum í stjórnum fyrirtækja en að til lagasetningar um málið kæmi. Síðan hafa þó verið sett lög sem gera fyrirtækjum skylt að skipa stjórnir sínar fólki af báðum kynjum þannig að annað kynið hafi ekki minna en 40 prósenta hlut, tvo fulltrúa í fimm manna stjórn og einn í þriggja manna stjórn.

SKOÐUN



Steinunn Stefánsdóttir
steinunn@frettabladid.is

Nú þegar ár er liðið frá undirritun viljayfirlýsingarinnar liggja fyrir mælingar Creditinfo á þeim árangri sem náðst hefur sem er minni en enginn. Í ljósi þessara talna er því ekki annað hægt en að fagna því að sett skuli hafa verið lög um málið.

Á því ári sem liðið er frá undirritun viljayfirlýsingarinnar hefur hlutfall fyrirtækja með bæði kyn í stjórn lækkað úr 15 prósentum í 14 prósent. Fyrirtækjum sem hafa stjórnir sem skipaðar eru báðum kynjum hefur fækkað um 16. Fyrirtækjum hefur á tímabilinu fjölgað um liðlega 2.000, einkynja karlastjórnum hefur fjölgað um liðlega 1.800 og einkynja kvennastjórnum um tæplega 400.

Þetta eru heldur dapurlegar tölur, svo ekki sé meira sagt. Einkum í ljósi þess að rannsóknir hafa sýnt að fyrirtæki sem skipuð eru stjórnum af báðum kynjum sýna betri afkomu, lifa lengur og líkur á vanskilum eru minni. Íslenskt viðskiptalíf hefur valið að hafna þessum ávinningi.

Einnig má nefna að möguleikar kvenna á að veljast til stjórnunarstarfa eru 27 prósent í fyrirtækjum sem hafa stjórn sem skipuð er báðum kynjum meðan einungis 5 prósenta líkur eru á að konur veljist til stjórnunarstarfa í fyrirtækjum sem hafa stjórnir sem eingöngu eru skipaðar körlum.

Það sætir furðu að að þeir sem fyrir íslenskum fyrirtækjum fara skuli ekki sjá sér hag í því að fá breiðari hóp að stjórnum fyrirtækja. Við þær aðstæður sem nú eru uppi mætti ætla að eftirsóknarvert væri að leita allra leiða til að bæta rekstur þeirra.

Aukinn hlutur kvenna í stjórnum fyrirtækja er þannig ekki bara jafnréttismál, sem það er þó að sönnu. Aukinn hlutur kvenna í fyrirtækjum snýst um að bæta afkomu fyrirtækja og auka skilvirkni í atvinnulífinu. Það gerir ömurlegan árangur þegar ár er liðið frá undirritun viljayfirlýsingarinnar enn óskiljanlegri en ella. Eins og staðan er virðist atvinnulífið láta íhaldssemi og þröngа hugsun koma í veg fyrir að betri árangur náist. Það er furðuleg nálgun. Hvað óttast menn?

Lögin um jafnan hlut kynja í stjórnum fyrirtækja taka ekki gildi fyrr en seinni hluta árs 2013. Vonandi verður íslenskum fyrirtækjum betur ágengt á næstu þremur árum en á árinu sem leið. Við höfum ekki efni á öðru.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Hestapest í nefnd

Einar K. Guðfinnsson, fulltrúi Sjálfstæðisflokksins í sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd, vill að nefndin fjalli um hestapestina sem gengur nú yfir landið. Hann óskar eftir því að fulltrúar ráðuneytis, Matvælastofnunar, dýralæknir hestasjúkdóma og hagsmunaaðilar verði kallaðir fyrir nefndina í þessu skyni til að varpa ljósi á hvernig sjúkdómurinn muni þróast og hvaða áhrif pestin muni hafa á Landsmót hestamanna.



### Til hvers?

Hér gæti Einar stytt sér leið. Í stað þess að kalla til sín hina og þessa sérfræðinga gæti hann kynnt sér umfjöllun Kastljóss fyrr í vikunni, þar sem var einmitt fjallað um þróun sjúkdómsins og áhrif á fyrirhugað landsmót. Niðurstaðan var í stuttu máli sú að hrossin muni flest jafna sig en það taki tíma. Þessi fundahöld sem hann leggur til eru því að líkindum tímasóun – nema Einar telji sig luma á skyndilækningu við hestapest? Væri ekki skynsamlegra að nefndin fjallaði um það sem hún getur haft raunveruleg áhrif á?



### Gassalappir

„Ég ligg í blóði í mínu," stóð stórum stöfum á forsíðu DV á miðvikudag við hliðina á mynd af Björgvin G. Sigurðssyni, fyrrverandi viðskiptaráðherra. Mátti ráða af framsetningunni að þar væri vitnað beint í Björgvin, sem segði ekki farir sínar sléttar. Krassandi. Þegar sjálf greinin var lesin kom í ljós að fyrirsögnin var alls ekki höfð eftir Björgvin, heldur einhverjum ónafngreindum innan Samfylkingarinnar um Björgvin. Má ekki gera þá lágmarkskröfu til blaðamanna að þeir kunni að nota gæsalappir?

bergsteinn@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Atvinna og aftur atvinna

Borgarmál



Einar Skúlason
oddviti Framsóknarflokksins í Reykjavík

Atvinnuleysi af þeirri stærðargráðu sem við Íslendingar höfum séð undanfarið er ólíðandi. Reykjavíkurborg á að taka atvinnuleysisvandann innan sinna borgarmarka föstum tökum og leysa hann sem fyrst.

Fjölmargt er hægt að gera. Það má stórauka viðhald bygginga í eigu borgarinnar og leggja í þeim efnum sérstaka áherslu á mannaflsfrek verkefni. Við eigum að ráðast í fjölbreytt atvinnuátaksverkefni fyrir ólíka aldurshópa í samvinnu við Atvinnuleysistryggingasjóð. Við þurfum að endurvekja Aflvaka, atvinnuþróunarfélag Reykjavíkur, og markaðssetja borgina sem aðsetur fyrir atvinnustarfsemi. Við þurfum að setja á fót frumkvöðlasetur fyrir ungt fólk þar sem áhersla verði lögð á þróun hugmynda á sviði ferðaþjónustu og innlends iðnaðar. Borgin á líka að bjóða skólafólki upp á fjölbreytta sumarvinnu.

Allt það sem við leggjum af skynsemi til atvinnumála á þessari stundu mun margborga sig síðar. Við þurfum að horfa til framtíðar. Við eigum til dæmis Orkuveituna. Í henni felast miklir möguleikar. Á vegum hennar

> Við þurfum að horfa til framtíðar. Við eigum til dæmis Orkuveituna. Í henni felast miklir möguleikar.

eigum við að bjóða upp á sveigjanlegri orkusölusamninga sem laða að fleiri tegundir af fyrirtækjum en hingað til hefur verið raunin. Við eigum að setja fyrirtæki í forgang sem skapa mörg störf og eru umhverfisvæn. Í ferðaþjónustunni finnst líka urmull tækifæra til þess að auka atvinnu. Við þurfum að efla Reykjavík í alþjóðlegri samkeppni á sviði ferðamála með áherslu á borgina sem áfangastað, þar sem fjölbreytt afþreying er í boði.

Lykilatriðið er þetta: Atvinna og aftur atvinna. Það er verkefni borgarmálanna.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Af hverju fimmtán?

Í DAG



Pawel Bartoszek
stærðfræðingur

Það er til formúla yfir hve margir þingmenn eigi að sitja á þingum ríkja. Besti fjöldinn er víst fenginn með því að taka þriðju rót af íbúatölu ríkisins og sé það gert í tilfelli Íslands kemur í ljós að hér ættu að vera 68 þingmenn, sem sagt, ansi nálægt raunverulega fjöldanum. Sé sömu formúlu beitt í tilfelli Reykjavíkur kemur á daginn að í ráðhúsinu ættu að sitja 49 borgarfulltrúar. Þeir eru hins vegar fimmtán og hefur fjöldi þeirra haldist nær óbreyttur í heila öld.

Borgarfulltrúarnir í Reykjavík virðast með öðrum orðum vera of fáir, sem raunar sést glögglega ef stjórnsýsla borgarinnar er skoðuð. Þannig fá fyrstu varaborgarfulltrúar hvers framboðs föst laun, allir varaborgarfulltrúar sitja að jafnaði í ráðum og fastanefndum borgarinnar og nokkrir þeirra gegna meira að segja formennsku í þeim.

Í nefndunum sjálfum sitja svo raunar fjölmargir einstaklingar sem hvorki eru aðalmenn né varamenn í borgarstjórn, og meira að segja menn sem voru hvergi á lista. Það er ef til vill ekki hneykslanlegt í sjálfu sér, punkturinn er bara sá að þingið getur mannað sínar pólitísku stöður með kjörnum fulltrúum, en það getur borgarstjórnin ekki. Hún þarf að leita á varamannabekkinn og jafnvel inn í áhorfendahópinn.

Svo við höldum áfram með íþróttamyndmálið þá er munurinn á varaborgarfulltrúum og varaþingmönnum dálítið eins og munurinn á varamönnum í handbolta og fótbolta. Þeir fyrrnefndu taka fullan þátt í leiknum, þeir síðarnefndu fara ekki inn á nema að einhver aðalmaðurinn snúi á sér ökklann, sýni slæma frammistöðu á vellinum, gefi boltann lítið, klúðri dauðafærum og sparki knettinum ítrekað í eigið mark.

Líklega er kostnaður besta ástæðan til að halda fjölda borgarfulltrúa litlum, og á tímum þar sem öll svið hins opinbera þurfa að halda þétt um budduna er auðvelt að slá hugmyndir um fjölgun pólitíkusa sem óréttlætanlegt bruðl. Það þarf hins vegar að horfa á þennan kostnað í heildrænt. Seta í fagráðum er talinn hluti af vinnu borgarfulltrúa, aðrir þurfa að fá greitt fyrir vinnu sína. Fámennið í borgarstjórn gerir það sem sagt að verkum að meiri kostnaður lendir á borginni við að manna ráðin með varamönnum og utanaðkomandi aðilum.

Með því að fækka í ráðunum til dæmis úr sjö í fimm og fjölga á móti í borgarstjórn, segjum í 25, væri til dæmis hægt að manna fastanefndirnar með kjörnum borgarfulltrúum eingöngu, sem hlyti að þykja eftirsóknarvert út frá lýðræðissjónarmiðum. Allir nefndarfulltrúar yrðu þá kjörnir fulltrúar sem kjósendur vissu af og gætu haft samband við. Ég veit ekki hvort mörgum dettur í hug að setjast niður og skrifa funheitan póst til varaborgarfulltrúa þegar róluvöllurinn fyrir utan er illa hirtur. Hvað þá að ónáða menn sem enginn kaus.

Raunar þyrftu ekki einu sinni allir borgarfulltrúar að vera í fullu starfi, væri þeim fjölgað. Líklega væri nóg að þeir sem sætu í borgarráði eða væru nefndarformenn fengju full laun, aðrir gætu þá til dæmis verið í hlutastarfi. Í raun værum við með þessu ekki að gera neitt annað en að viðurkenna orðinn hlut og breyta starfsheiti, í stað varaborgarfulltrúa kæmu borgarfulltrúar í hlutastarfi.

Önnur ástæða þess að margir eru tregir til að fjölga borgarfulltrúum eru rugludallarökin, þ.e.a.s. að menn vilji ekki að einhverjir klikkhausar geti komist í borgarstjórn á örfáum prósentum. Í dag þarf 6-7% til að ná manni í borgarstjórn, sem er meira en þarf til að ná inn mönnum á Alþingi. Ef borgarfulltrúum yrði fjölgað í 25 dygðu um 4%, svo það yrðu varla mikil straumhvörf, en vilji menn endilega gera minni framboðum lífið erfiðara í nafni stjórnmálalegs stöðugleika eru til aðrar leiðir, eins og að taka upp þröskulda eða skipta sveitarfélögum upp í kjördæmi, sem þarf eiginlega að gera hvort eð er, eigi hugmyndir um persónukjör að ná fram að ganga og virka vel.

Ef hægt er að fjölga kjörnum fulltrúum í sveitarstjórnum án þess að auka kostnað sveitarfélaga þá eiga menn að sjálfsögðu að íhuga það.

Það er dálítið undarlegt að fleiri Reykvíkingar séu um hvern borgarfulltrúa en um hvern þingmann í Reykjavík.

Hluthafafundur Exista hf.
28. maí 2010

EXISTA

Hluthafafundur Exista hf. verður haldinn föstudaginn 28. maí 2010 í höfuðstöðvum félagsins að Ármúla 3, 5. hæð, Reykjavík, og hefst fundurinn kl. 14:00.

Dagskrá:

1. Tillaga félagsstjórnar um að breyta félaginu í einkahlutafélag í samræmi við ákvæði 132. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög.
2. Tillaga um heimild stjórnar til hækkunar hlutafjár:
   Stjórn félagsins skal heimilt að hækka hlutafé félagsins um allt að kr. 1.000.000.000 að nafnverði með útgáfu nýrra hluta að nafnverði kr. 1 hver. Áskriftarverð má greiða með skuldajöfnuði við víkjandi skuldaskjöl. Forgangsréttur hluthafa til áskriftar fylgir ekki hækkun þessari, sbr. 3. mgr. 24. gr. laga nr. 138/1994 um einkahlutafélög, og skulu hinir nýju hlutir gefnir út til eigenda víkjandi skuldaskjalanna. Stjórn félagsins skal ákvarða nánar aðra skilmála hlutafjárhækkunarinnar, þ.á m. áskriftargengi hinna nýju hluta. Skal heimild þessi gild í 5 ár frá samþykkt hennar.
3. Tillaga um breytingu á samþykktum félagsins.
   Gerð er tillaga um breytingar á eftirtöldum greinum samþykktanna vegna breytingar félagsins í einkahlutafélag. Breytingarnar fela í sér tilvísun til laga nr. 138/1994 um einkahlutafélög í stað tilvísunar til laga nr. 2/1995 um hlutafélög:
   - 1. gr.
   - 4. gr.
   - 11. gr.
   - 12. gr.
   - 14. gr.
   - 21. gr.
   - 22. gr.

   Þá er lagt til að 1. mgr. 12. gr. um fundarboðun verði breytt.
   Loks er lagt til að 1. mgr. 15. gr. mæli fyrir um allt að sex stjórnarmenn í stað fimm.
4. Kosning stjórnar.
5. Tillaga um þóknun til stjórnarmanna.
6. Önnur mál.

Sérstaklega er bent á að þeir sem hyggjast gefa kost á sér til setu í stjórn félagsins skulu tilkynna það skriflega til stjórnar félagsins að minnsta kosti fimm dögum fyrir upphaf hluthafafundar. Þeir einir eru kjörgengir sem þannig hafa gefið kost á sér. Í tilkynningu um framboð til stjórnar skal gefa, auk nafns frambjóðanda, kennitölu og heimilisfangs, upplýsingar um aðalstarf, önnur stjórnarstörf, menntun, reynslu og hlutafjáreign í félaginu. Þá skal einnig upplýsa um hagsmunatengsl við helstu viðskiptaaðila, samkeppnisaðila félagsins, sem og hluthafa sem eiga meira en 10% hlut í félaginu. Stjórn félagsins skal yfirfara tilkynningar þeirra sem kost á sér gefa til stjórnar og gefa viðeigandi aðilum tækifæri, á sannanlegan hátt, til þess að leiðrétta ágalla á tilkynningu innan ákveðins tíma, sem skal ekki vera lengri en 24 klukkustundir. Ef ekki er bætt úr ágöllum á tilkynningu innan tilsetts tímamarks, mun stjórn félagsins ákveða um gildi framboðsins. Mögulegt er að bera ákvörðun stjórnar félagsins upp á hluthafafundi sem hefur úrslitavald um gildi framboðs til stjórnar félagsins.

Tillögur frá hluthöfum sem bera á upp á hluthafafundi skulu vera komnar í hendur stjórnarinnar eigi síðar en sjö dögum fyrir hluthafafund.

Fundargögn verða afhent á fundardegi frá kl. 13:30 á fundarstað.

Reykjavík, 21. maí 2010
Stjórn Exista hf.

EXISTA hf. ı Ármúla 3 ı 108 Reykjavík ı Sími 550 8600

# Innleyst afsökun

Svar við athugasemd



Guðmundur Andri Thorsson
rithöfundur

Snjólfur Ólafsson, prófessor í viðskiptafræði, þarf að takast á hendur nokkrar hagræðingaraðgerðir á texta mínum frá því um daginn til að fá út þá útkomu sem hann telur sig þurfa á að halda, sem er afsökunarbeiðni sér til handa. Hvarflar jafnvel að manni að Háskólinn hafi leitað langt yfir skammt þegar fengnir voru rithöfundar utan úr bæ til að kenna þar skapandi skriftir.

Við skulum ekki hafa mörg orð um þetta. Ég sagði upphaflega í grein að fræði þeirra sem bröskuðu með bótasjóð Sjóvár hefðu komið til prófs í Viðskiptadeild HÍ og dró þá ályktun að þau hefðu verið kennd með velþóknun þar. Snjólfur krafðist afsökunar á þeim ummælum. Ég kvað það auðsótt ef heimild mín – frétt í DV – væri tilhæfulaus en ætti fréttin við rök að styðjast félli málflutningur Snjólfs um sjálfan sig.

Nú er á Snjólfi að skilja að þetta hafi bara verið „eitt stykki fyrirlestur“, eiginlega ekki neitt neitt og spurningin á prófinu hefði eins getað snúist um annað.

Efnisatriði fréttar DV standa, hvernig sem þau eru svo túlkuð eða toguð. Snjólfur er því of fljótur að hrósa happi yfir afsökunarbeiðninni. Í þessari samræðu okkar hefur hann þannig innleyst afsökunarbeiðni áður en hún var raunverulega komin. Hann færir til bókar „hagnað“ í þessari samræðu þar sem enginn er – gott ef ekki nokkurs konar „vild“. Í stað þess að horfast í augu við eigið gagnrýnisleysi í garð fjárglæframanna útrásaráranna fæst hann enn við skapandi skriftir.

SÖLUSÝNING
Innréttingar og heimilistæki

vilborg@centrum.is







Glæsileg hönnun og fágað yfirbragð einkenna heimilistækin og eldhúsinnréttingarnar hjá Eirvík
Opið laugardag frá kl. 11:00 -16:00
Verið velkomin í Eirvík og fáið ráðgjöf og kynningu á vörum og þjónustu.

LIEBHERR Häcker kitchen.germanMade. elica COLLECTION bulthaup Miele

EIRVÍK -hágæðaheimilistæki
Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Sími 588 0200 | www.eirvik.is




# Fjármálastöðugleiki, matvælaöryggi og afhending raforku

**Efnahagsmál**

Þórólfur Matthíasson
prófessor í hagfræði við Háskóla Íslands



Þeir eru margir, lærdómarnir af hruni íslensku bankanna haustið 2008. Einn lærdómurinn snýr að fjármálastöðugleika. Allmargar stofnanir innan stjórnkerfisins bára ábyrgð á ákveðnum þáttum fjármálastöðugleikans. Á ytra borði leit út fyrir að hér á landi væri verið að nota bestu þekkingu til að tryggja stöðugleika fjármálakerfisins. En stjórnvöld höfðu svo takmarkaða trú á eigin viðbúnaði að þau drógu Ísland út úr samnorrænni æfingu á viðbúnaði við fjármálaáföllum, líklega til að komast hjá því að afhjúpa hversu berskjaldað fjármálakerfið íslenska í raun var gagnvart áföllum. Af þessu má læra að áætlanir á pappír og stefnumið í yfirlýsingum duga skammt þegar á reynir hafi áætlunum og yfirlýsingum ekki verið fylgt eftir með aðgerðum og undirbúningi.

Eldgosið í Eyjafjallajökli er okkur svipuð áminning og fall íslenska bankakerfisins. Í fyrsta lagi kemur í ljós að Almannavarnir hafa staðið sig frábærlega. Eldgosið kennir okkur að þar á bæ hafi menn tekið verefni sitt alvarlega og gert þær ráðstafanir sem þurfti til að takast á við ólíklegustu kringumstæður. Öskufallið frá eldstöðinni ógnar nú framleiðslu landbúnaðar á frjósamasta hluta landsins. Þá vaknar spurning um fæðuöryggi Íslendinga. Þannig er að á Íslandi er rekið eitt dýrasta landbúnaðarkerfi í heimi. Skattgreiðendur greiða yfir 10 milljarða króna í beina styrki til framleiðenda landbúnaðarvarnings auk þess sem þeir njóta óbeinna styrkja í formi umfangsmikillar innflutningsverndar. Stjórnmálamenn og talsmenn bænda segja að með þessum greiðslum séu Íslendingar að borga fyrir örugga afhendingu matvæla í ótryggum heimi. Öskugosið í Eyjafjallajökli hefur nú gert þær röksemdir að engu. Eldgos í eldstöð sem fáir aðrir en jarðfræðingar höfðu gefið gaum er í þann mund að þurrka út rekstrargrundvöll þess landbúnaðar sem rekinn er við bestu náttúrulegar aðstæður á Íslandi. Standi vilji stjórnvalda til að tryggja aðdrætti matvæla til mannfjöldans á Íslandi virðist, í bili að minnsta kosti, öruggara að leita á önnur mið en til sveitanna í kringum íslensku eldfjöllin.

> Stjórnmálamenn og talsmenn bænda segja að með þessum greiðslum séu Íslendingar að borga fyrir örugga afhendingu matvæla í ótryggum heimi.

Það vill einnig svo til að meginhluti raforkuframleiðslu á Íslandi er á virku eldfjallasvæði. Sú sviðsmynd er ekki ómöguleg að eldgos gæti sett raforkukerfi landsins á hliðina með ófyrirséðum afleiðingum fyrir útflutningsframleiðslu í landinu. Við erum að vísu svo vel sett að verði stór raforkuver úr leik má taka stór iðjuver úr rekstri til að mæta því. Eldgosið í Eyjafjallajökli er engu að síður þörf áminning um að endurmeta þurfi kosti og galla þess að tengja raforkukerfi landsins við raforkukerfi Evrópu með sæstreng.

Tenging Íslands við orkukerfi Evrópu er dýr framkvæmd og krefst undirbúnings og fyrirhyggju. Bætt matvælaöryggi er hins vegar ódýr framkvæmd því það fengist líklega með því að draga úr landbúnaðarstyrkjum og flytja inn ódýrari vörur til landsins. Þar er ekki eftir neinu að bíða.

# Íbúalýðræði og umferðaröryggi

**Borgarmál**

Ólafur F. Magnússon
oddviti H-Lista í Reykjavík



Þegar ég hitti íbúa í öllum hverfum borgarinnar á fundum mínum með borgarbúum í borgarstjóratíð minni, vorið 2008, fór ekkert á milli mála að það sem lá á hjarta íbúanna næst var öryggið og mannlífið í hverfunum. Þar bar hæst umferðaröryggið og slysavarnirnar í nærumhverfi þeirra. Ég hófst strax handa við úrbætur í þessum málum, þó að borgarstjórnarflokkur Sjálfstæðisflokksins, hafi í þessum málaflokki, sem öðrum, dregið lappirnar.

Þannig var komið fyrir öflugum hraðahindrandi aðgerðum á Háaleitisbraut, þegar um sumarið 2008 og ætlunin að halda slíkum aðgerðum áfram á allri Háaleitisbrautinni og síðan á Bústaðavegi, Réttarholtsvegi, Stjörnugróf, Hringbraut, Hofsvallagötu og Suðurgötu, svo dæmi séu nefnd. En aðgerðirnar stöðvuðust, jafn skyndilega og þær hófust.

Hanna Birna Krisjánsdóttir vildi verða borgarstjóri og myndaði meirihluta með Framsóknarflokknum bak við tjöldin og allar fyrirætlanir um umferðaröryggisframkvæmdir voru í snarhasti lagðar til hliðar. Stöðug viðleitni mín og tillöguflutningur um áframhaldandi umferðaröryggisframkvæmdir í hverfum borgarinnar hefur síðan verið stöðvuð hvað eftir annað af meirihluta Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks. Til viðbótar þessu eru nú uppi fyrirætlanir um að leyfa hækkun hámarkshraða úr 30 km upp í 40 km víða í hverfum borgarinnar sem í miðborginni. Gönguleiðir barna í skóla eru þar engin undantekning.

Ófrávíkjanleg krafa okkar í H-listanum er sú að í miðborginni sem og í öllum hverfum borgarinnar sé ekki leyfður meiri ökuhraði en 30 km. Hraðinn megi ekki vera meiri nema tryggð séu mislæg tengsl gangandi og akandi umferðar. Börnum á leið í skóla eða annarri leið um hverfið, þar sem þau búa, á einfaldlega ekki að bjóða upp á annað.

Þegar margsvikulir borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins koma nú fram nokkrum dögum fyrir kosningar og segjast vilja bæta umferðaröryggið í borginni verður manni einfaldlega flökurt. Hvílík hræsni og tækifærismennska! Atvinnustjórnmálamönnunum í efstu sætum Sjálfstæðisflokksins sem og hinna fjórflokkanna er ekki treystandi.

Þess vegna er það brýn nauðsyn að færa völdin úr höndum þeirra til íbúanna í öllum hverfum borgarinnar. Það munum við fulltrúar H-lista, framboðs um heiðarleika og almannahagmuni, gera. Því má treysta, því að í 20 ára borgarstjórnarferli mínum, hef ég ávallt staðið við orð mín og hlýtt sannfæringu minni. Það munum við öll, fulltrúar H-listans gera, enda erum við óháð styrkjum og fjárframlögum hagsmunaaðila, öfugt við fjórflokkinn og fíflalátaframboð Æ-listans. Öryggi í umferðinni er nefnilega dauðans alvara og borgarbúar verða að styrkja forvarnir og efla mannlífið í hverfunum með að kjósa þá til áhrifa, sem starfa af alvöru og heiðarleika í þágu almannahagsmuna.

# Mikilvæg leiðrétting

**Athugasemd**

Jens Guð
rithöfundur og tónlistarrýnir



Í helgarblaði Fréttablaðsins er hið ágætasta viðtal við færeysku tónlistarkonuna Eivöru. Þar segir í niðurlagi: „Komið hefur fram í fjölmiðlum að tónlistarbloggarinn Jens Guð sé að skrifa ævisögu Eivarar. Hún kannast ekki við málið en hefur ekkert heyrt í Jens vegna bókarinnar.

„Eins lengi og maður má lesa þetta áður og vera með í þessu þá er þetta fínt. Ég er kannski pínulítið stressuð ef það kemur eitthvað út sem ég er ekki sátt við,“ segir hún. „Hann er búinn að tala við fólk sem þekkir mig en er ekki búinn að tala við mig.“

Þetta hljómar dálítið eins og bókin sé skrifuð að Eivöru forspurðri; að hún hafi aðeins frétt af vinnslu bókarinnar úti í bæ. Þannig er það ekki. Það kæmi aldrei til greina af minni hálfu að skrifa bók um Eivöru í óþökk hennar. Vinna við bókina hófst ekki fyrr en ég var kominn með grænt ljós á það frá Eivöru. Hins vegar fjallar bókin UM Eivöru en byggist ekki á einu löngu viðtali við hana. Þess vegna hef ég tekið viðtöl við ættingja og æskuvini Eivarar. En ekkert viðtal við hana. Það er því rétt eftir Eivöru haft; að ég sé búinn að tala við fólk sem þekkir hana en ekki búinn að tala við hana sjálfa. Engu að síður hefur Eivör verið upplýst um gang mála. Þegar texti bókarinnar hefur smollið saman mun Eivör lesa hann yfir, fylla upp í eyður, bæta við og ganga úr skugga um að allt sé eins og best verður á kosið. Það verður ekkert í bókinni annað en það sem Eivör er 100% sátt við.

Annað – en þó þessu skylt: Eivöru þykir bók um sig vera ótímabær. Í Færeyjum eru einungis skrifaðar ævisögur um gengnar hetjur. Eivöru þykir þess vegna skrýtið að verið sé að skrifa bók um hana, 26 ára og rétt að hefja sinn tónlistarferil fyrir alvöru. Á móti kemur að ég nálgast sextugsaldur. Er að auki nýbúinn að ná þeim andlega þroska að geta skrifað þessa líka fínustu bók um Eivöru.



**UPPSTANDSSÝNINGIN** Villidýr/Pólitík verður sýnd í Samkomuhúsinu á Akureyri á fimmtudaginn og föstudaginn í næstu viku. Þeir Steinn Ármann Magnússon og Davíð Þór Jónsson hafa fengið góða dóma fyrir leik sinn í sýningunni í Borgarleikhúsinu.



FRÉTTABLAÐIÐ Sölufulltrúar Henný Árnadóttir henny@365.is 512 5427 Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473 Þórdís Hermannsdóttir thordish@365.is 512 5447






Nýr A la Carte



*Elmar Kristjánsson, yfirmatreiðslumaður Perlunnar*

HUMARSÚPA
rjómalöguð, með Madeira og grilluðum humarhölum

Við mælum með Macon Chanes Domaine de Lalande með þessum rétti.

4ra rétta tilboðsseðill
Verð aðeins 7.290 kr.

PERLAN

Veitingahúsið Perlan - *Sími* 562 0200 - *Fax* 562 0207
*Netfang* perlan@perlan.is - *Heimasíða* www.perlan.is

Hringbrot




Plokkfiskurinn fór vel í mannskapinn. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Skeggrætt yfir plokkfiski

**Karlar 67 ára og eldri á Seltjarnarnesi tóku upp á því fyrir skemmstu að hittast tvisvar í viku í safnaðarheimili Seltjarnarneskirkju. Nú hafa nokkrir þeirra stofnað matarhóp og elda það sem hugurinn girnist.**

Kaffifundahópur karla 67 ára og eldri á Seltjarnarnesi var settur á laggirnar fyrir skemmstu en markmið hans er að efla félagsstarf eldri karla í bæjarfélaginu.

„Við hittumst í safnaðarheimili Seltjarnarneskirkju á þriðjudögum og fimmtudögum milli 14 og 16. Þar er skeggrætt um allt milli himins og jarðar auk þess sem hugmyndin er að menn geti komið saman til að sinna hugðarefnum sínum,“ segir Jón Jónsson, sem hefur verið búsettur á Nesinu um áratugaskeið. Þegar hefur verið komið á fót smíða- og matreiðsluhópi en áhersla er lögð á að starfið verði sem mest sjálfsprottið og öll tilhögun sú sem þátttakendur kjósa helst.

Um þrjátíu til fjórutíu karlar hafa mætt á fundina hingað til. „Hér eru um 250 karlar á þessum aldri og ég er sannfærður um að fleiri hefðu gott af því að koma og skiptast á skoðunum í stað þess að sitja heima yfir sjónvarpinu eða að lesa blöðin mörgum sinnum á dag. Við erum menn þangað til við missum glóruna,“ segir Jón.

**PLOKKFISKUR**
að hætti matgæðinga á Seltjarnarnesi

ný ýsa
saltfiskur
kartöflur
laukur
hveiti
mjólk
fisksoð
smjör
smjörlíki
salt
pipar

*Magn fer eftir því hversu margir sitja til borðs og er slump-aðferðin notuð.*

*Sjóðið fiskinn og kartöflurnar sér. Setjið smjörlíki í pott ásamt niðursneiddum lauk og látið krauma stundarkorn. Bætið hveiti í pottinn og þynnið út með mjólk og fisksoði.*

*Setjið fiskinn í pottinn, roðflettan og beinhreinsaðan, og bætið niðursneiddum kartöflum út í. Stappið vel, hrærið saman og kryddið með salti og pipar. Skellið smjörklípu ofan á og látið malla um stund.*

*Berið fram með seyddu rúgbrauði og íslensku smjöri. Aukakartöflur má bera fram fyrir þá sem vilja.*



Matgæðingar hópsins hafa tvívegis hist í samkomusal að Eiðismýri 30 til að gæða sér á fiskisúpu og plokkfiski og er hugmyndin að þeir hittist einu sinni í mánuði níu mánuði ársins. „Þar munu þátttakendur fá tækifæri til að sinna matargerð ef þeir hafa áhuga á en kokkurinn Stefán Olgeirsson hefur haft yfirumsjón með matargerðinni hingað til. Hann matreiðir af fingrum fram,“ segir Jón og gefur uppskrift að plokkfisknum með góðfúslegu leyfi Stefáns. „Við matreiðsluna notar hann slumpaðferðina eða happaglappa-aðferðina og fer magnið eftir því hversu margir sitja til borðs.“ *vera@frettabladid.is*


Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki





Tilboð fyrir 2 og fleiri

Tilboð 1
Djúpsteiktar rækjur með súrsætri sósu
Eggjanúðlur með eggjum og grænmeti
Svínakjöt og grænmeti í drekasósu.
1595 krónur á mann
3190 kr. fyrir tvo

Tilboð 2
Djúpsteiktar rækjur með súrsætri sósu.
Svínakjöt og grænmeti með plómusósu.
Eggjanúðlur með eggjum og grænmeti.
Kjúklingastrimlar og grænmeti í kókos karrýsósu.
1695 krónur á mann
3390 kr. fyrir tvo

TILBOÐIÐ ER EINGÖNGU FYRIR 2 EÐA FLEIRI

NINGS

Suðurl.br. 6 • Stórhöfða 17 • Hlíðasmára 12 • Sími 588 9899 • www.nings.is

**AIM FESTIVAL**, þriggja daga tónlistarveisla, verður á Akureyri helgina 2. til 5. júní. Í fyrra komu 150 tónlistarmenn og 2.500 áheyrendur á hátíðina.



# Listasumar í átjánda sinn

**Valdís Viðarsdóttir, forstöðumaður Menningarmiðstöðvarinnar í Listagili, segir Listasumar á Akureyri hafa sett brag á bæjarlífið í sautján ár. Nóg verður um tónleika og aðrar sýningar fyrir norðan í sumar.**

„Það er alltaf allt nýtt á Listasumri, ekkert er eins og það var í fyrra og það er gott að geta gengið að því vísu,“ segir Valdís Viðarsdóttir, forstöðumaður og framkvæmdastjóri Menningarmiðstöðvarinnar í Listagili sem sér um framkvæmd Listasumars á Akureyri, sem nú fer fram í átjánda sinn.

Valdís segir Listasumarið hafa sett brag á bæjarlífið síðustu sautján ár. Það skipti verulegu máli í ferðaþjónustutengdri menningarstarfsemi fyrir bæinn og nágrannasveitarfélögin. „Hátíðin hefur vaxið og margir listamenn hafa stigið sín fyrstu skref á Listasumri með sýningar, tónleika og aðra listviðburði og sumir hverjir orðið frægir síðar meir á listalífsleiðinni. En það er grasrótarstarfið sem skiptir mestu máli á Listasumri, því þar gefst ungum, upprennandi framhaldsnemum og nýútskrifuðum listamönnum tækifæri á að fremja list sína. Við útvegum húsnæðið, aðstoðarfólk og kynningu á viðburðinum þeim að kostnaðarlausu,“ segir Valdís.



Valdís Viðarsdóttir og fleiri leggja nú lokahönd á vinnuna við Listasumar á Akureyri. MYND/HEIDA.ISW

Eins og áður sagði sér Menningarmiðstöðin í Listagili um framkvæmd Listasumarsins á Akureyri og hefur Ketilhúsið og Deigluna, fjölnotahús í Listagili til umráða til þess. Einnig eru fjölmargir samstarfsaðilar á Akureyri, söfn, gallerí og margir aðrir, sem setja upp sýningar og alls kyns uppákomur frá Jónsmessu fram að Akureyrarvöku, sem markar lok Listasumars á afmæli Akureyrarbæjar í lok ágúst. „Við erum með fasta liði í hverri viku sem eru djasstónleikar á fimmtudagskvöldum, undir heitinu „Heitir fimmtudagar“ þar sem helstu og bestu djassarar landsins stíga á svið í Deiglunni og Ketilhúsinu til skiptis. Þá eru hádegistónleikar í Ketilhúsinu á föstudögum og í sumar verða margir þekktir söngvarar á sviði klassískrar tónlistar. Þá skipar myndlistin stóran sess á Listasumri og verða settar upp átta sýningar í Ketilhúsinu og Deiglunni, svo fátt eitt sé nefnt,“ segir Valdís.

*kjartan@frettabladid.is*





ORLOFSÍBÚÐIR

Huggulegar 2ja og 3ja herbergja íbúðir með uppábúnum rúmum og þráðlausu neti.

Barnvænt umhverfi í göngufæri við miðbæ Akureyrar.

Sími 694 4314 www.gista.is

Gránufélagsgata 43 • 600 Akureyri

Lítið og fallegt gistihús
Sundlaug á svæðinu



Gistiheimilið Kambur

Smáratúni 7, Svalbarðseyri
601 Akureyri · Símar: 869 4612 & 462 4885

Krua Siam

TAÍLENSKUR VEITINGASTAÐUR

Ekta Thailenskur matur á notalegum stað á góðu verði



www.kruasiam.blog.is • Strandgata 13 • 600 Akureyri



(heilsárshús eins og á mynd)

Til sölu

efni í fullbúið 100 fm sumarbústað

Útveggir eru úr 135 þykku límtré, panelklæddur að innan.
Verð miðað við afhendingu á byggingarstað.

Upplýsingar í síma 896-0423.

SUMARGLEÐI IMPERIAL




G-STAR • LEE • WRANGLER • WAL-G • E-LABEL • SUIT-FORNARINA • o.m.fl.

IMPERIAL

Opnunartími: Mán til föstud 10-18.30, Laugard 10-18, Sunnud 12-17

TÍSKUVÖRUVERSLUN GLERÁRTORGI



ALLT HELGIN

Jóna María Hafsteinsdóttir
jmh@365.is - sími 512 5473

Henný Árnadóttir
henny@365.is - sími 512 5427

Þórdís Hermannsdóttir
thordish@365.is - sími 512 5447



Það er enginn hægðarleikur að komast um heima þegar gólfið er komið upp í loft og loftið orðið að gólfi, eins og sjá má hjá dönsurunum Ásgeiri og Ingu Maren sem reyna að fóta sig við kunnuglegar en ómögulegar aðstæður. MYND/ÚR EINKASAFNI

# Í öfugum heimi

**Maður hlammar sér ekki jafn léttilega í stofusófann þegar heimurinn snýst á hvolf og ljósakróna flækist fyrir manni á gólfinu, en þá glímu há fimir dansarar í tilfinningaróti öfugrar heimsmyndar.**

„Hugmyndin kviknaði síðasta sumar þegar við Inga Maren bjuggum í Amsterdam og íhuguðum hvernig allt verður vonlaust þegar tilverunni er snúið á hvolf og hversu erfitt yrði að aðlagast heiminum upp á nýtt ef hann snerist bókstaflega við,“ segir Ásgeir Helgi Magnússon, dansari í Menningarfélaginu, sem um hvítasunnuhelgina frumsýnir dansverkið Aftursnúið í Rýminu á Akureyri.



Ásgeir Helgi Magnússon dansari.

„Listdans hefur hingað til verið bundinn við höfuðborgarsvæðið og því hafa dansunnendur landsbyggðarinnar ekki notið hans í sama mæli og borgarbúar. Á Akureyri hefur svo verið rosaleg uppsveifla í leiklistinni en okkur finnst að dansinn eigi að fylgja þeim takti og hefur Leikfélag Akureyrar stutt okkur dyggilega í þessari uppsetningu,“ segir Ásgeir um fyrstu frumsýningu íslensks dansverks norðan heiða.

Aftursnúið er þriðji viðburður Menningarfélagsins, en í því eru auk Ásgeirs þær Inga Maren Rúnarsdóttir dansari, Júlíanna Lára Steingrímsdóttir vídeólistamaður, sem sér um búninga- og sviðsmyndarhönnun og Lydía Grétarsdóttir tónsmiður sem sér um tónsmíðar dansverksins.

„Við erum öll að sunnan, en eftir dágóða dvöl hér á Akureyri værum við öll sem eitt til í að setjast hér að; slík er fegurð bæjarins, mannlífið gott og yndislegt að vera. Inga Maren var hér reyndar á sumrum æsku sinnar og hefur verið skotfljót að ná aftur norðlenska hreimnum,“ segir Ásgeir kátur.

Hann segir Aftursnúið fylgja tveimur einstaklingum í tilraunum þeirra til að fóta sig við ókunnar aðstæður og takast á við heiminn eftir að honum hefur verið snúið á hvolf.

„Inntak verksins er áföll í lífi fólks og eftirmálar þeirra. Fólk fær á tilfinninguna að við séum í lausu lofti og víst skapast vá!-áhrif meðal áhorfenda, þótt við séum jafn háð þyngdarlögmálinu og þeir. Verkið er blanda af nútímadansi og fimleikum, en hugmyndin er fersk og hefur ekki verið útfærð á þennan hátt áður,“ segir Ásgeir sem viðurkennir að dansinn reyni verulega á þegar búið er að dansa á hvolfi í nokkrar mínútur og blóð streymir til höfuðsins. „Þá fer mann dálítið að svima og þráir að tilveran öðlist sinn sama sess. Þetta reynir heilmikið á okkur, en við erum komin í toppform eftir þrotlausar æfingar. Og ef útkoman leggst vel í landann er ekki loku fyrir það skotið að við komum í sýningarferð suður,“ segir Ásgeir sem starfar sem dansari í Hollandi en kemur til starfa í verkefni Íslenska dansflokksins á hausti komanda.

Aftursnúið verður sýnt 22., 23. og 28. maí klukkan 20. Miðapantanir á 4600200 og á www.leikfelag.is. *thordis@frettabladid.is*




Menningarhúsið HOF verður formlega opnað 27. ágúst 2010. HOF mun skapa verðugan ramma um menningar- og tónlistarlíf á Akureyri.

www.menningarhus.is

TENGI

# Tilboð á hreinlætistækjum

Gæði, þjónusta og ábyrgð - það er TENGI




IFÖ salerni með setu
Verð kr. **34.900,-**




Sphinx upphengt salerni, og seta
Verð kr. **19.900,-**






Mora sturtutæki með upp eða niður stút
Verð kr. **19.950,-**







IFÖ Next sturtuklefi 80x80
Verð kr. **99.900,-**

Mora Eco sturtusett
Verð kr. **5.500,-**

www. tengi.is • tengi@tengi.is

Smiðjuvegi 76 • Kópavogi • Sími 414 1000
Baldursnesi 6 • Akureyri • Sími 414 1050

# ;HELGIN

**ÚTSKRIFTARTÓNLEIKAR** tónlistardeildar Listaháskóla Íslands halda áfram. Á morgun klukkan 20 í Iðnó verða frumflutt verkin Jörð eftir Kristin Evertsson og Younanonymous fyrir kammersveit eftir Valdimar Guðmundsson.













„Við ætluðum að reyna að mynda markaðsstemningu eins og í Kolaportinu eða þeim dúr," segir María. MYND/ÚR EINKASAFNI

# Markaðsstemning í Pakkhúsinu

**Sumarmarkaður Vestfjarða opnar aftur á morgun eftir vetrarhlé. Á markaðnum verður hægt að finna signa grásleppu kirkjukórsins, vestfirskan harðfisk og saltfisk auk handverks og heimagerðra vara.**

„Sumarmarkaðurinn er haldinn í gamla Pakkhúsinu hérna á Patreksfirði. Við ætluðum að reyna að mynda markaðsstemningu eins og í Kolaportinu eða þeim dúr," segir María Ragnarsdóttir, einn af skipuleggjendum Sumarmarkaðs Vestfjarða.

María segir að Pakkhúsið sé lítið nýtt yfir veturinn og því hafi verið ákveðið að halda þar sumarmarkað til þess að glæða það lífi. „Pakkhúsið heyrir undir Húsafriðunarnefnd. Það er tómt en það á að gera það upp."

Sumarmarkaður Vestfjarða var haldinn fyrst í fyrravor og svo á hverjum laugardegi út sumarið. „Það gekk mjög vel í fyrra. Við reyndum líka að vera með uppákomur," segir María sem vonast til þess að áframhald verði á því. „Þetta voru aðallega listamenn af svæðinu en það var nú svolítið misjafnt. Nokkrir tónlistarmenn komu við þegar þeir áttu leið hjá eða voru að halda tónleika hérna um kvöldið," segir María og minnist nokkurra skemmtilegra uppákoma. „Ég man eftir einni stelpu sem spilaði hérna úti þegar var gott veður. Svo komu sjóræningjar frá Leikfélagi Patreksfjarðar við."

María hvetur fólk alls staðar að af landinu til að leigja bása. „Kirkjukórinn hérna er að selja signa grásleppu sem vakti voða mikla lukku í fyrra. Saltfiskur er seldur og harðfiskur. Þetta er eitthvað sem miðast við svæðið sem skapast náttúrulega af sjálfu sér þó ekki sé endilega ætlast til þess. Fólk er að framleiða ýmislegt og selur það."

Sumarmarkaðurinn verður opinn alla laugardaga í sumar frá klukkan 13 til 16.

martaf@frettabladid.is



Á markaðnum má finna ýmislegt handverk og heimagerðar vörur auk vestfirsks matar. MYND/ÚR EINKASAFNI











;ALLT ÚT AÐ BORÐA

Jóna María Hafsteinsdóttir
jmh@365.is - sími 512 5473

Henný Árnadóttir
henny@365.is - sími 512 5427

Þórdís Hermannsdóttir
thordish@365.is - sími 512 5447

vísir.is „...ég sá það á vísi"

föst agur

FYLGIRIT FRÉTTA 21. maí 2010



# FYLGDI RAGGA BJARNA Í TVÖ ÁR

Árni Sveins, kvikmyndagerðarmaður og plötusnúður, sýnir tvær heimildarmyndir á Skjaldborg

+ VENUE BREYTIST Í ALVÖRU TÓNLEIKASTAÐ + INGIBJÖRG STEFÁNSDÓTTIR + ELDFJALLAMEÐFERÐ FYRIR LÍKAMANN + KOLBRÚN PÁLÍNA HELGADÓTTIR





SJÓNVARPSFLAKKARI

UNITED 640GB

Kr. 24.950

United HD MMP 9530
- 720P/1080i HD 3.5" spilari
- 640GB WD Greenpower diskur
- SD/MMC kortalesari
- HDMI og USB Uplink ofl.

720/1080i

SÆKTU EÐA FÁÐU SENT • SENDINGARKOSTNAÐUR AÐEINS KR. 750 HVERT Á LAND SEM ER • VERSLUN Í BÆJARLIND 1-3 • 201 KÓPAVOGI • SÍMI 569 0700 • WWW.ATT.IS

@tt.is
Allt tölvutengt á betra verði

# núna
*10 1 Reykjavík

helgin MÍN



## KOLBEINN HUGI MYNDLISTARMAÐUR

Á föstudagskvöldið ætla ég að vinna eins og Úrúk-Hai fyrir sýninguna Ellipsepilepsy II: The Prodrome, sem mun opna í Gallerí Suðsuðvestur daginn eftir. Á laugardaginn verð ég með óvissuferð frá Bakkusi sem mun fara á ónefndan stað þar sem verður myndlistarsýning, tónleikar og ýmislegt fleira spennandi.



### Hildur Yeoman fær hrós

Vefsíðan Style Bubble býður upp á það helsta og heitasta í tískuheiminum um þessar mundir. Íslenski hönnuðurinn Hildur Yeoman fékk gífurlega lofsamleg skrif þar nú í vikunni en blaðamaður lýsir yfir afbrýðisemi sinni yfir því hvernig ein manneskja geti verið svona hæfileikarík á svo mörgum sviðum.

Fylgihlutalínu Hildar er lofuð í hástert og þá sérstaklega hekluðum töskum í dýralíki sem Hildur sýndi meðal annars á Reykjavík Fashion Festival. Dýratöskur verða, að mati blaðamanns Style Bubble, það sem koma skal. Að lokum lofar blaðamaður verk Hildar og Sögu Sigurðar þar sem ljósmyndun og tískuteikningum var blandað saman á sýningunni Garden of Enchantment nú í vor. Enn er hægt að kaupa nokkur stykki úr þeirri sýningu í versluninni KronKron á Laugavegi. *- amb*

þetta HELST

Venue heldur tónlistarveislu um helgina:

# NÝJAN TÓNLEIKASTAÐ VANTAÐI Í BÆINN

Það var orðin vöntun á tónleikastöðum eftir að Batteríið brann og Grand Rokk lokaði dyrum sínum," útskýrir Jón Pálmar Sigurðsson, eigandi skemmtistaðarins Venue á Tryggvagötu 22. Jón Pálmar og unnusta hans, Rebecca Moran, reka einnig hinn vinsæla bar Bakkus en báðir staðirnir mynduðu eitt sinn Gauk á Stöng. „Venue verður nú fyrst og fremst tónleikastaður með fjölbreytta og spennandi tónleika þrjú kvöld í viku. Að loknum tónleikum tekur svo dansstemning við um helgar en segja má að áherslurnar séu dálítið breyttar." Rebecca, sem er myndlistarkona, hefur skreytt staðinn fagurlega að innan. „Annars eru svo sem engar stórkostlegar útlitsbreytingar en við erum komin með frábært hljóðkerfi sem við fengum úr Austurbæ."

Jón Pálmar býst við því að það gangi vel að reka Bakkus og Venue svona hlið við hlið. „Það er sama fólkið sem vinnur á báðum stöðunum og einstaka sinnum verður einhver sameiginlegur viðburður á stöðunum en annars verður Bakkus áfram með sama sniði sem bar þar sem plötusnúðar þeyta skífum en Venue verður tónleikastaður. Við erum búin að fara yfir hljóðeinangrunina á milli þannig að það ætti ekki að vera neitt sem truflar gesti." Um hvítasunnuhelgina opnar Venue á ný með pomp og prakt með fjögurra daga tónleikaveislu sem nefnst „Maíhem". Meðal þeirra sem koma fram eru hljómsveitirnar Sudden Weather Change, Reykjavík!, Captain Fufano, Útidúr og Me the Slumbering Napoleon. Að loknum tónleikum hvers kvölds verður svo ókeypis inn á DJ settin sem duna fram á rauða nótt. *- amb*



**Breyttar áherslur** Jón Pálmar Sigurðsson og Rebecca Moran reka staðina Bakkus og Venue sem eru þar sem Gaukur á Stöng var einu sinni. Hér gefur að líta nýjan og litríkan bar á tónleikastaðnum Venue sem var skreyttur af Rebeccu.

FULLT AF NÝJUM VÖRUM

Kjólar frá 7.990 kr.

Allir sem versla fyrir 8.000 kr. eða meira fá dömubómullarleggings í kaupbæti.

Stærðir 42-56

Við erum á fyrstu hæðinni í Firði.

MIND
Smart verslun fyrir konur - Firði Hafnarfirði
Sími 534 0073
Erum með opið á lau. kl. 11-16

FJÖRÐUR
www.fjordur.is



Fjórmenningar halda fatamarkað saman:

# Tískuspekúlantar selja af sér spjarir

Stórskemmtilegur fatamarkaður verður haldinn klukkan 11.00 á morgun í húsnæðinu fyrir ofan tískuverslunina GK Reykjavík við Laugaveg. Ingibjörg Finnbogadóttir, Stefán Svan Aðalheiðarson, hárdoktorinn Jón Atli Helgason og Heiða Agnarsdóttir standa saman að markaðnum og því geta bæði stúlkur og drengir gert þar góð kaup. Fjórmenningarnir eru allir þekktir fyrir smekklegan og flottan klæðnað og hyggjast þau tæma fataskápa sína algjörlega fyrir sumarið.

Á markaðnum verður meðal annars hægt að kaupa merkjaflíkur á borð við Filippu K, Henrik Vibskov, Marjan Pejoski, Chanel og Vivienne Westwood svo fátt eitt sé nefnt auk annars fatnaðar. „Við erum svo sjúklega spennt fyrir þessum markaði sjálf að við höfum verið að tæta meira út úr skápunum hjá okkur. Þetta er því orðið rosalegt magn af fötum sem verða til sölu hjá okkur," segir Stefán Svan.

Markaðurinn er haldinn á Laugavegi 66 og stendur frá klukkan 11.00 til klukkan 17.00. *- sm*



**Fyrstir koma, fyrstir fá** Stefán Svan er á meðal þeirra sem ætla að selja spjarirnar af sér. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

augnablikið



**SÆT OG FÍN** Leikkonan Gwyneth Paltrow geislaði í silfurlitum kjól og leðurjakka á leið út að borða í Manhattan í New York í vikunni.

föstudagur

**Útgáfufélag** 365 miðlar ehf. **Forsíðumynd** Stefán Karlsson Ritstjóri Anna M. Björnsson
**Útlitshönnun** Kristín Agnarsdóttir **Auglýsingar** Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir
*sigridurdagny@365.is sími 512 5462* **Föstudagur** Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000




BYKO

ATLANTSOLIA
* Kópavogsbraut 115, Kópavogi

A Member of The Linde Group | AGA

ÍSAGA ehf. | Breiðhöfða 11, 110 Reykjavík | Eyrartröð 8, 220 Hafnarfirði | Sími: 577 3000 | Fax: 577 3001 | www.aga.is

Umboðsmenn ÍSAGA ehf: *SELFOSS:* Vélaverkstæði Þóris, s. 482 3548 · *SAUÐÁRKRÓKUR:* Byggingarvörudeild Kaupfélags Skagfirðinga, s. 455 4626 · *REYÐARFJÖRÐUR:* Landflutningar–Samskip, s. 458 8840 · *ÍSAFJÖRÐUR:* Þröstur Marsellíusson hf, s. 456 3349 · *AKUREYRI:* Sandblástur og málmhúðun hf, s. 460 1515

# tíska

✻ nýtt og spennandi



**RAUÐAR VARIR** Ekkert hressir jafnmikið upp á útlitið og gamaldags og flottar rauðar varir. Þetta geggjaða nýja gloss frá Mac veitir mikinn gljáa og er hægt að nota bæði sparlega til að gefa smá rauðan blæ eða drjúgt til að fá eldrauðar Vargas-stúlku varir.



**Endurunnin efni** Litríkir jakkar settu sterkan svip á línuna.



**Sexý** Fallegt opið hálsmál með málmáherslum.



**Rokkað** Þröngar flauelsbuxur og axlapúðar.


# CC Flax

100% NATURAL NOT SYNTHETIC

Frábært við **fyrirtíðarspennu** fyrir konur á öllum aldri og öllum einkennum **breytingaskeiðs**



Mulin hörfræ – Lignans
Trönuberjafræ
Kalk úr sjávarþörungum

CC Flax gefur frábæran árangur við tifinningasveiflum, pirringi, hita- og svitakófi, svefntruflunum, fitusöfnun og húðþurrki. Stuðlar að hormónajafnvægi og vellíðan. Kemur í veg fyrir bjúg og vökvasöfnun, styrkir nýru og hindrar sýkingu í þvagfærum.* Fjölbreyttar trefjar og ríkt af Omega-3.

**Heilbrigðari og grennri konur**
Rannsókn sýndi að konur sem hafa mikið Lignans i blóðinu eru að meðaltali með 8,5 kg minni fitumassa en þær konur sem skortir eða hafa lítið af lignans.**

* Howel AB Journal of the American Medical Associaton june 2002 287:3082
** British Journal of Nutrition(2009), 102: 195-200 Cambridge University.

Styrking • Jafnvægi • Fegurð






1 kúfuð teskeið á dag - 40 daga skammtur

Fæst í apótekum og heilsubúðum www.celsus.is


Hönnun Ýr Þrastardóttur slær í gegn:

## Á LEIÐINNI TIL DÚBAÍ

Ég er alltaf undir áhrifum frá fallegum og sterkum konum," segir Ýr Þrastardóttir, sem útskrifaðist sem fatahönnuður frá Listaháskóla Íslands fyrir skömmu. Fötin sem Ýr hannaði vöktu athygli fyrir að vera mjög rokkuð en þó litrík og fyrst og fremst það sem erlendis kallast „wearable" eða föt sem konur hafa gaman af að klæðast. „Mér finnst gaman að gera föt sem undirstrika hugrekki og kynþokka," útskýrir Ýr sem segir áhrifavalda sína vera allt frá Marlene Dietrich upp í Grace Jones og Ninu Hagen.

„Ásdís Rán er líka hægt og rólega að klífa upp metorðastigann hjá mér," segir hún og hlær. Ýr segist hrífast sérstaklega af hönnuðum eins og Riccardo Tisci, Thierry Mugler og Alexander McQueen.

„Ég elska axlapúða og þröng mitti." Næst á döfinni hjá Ýri er ferðalag til Istanbúl og Dúbaí þar sem hún ætlar að skoða framleiðslumöguleika á línunni sinni.

„Ég er líka að vinna að því að gera fleiri prótótýpur en ætla mér að byrja smátt og láta gera nokkur eintök af hverju en hafa möguleika á því að panta meira ef það gengur vel að selja. Annars eru Eygló, Bóas, Oswald Helgason, Sævar Markús og fleiri ungir hönnuðir að opna saman verslun í Bergstaðastræti í sumar og mér hefur verið boðið að selja flíkur mínar þar. Þetta er mjög spennandi konsept og mér líst vel á það."

Ýr bindur vonir við að koma línunni sinni í framleiðslu von bráðar. „Ég vildi að ég hefði getað gert meira. Ég á til endalaust af skissum og vona að ég geti komið þeim líka í framleiðslu. Ef ekki þá verð ég bara að sauma þetta sjálf."

*- amb*

## Nýjar snyrtivörur frá L'Occitane



**Franska snyrtivörufyrirtækið L'Occitane sækir ætíð innblástur til franskrar náttúru. Nýverið kom út spennandi sumarlína hjá þeim sem nefnist „Peony" eða draumsóley, og dregur liti sína og ilm frá þessu fallega blómi. Línan inniheldur augnskugga, kinnaliti og varaliti og litatónar þeirra eru eins og beint úr suðrænum garði. Til að kóróna línuna er svo fáanlegur ilmurinn „Peony" sem er dásamlega ferskur** *- amb*


Blómapottar
20%
afsláttur
tveir saman, áður 5.990,-
nú 4.792,-
verð frá 790,-
690,-
kælitaska
2.990,-
1.990,-
990,-
1.890,-
verð frá 190,-
Þrefaldur blómavasi
án skreytinga 990,-
Sængurverasett
60%
afsláttur
áður 5.990,- nú 2.396,-
fleiri gerðir
2.490,-
áður 2.590,-
nú 2.072,-
5990,-
3.990,-
190,-
áður 1.190,-
nú 952,-
áður 5.990,-
nú 4.792,-
1.990,-
áður 4.990,-
nú 3.992,-
790,-
þrír saman
áður 11.990,-
nú 9.520,-
áður 490,-
nú 392,-
áður 790,-
nú 632,-
áður 2.990,-
nú 2.392,-
áður 3.990,-
nú 3.192,-
Glæsileg
mósaik
garðhúsgögn
borð 24.900,-
stóll 11.990,-
borð 19.900,-
stóll 11.990,-
borð 24.900,-
stóll 9.990,-
the
PIER
kemur stöðugt á óvart
www.pier.is
FOR YOUR HOME
Smáratorgi 3 / 201 Kópavogi / sími: 522 7860 / / Korputorgi / 112 Reykjavík / sími: 522 7870

# FYLGDI RAGGA BJARNA Í T

**Kvikmyndagerðarmaðurinn og plötusnúðurinn *Árni Sveinsson* vakti mikla athygli með heimildarmyndinni Í skóm drekans, sem hann framleiddi og leikstýrði ásamt systur sinni, Hrönn Sveinsdóttur. Myndin hlaut Edduverðlaunin árið 2002 fyrir bestu heimildarmyndina það árið. Árni sýnir tvær nýjar heimildarmyndir á kvikmyndahátíðinni Skjaldborg sem fram fer á Patreksfirði um helgina.**

*Viðtal:* Sara McMahon
*Ljósmyndir:* Stefán Karlsson

Heimildarmyndin Í skóm drekans þótti nokkuð umdeild á sínum tíma, þá einkum vegna þess að margir keppendur fegurðarsamkeppninnar sögðust grunlausir um að verið væri að mynda þá og lögðu fram kæru í kjölfarið. Málið endaði með dómsátt og er í dag notað sem dæmi um aðför gegn tjáningarfrelsi í háskólum landsins. Árni segir myndina hafa verið það umdeilda að þau systkinin flúðu nánast land í kjölfar birtingar hennar. „Tímabilið eftir Í skóm drekans var mjög skrítið því myndin var svo umdeild að ég og Hrönn flúðum eiginlega land. Hún fór í skóla í Brooklyn og ég fór að vinna sem klippari í Bandaríkjunum í ár,“ segir Árni en hann sýnir tvær heimildarmyndir á Skjaldborg um helgina. Nefnist fyrri myndin Backyard og fjallar hún um ákveðna tónlistarsenu sem þykir ríkja í Reykjavík í dag. Síðari myndin nefnist Með hangandi hendi og fjallar um ævi tónlistarmannsins vinsæla, Ragga Bjarna.

„Ég er ekkert sérstaklega sniðugur í að fjármagna myndirnar mínar þannig að þetta eru fyrstu stóru myndirnar sem ég hef gert frá því að Í skóm drekans kom út.



**Ekki sniðugur að fjármagna myndirnar mínar** Árni Sveins kvikmyndagerðarmaður og plötusnúður með meiru.


HÓTEL OG MATVÆLA SKÓLINN

MATSVEINA- OG MATARTÆKNANÁM

MENNTASKÓLINN Í KÓPAVOGI
HÓTEL- OG MATVÆLASKÓLINN FERÐAMÁLASKÓLINN LEIÐSÖGUSKÓLINN

Hvað er í matinn?



Matsveina- og matartæknanám fyrir þá sem starfa eða vilja starfa í mötuneytum vinnustaða og skipum, í eldhúsum heilbrigðisstofnana, leikskólum og skólum.

INNRITUN STENDUR YFIR!

www.mk.is
Upplýsingar á www.mk.is og á skrifstofu skólans í síma 594 4000

iceida

# ÞRÓUNARMÁL

- upplýsingarit Þróunarsamvinnustofnunar Íslands

iceida



**Á Himba-slóðum**
*bls. 6-7*

**Réttum hjálpandi hönd**
- eftir Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra
*baksíða*



**Auður í Afríku**
– og systur hennar
*bls. 11*



## Ómengað vatn og hreinlætisaðstaða gerbreytir lífinu í fiskimannaþorpinu Kachanga:

# Við erum bæði hraust og hamingjusöm

Á tæpu ári frá því íbúar fiskimannaþorpsins Kachanga á einni af Ssese-eyjunum úti á Viktoríuvatni í Úganda fengu aðgang að hreinu vatni hafa heilbrigðismálin í þorpinu tekið stakkaskiptum, sjúkdómar eins og kólera hafa ekki gert vart við sig og dregið hefur stórlega úr niðurgangspestum, að sögn Kakome Aloysius, ritara vatnsnefndar Kachanga.

Sérfræðingar í þróunarmálum hafa margir haldið því fram að hreint vatn og hreinlætisaðstaða sé undirstaða þess að auka lífsgæði í fátækum löndum og algjör forsenda þess að mörg þúsaldarmarkmiðin náist. Aloysius í Kachanga tekur undir þetta viðhorf. „Hér voru viðvarandi magasjúkdómar vegna vatnsmengunar með tilheyrandi vanlíðan og ferðum á heilsugæslustöðina," segir Aloysius. „Nú bregður hins vegar svo við að fólk er hraust, lífsgæðin hafa aukist og við erum svo hamingjusöm," segir hann.

Á átta stöðum í þorpinu geta íbúar nú sótt sér ferskt og ómengað vatn með því einu að skrúfa frá krana. Vatnsverkefnið er hluti af framlagi Þróunarsamvinnustofnunar Íslands í þróunaráætlun Kalangala-héraðs sem miðar að því að auka hagsæld og lífsgæði íbúa í þessum strjálbýlu eyjasamfélögum. ÞSSÍ hefur einnig komið upp þremur almenningssalernum í bænum til að bæta hreinlætisaðstöðu og notagildi slíkrar aðstöðu þarf ekki að draga í efa.

„Við höfum líka aukið gæði aflans með því að skola fiskinn upp úr ferska vatninu áður en hann er sólþurrkaður og við verðum vör við að hreina vatnið laðar að nýja íbúa því hér hefur orðið talsverð fólksfjölgun," segir hann.

Fyrsti hluti verkefnisins var að reisa dælustöð sem vatni úr Viktoríuvatni er dælt í og þar er vatnið hreinsað og sýklar drepnir en eftir það er vatninu dælt í tvo stóra tanka fyrir ofan bæinn sem að lokum er veitt í átta vatnshana í bænum auk þess sem vatnið nýtist löndunarstaðnum þar sem aflinn er meðhöndlaður. Fyrst um sinn verður vatnið ókeypis fyrir þorpsbúa en síðar ætla yfirvöld í þorpinu að innheimta vatnsskatt til að tryggja viðhald á búnaðinum og sjálfbærni verkefnisins.

Aloysius segir íbúa Kachanga ákaflega þakkláta íslensku þjóðinni fyrir þennan stuðning sem hann segir hafa gerbreytt samfélaginu til hins betra. *-Gsal, Kachanga.*

# Samstarfsþjóðum fækkar um helming

Samstarfsríki Íslands í tvíhliða opinberri þróunarsamvinnu voru sex talsins í þremur heimsálfum fyrir rúmu ári. Í árslok verða þau þrjú í einni heimsálfu. Fækkun samstarfslanda og samdráttur í framlögum til þróunarsamvinnu er sá veruleiki sem Þróunarsamvinnustofnun hefur verið að laga sig að frá því fjármálakreppan reið yfir. Haustið 2008 var í samráði við utanríkisráðuneytið mörkuð skýr stefna um það hvernig brugðist yrði við þeim mikla vanda sem við blasti og var ljóst að fækka þyrfti samstarfslöndum. Í niðurskurðinum hefur verið kappkostað að standa við allar samningsbundnar skuldbindingar stofnunarinnar.

Umdæmisskrifstofum og sendiráðum Íslands á Srí Lanka og Níkaragva var lokað árinu 2009. Í Níkaragva mun jarðhitaverkefni ljúka árið 2012 og stýrir því staðarráðinn verkefnisstjóri með starfsstöð í sendiráði Finna í Managva. Samstarf við þessi ríki hefur staðið stutt yfir, eða frá 2005 á Srí Lanka og 2006 í Níkaragva. Í lok þessa árs fækkar enn um eitt samstarfsríki þegar þróunarsamvinnu við stjórnvöld í Namibíu lýkur. Eftir standa þrjú samstarfsríki, öll í Afríku: Malaví, Mósambík og Úganda.

Þróunarsamvinna við Namibíu hefur staðið yfir frá því landið fékk sjálfstæði árið 1990. Einnig var Namibía í mörg ár stærsta samstarfsríki Íslands í þróunarsamvinnu. Viðskilnaðurinn við Namibíu markar þannig kaflaskil í sögu alþjóðlegrar þróunarsamvinnu Íslands.

Áherslur í þróunarsamvinnu Íslands og Úganda verða áfram á sviði fiskimála, fullorðinsfræðslu, samfélagsþróunar í fiskimannasamfélögum við Viktoríuvatn og frumkvöðlafræðslu. Nýtt verkefni á sviði gæðamála hófst formlega í apríl 2009 en markmið þess er að byggja upp getu í fiskisamfélögum og auka þekkingu á gæðamálum og markaðssetningu fiskafurða.

Í Malaví lauk á síðasta ári samstarfsverkefni í fiskveiðimálum við Apaflóa og verður ekki framhald á verkefninu. Breytingar urðu á formi stuðnings við sjúkrahúsið við Apaflóa og á þessu ári verður framhaldið fullorðinsfræðslu, vatns- og hreinlætisverkefni, auk reksturs sjúkrahússins við Apaflóa.

Í samstarfi við Mósambík er megináhersla lögð á fiskimál og menntamál. Á síðasta ári var brotið blað í samstarfi þessara þjóða þegar norsk og íslensk stjórnvöld skrifuðu undir þríhliða samning við mósambísk stjórnvöld um stuðning við sjávarútveginn næstu fimm árin. Um er að ræða samfjármögnun til að efla stjórnun fiskiveiða, til rannsókna, uppbyggingar á gæðaeftirliti, fiskeldi og til að aðstoða smábátaútgerð og fiskimannasamfélögin við strendur landsins.




*(Úr skýrslu Össurar Skarphéðinssonar utanríkisráðherra til Alþingis, 14. maí s.l.)*



Þjóðin vill enn styðja þá sem um sárt eiga að binda - það sýna viðbrögð þjóðarinnar við hjálparbeiðnum, segir Sighatur Björgvinsson meðal annars í grein sinni. Myndin er frá Úganda.
LJÓSMYND: GUNNAR SALVARSSON.

# Hvað græðum við á því?

**– eftir Sighvat Björgvinsson, framkvæmdastjóra Þróunarsamvinnustofnunar Íslands**

Mér er í fersku minni fyrsta útvarpsviðtal, sem við mig var tekið, þegar ég tók við starfi framkvæmdastjóra ÞSSÍ veturinn 2001. Ég var þá spurður um álit mitt á þróunaraðstoð Íslendinga. „Hvað græðum við á því?“ spurði fréttamaður. Mér er þetta minnisstætt vegna þess, að nokkrum árum áður hafði annar fréttamaður spurt mig nákvæmlega sömu spurningar um þátttöku Íslands í norrænni samvinnu. „Hvað græðum við á því?“ Ég gaf báðum spyrjendum sama svar. „Eigum við að græða á því?“ Báðum spyrlunum vafðist þá tunga um tönn.

Okkur Íslendingum hefur gengið vel framundir það síðasta. Á röskum einum mannsaldri tókst okkur að hefja þjóðina úr því að vera ein sú fátækasta í allri Evrópu upp í forystusætið á lífskjaralista Sameinuðu þjóðanna. Að vísu hefur okkur tekist á margfalt skemmri tíma að hnekkja þessum árangri og hrapa niður nokkur þrep á umræddum lista. Skýrsla Rannsóknarnefndar Alþingis leiðir í ljós, að það tókst okkur sjálfum að gera án utanaðkomandi aðstoðar. Við nutum hins vegar mikillar utanaðkomandi aðstoðar við að feta okkur upp lífskjaralistann á sínum tíma. Við vorum þá flokkuð sem þróunarríki og þáðum mikla þróunaraðstoð; frá Alþjóðabankanum, frá Marshall-aðstoð Bandaríkjanna og frá Evrópu. Frá Marshall-aðstoðinni þáðum við hlutfallslega meiri aðstoð eftir heimsstyrjöldina en nokkur hinna stríðsbitnu þjóða meginlandsins þrátt fyrir það að hagur Íslendinga hefði vænkast á stríðsárunum en þeirra var í rústum. Þegar ég hóf þingmennsku árið 1974 voru Íslendingar enn að taka við þróunaraðstoð utan úr heimi. Þá græddum við enn á því. Frá þeim tíðaranda er líklega komin sú afstaða að við eigum áfram að græða á þróunaraðstoð. Sú krafa stenst auðvitað enga skoðun. Ekki fremur en hjá fréttamönnunum, sem ég vitnaði til hér áðan. Þegar spurt er um rökin vefst sumum tunga um tönn – eins og þeim. Aðrir verða bara reiðir, eins og Íslendingum virðist nú vera tamt. Þeim þykir einsýnt, að Íslendingar eigi að þiggja annarra hjálp en þurfi ekki að hjálpa öðrum.

Þjóð, sem náð hefur jafnmiklum árangri og við Íslendingar og notið til þess jafn mikils stuðnings annarra þjóða og alþjóðastofnana og við höfum notið í tímans rás, skuldar umheiminum að sjálfsögðu liðsinni við að þjóðir, sem eru fátækari en við þó nokkru sinni vorum á allri 20. öldinni, geti fetað sig frá örbirgð til bjargálna. Þar hljótum við samt auðvitað að sníða okkur stakk eftir vexti. Við erum ekki jafn aflögufær eftir þau áföll, sem þjóðin hefur orðið fyrir, og við vorum á meðan við sátum í efsta þrepi lífskjaralistans. Enda höfum við lækkað framlög okkar til þróunaraðstoðar um helming síðan þá og fækkað fátækum samstarfsþjóðum að sama skapi. Vissulega höfum við neyðst til að lækka framlög úr sameiginlegum sjóði til velferðar fátækra samlanda okkar en við höfum lækkað framlög til velferðar fátækra samborgara okkar í fjölskyldu þjóðanna miklu meira. Samt höfum við ekki skorast undan allri ábyrgð. Enn vill þjóðin styðja þá sem um sárt eiga að binda. Það sýna viðbrögð þjóðarinnar við hjálparbeiðnum, sem okkur berast frá snauðu fólki í útlöndum, sem og stuðningur almennings á Íslandi við fjöldamörg félagasamtök í mannúðar- og þróunarstarfi, eins og Rauða krossinn, Hjálparstarf kirkjunnar, Samband íslenskra kristniboðsfélaga, Barnaheill, ABC barnahjálp, SOS barnaþorpin, Spes samtökin, UNICEF, UNIFEM og fjölmörg önnur smærri félagasamtök og einstaklinga sem sinna aðstoð við þurfandi. Enn eimir þó eitthvað eftir af því viðhorfi, sem reyndist þjóðinni hvað dýrkeyptast – sem sé því, að opinberir aðilar séu einatt og hvarvetna til óþurftar. Þessa viðhorfs hefur gætt jafnt í framkvæmd þróunarverkefna sem í framkvæmd flestra annarra viðfangsefna. Að allt sé betra sem aðrir gera en hið opinbera.

Staðreyndin er hins vegar sú, að sérhver aðili í mannúðar- og þróunarstarfi hefur sínu hlutverki að gegna. Þar hefur atvinnu- og efnahagslíf efnaðri þjóða, fólk og fyrirtæki, sínu hlutverki að gegna sem enginn annar fær betur gert ef vilji er fyrir hendi og hugur fylgir máli. Sama máli gegnir um frjáls félagasamtök og áhugasama einstaklinga. Þau og þeir eiga einnig sinn vettvang þar sem einhverjir aðrir geta ekki átt jafngóða aðkomu. Stjórnvöld hinna efnuðu ríkja heims sem og alþjóðastofnanir eru langstærstu veitendur þróunaraðstoðar. Enginn getur komið í stað þeirra og enginn náð meiri árangri en þau sé vel að verki staðið og unnið af sanngirni og skilningi.

Þó að Íslendingar séu ekki víða á vettvangi í þróunaraðstoð og lítið fari fyrir okkur í samanburði við fjölmennari þjóðir get ég fullyrt og byggi það á þekkingu og eigin reynslu að við Íslendingar njótum góðs álits og virðingar meðal þeirra þjóða þar sem við höfum verið að störfum. Í þeirri sálarkreppu, sem þjóðin á nú við að etja, í ofanálag við hina efnahagslegu kreppu ætti það að létta mörgum skap að vita, að fyrir milligöngu þeirra aðila á Íslandi, sem styðja fátækt fólk í þróunarlöndum, hafa Íslendingar aflað sér virðingar og vináttu miklu meira fjölmennis meðal þeirra þjóða en nemur fjölda þeirra sem byggja landið okkar. Stuðnings þessara þjóða höfum við líka notið á alþjóðavettvangi þegar eftir því hefur verið leitað og við þurft á að halda. Það höfum við þó „grætt“ á þróunarsamvinnunni. Virðingu, viðurkenningu og vináttu samstarfsaðila okkar og þess fjöldamarga fólks í nauðum statt í fátækum löndum, sem Íslendingar hafa aðstoðað.

Breytingar á verklagi í framkvæmd þróunarsamvinnu í Úganda:

## Innlendir verkefnisfulltrúar ráðnir í auknum mæli









Innlendir verkefnisfulltrúar hafa í auknum mæli verið ráðnir til starfa á vegum Þróunarsamvinnustofnunar Íslands í Úganda. Aðeins einn íslenskur verkefnastjóri, Geir Oddsson auðlindafræðingur, er starfandi á umdæmisskrifstofunni í Kampala, en Drífa H. Kristjánsdóttir er verkefnastjóri þróunarverkefna í fiskimannasamfélögum úti á eyjum Kalangala-héraðs í Viktoríuvatni. Drífa og Geir sinna fyrst og fremst eftirliti og eftirfylgni fremur en beinni framkvæmd verkefna.

„Þessi breyting samræmist þeirri meginbreytingu að veitendur þróunaraðstoðar hafa í síauknum mæli breytt verklagi sínu frá því að framkvæma verkefnin sjálfir með beinum verkefnastuðningi, eigin umsýslu og framkvæmd verkefna, yfir í að veita svokallaðan fjárlagastuðning, styðja ákveðna geira eða fjármagna skilgreind verkefni ákveðinna stofnana samstarfslandsins. Og þá nota þeir innlend kerfi við veitingu og eftirlit með aðstoðinni. Þetta þýðir að hlutverk útsendra starfsmanna veitenda þróunaraðstoðar verður fyrst og fremst eftirlit með framkvæmd og árangri.“

Geir hefur umsjón með verkefnum á sviði fiskimála, fullorðinsfræðslu og frumkvöðlafræðslu en innlendu starfsmennirnir, ýmist í fullu starfi eða hlutastarfi, eru James Sekatawa, verkefnisstjóri „Quality Assurance for Fish Marketing Project“, Maria Goreth Nandago yfirverkefnisfulltrúi og Lilian Asaba, verkefnisfulltrúi fullorðinsfræðsluverkefna. Úti á Kalangala eru verkefnisstarfsmenn þrír, Pius Ichariat yfirverkefnisfulltrúi, Ben Twikirize verkefnisfulltrúi og James Kayizzi verkefnisfulltrúi. Samuel Lutwarma ráðgjafaverkfræðingur sinnir eftirliti með byggingaframkvæmdum í þróunarverkefninu úti á eyjunum og fiskiverkefninu.

Áherslur í þróunarsamstarfi Íslands og Úganda hafa verið á sviði fiskimála, fullorðinsfræðslu, byggðaþróunar og frumkvöðlafræðslu. Nýtt verkefni á sviði gæðamála fiskafurða hófst formlega fyrir réttu ári. Innlendur sérfræðingur, James Sekatawa, var ráðinn verkefnisstjóri verkefnisins í júní 2009.

*-Gsal, Kampala.*

ÞRÓUNARMÁL
upplýsingarit Þróunaramvinnustofnunar Íslands

Þróunarsamvinnustofnun Íslands (ÞSSÍ) er sjálfstæð ríkisstofnun sem heyrir undir utanríkisráðuneytið. Hún var stofnuð með lögum árið 1981 og er ætlað að vinna að tvíhliða samstarfi Íslands við þróunarlönd. Áhersla er lögð á samvinnu við þau lönd þar sem lífskjörin eru lökust og er aðstoðin einkum veitt á þeim sviðum þar sem Íslendingar búa yfir sérstakri þekkingu og reynslu.

**Útgefandi:** Þróunarsamvinnustofnun Íslands
**Ritstjóri og ábyrgðarmaður:** Gunnar Salvarsson
**Umsjón:** Útgáfu- og kynningardeild ÞSSÍ
**Útlit:** Tryggvi Ólafsson
**Dreift með Fréttablaðinu föstudaginn 21. maí 2010**

## Vikulegt Veftímarit um þróunarmál

Þróunarsamvinnustofnun Íslands gefur út vikulegt Veftímarit um þróunarmál. Ritinu er ætlað að glæða umræðu um þróunarmál og gefa áhugasömum kost á að fylgjast með því sem hæst ber hverju sinni. Veftímaritið kemur út á miðvikudögum og það kostar ekkert að skrá sig sem viðtakanda. Fyrir alla þá sem áhuga hafa á þróunarmálum og vilja fræðast um það sem er að gerast í þessum mikilvæga málaflokki er einfalt að gerast viðtakandi að Veftímaritinu og fá það vikulega sent í tölvupósti. Skráið ykkur á heimasíðu Þróunarsamvinnustofnunar Íslands, www.iceida.is eða sendið beiðni á netfangið iceida@iceida.is. Fleiri fréttir, viðtöl og greinar um þróunarmál er að finna bæði í Veftímaritinu og á heimasíðu Þróunarsamvinnustofnunar.




San börnin glaðleg með námsbækurnar á móðurmáli sínu.
LJÓSMYND: DAVÍÐ BJARNASON.

# Stuðningur við móðurmál Sana

**eftir Dr. Davíð Bjarnason, verkefnastjóra félagslegra verkefna í Namibíu**

Frá árinu 2008 hefur Þróunarsamvinnustofnun Íslands stutt menntaverkefni á vegum WIMSA (Working Group of Indigenous Minorites in Southern Africa). WIMSA eru frjáls félagasamtök um hagsmuni San-frumbyggjanna og samhæfa og tala máli þessa kúgaða minnihlutahóps víðs vegar um sunnanverða Afríku. Mikilvægur þáttur í þessu samstarfi hefur verið að styðja við móðurmálskennslu San-fólksins í Namibíu með því að þróa kennsluefni, sérstaklega fyrir leikskóla- og grunnskólastig þegar næmiskeið máltökunnar er mest. Verkefnið er unnið í samstarfi við þá stofnun innan menntamálaráðuneytisins sem fer með menntavísindi.

San í Namibíu eru samtals um 38 þúsund talsins, þeir tala 5 mismunandi tungumál og dreifast vítt um landið, sem felur í sér margvísleg vandkvæði í móðurmálskennslu. Á árinu 2009 hefur ÞSSÍ veitt framlag til prentunar, umbrots og mynda í fjórar námsbækur fyrir börn í kwedam- og !kung- (einnig þekkt sem !xun) tungumálum. Kwedam er tungumál 5.000 manna í Vestur-Caprivi og !kung-tungumál hafa álíka margra málnotendur, um 5.000, sem eru flestir á Mangetti-svæðinu í Otjozondjupa (sjá kort). Flest San-tungumál eru einungis raddmál sem er enn eitt vandkvæðið við að búa til námsefni því þróa þarf ritmál samtímis fyrir hvert tungumál. Skortur á rituðu mál felur í sér frekari ógn um áframhaldandi tilvist tungumálanna. Til dæmis er kwedam-tungumál meðal þeirra sem talin eru í útrýmingarhættu að mati UNESCO.

Vert er að nefna að í samræmi við tölur og spár gætu rúmlega 50% af þeim 6.700 tungumálum sem töluð eru í heiminum verið horfin við upphaf næstu aldar. Athyglisvert er að 96% af þessum tungumálum eru töluð af aðeins 4% jarðarbúa. Margar viðvörunarbjöllur hringja við glötun tungumála með vísan í menningarlega fjölbreytni í heiminum enda er því oft haldið fram að hverfi tungumál glatist jafnframt menningin sem er samofin málinu. Þessi þróun tengist enn frekar varðveislu líffræðilegrar fjölbreytni því hefðbundin þekking á staðbundnu vistkerfi er varðveitt í svæðisbundnum tungumálum á umræddum slóðum.



Nú geta San börn sökkt sér ofan í eigin menningu í gegnum miðil sem skrifaður er á þeirra eigin móðurmáli.
LJÓSMYND: GUNNAR SALVARSSON.

## Stuðningur við móðurmálið mikilvægur

Á alþjóðavettvangi hefur verið lögð áhersla á mikilvægi móðurmálskennslu, meðal annars með tilliti til þess að ná markmiðum í „Menntun fyrir alla 2015“ og þúsaldarmarkmiðunum. Litið er á móðurmálsmenntun á fyrstu árum ævinnar sem lykilþátt að því er varðar námsgengi síðar á lífsleiðinni og hversu auðveldlega börn ná færni í lestri og reikningi á fyrstu árunum. Gildandi menntastefna í Namibíu felur í sér stuðning við móðurmálskennslu á fyrstu þremur árum skólagöngu. Til þess að tryggja stefnuna í raun þarf vel að merkja að búa til námsefni á viðkomandi móðurmáli og mennta kennara. San-börn fá því í raun takmarkaða kennslu í móðurmáli sínu.

Miðað við landsmeðaltal í Namibíu hvað varðar læsi og skólagöngu eru þeir sem tala San-tungumál samkvæmt nýlegri skýrslu WIMSA aðeins hálfdrættingar. Brottfall San-nemenda úr skólum er alvarlegt. Að meðaltali halda aðeins 1,8% af San-nemendum, sem hefja nám í 1. bekk, áfram námi upp í framhaldsskóla. Að mati málsvara San er augljóst samband á milli skorts á móðurmálskennslu og ófullnægjandi námsgengis San-barna. Stuðningur við móðurmálið er því talin ein mikilvægasta lausnin á aðsteðjandi vanda í menntunarmálum San í Namibíu.

Námsbækurnar á !kung-tungumáli voru opinberlega kynntar í þorpinu Mangetti Dunes í vestur Tsumkwe-kjördæmi. Meðan á athöfninni stóð var kastljósinu beint að menningarlegri sjálfsmynd Sana auk þess sem lögð var áhersla á mikilvægi staðbundinnar þátttöku í verkefnum um tungumálin með víðtækri þátttöku allra hagsmunaaðila.

ÞSSÍ lítur á þetta verkefni sem mikilvægt og til fyrirmyndar á margan hátt. San-börn geta nú sökkt sér ofan í eigin menningu í gegnum miðil sem skrifaður er á þeirra eigin móðurmáli, þökk sé San-höfundum og tungumálanefndum sem að verkefninu komu til að veita innsýn í menningu og umhverfi San-fólksins. Námsefnið mun efalítið hjálpa til við að skapa undirstöðu fyrir framtíðarmenntun þeirra, menningarlega vitund og stolt.

Til að tryggja skilvirka notkun á námsbókunum í kennslu hyggst WIMSA með stuðningi frá ÞSSÍ einnig fylgja verkefninu eftir með menntasmiðju fyrir kennara. Sú starfsemi miðast að því að undirbúa San-kennara með hagnýtri þekkingu og færni í lestri og skrift á tveimur tungumálum til að tryggja að móðurmálið verði í öndvegi sem kennslumál og einnig í almenna námsumhverfinu.



Þrjátíu nemendur í Kennaraskólanum í Windhoek hafa valið táknmál sem valgrein í námi sínu við skólann.
LJÓSMYND: GUNNAR SALVARSSON.

Kennaraskólinn í Windhoek:

## Þrjátíu nemendur læra táknmál

Um þrjátíu nemendur í Kennaraskólanum í Windhoek, höfuðborg Namibíu, hafa valið táknmál sem valgrein í námi sínu við skólann. Á síðasta ári var í fyrsta sinn boðið upp á þennan möguleika í skólanum að áeggjan og með stuðningi umdæmisskrifstofu Þróunarsamvinnustofnunar Íslands í landinu en stærsta verkefni ÞSSÍ í Namibíu er á sviði menntunar fyrir heyrnarlausa. Um fimmtán nemendur eru á fyrsta ári í táknmáli og svipaður fjöldi á öðru ári.

Barbara Peters aðstoðarrektor skólans og Beau Brewer táknmálskennari voru hér á landi fyrir skömmu og kynntu sér táknmálsnám á Íslandi undir leiðsögn starfsmanna Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra og heyrnarskertra. Þær hafa nokkrar áhyggjur af framtíð táknmálskennslunnar eftir sameiningu Kennaraskólans við Háskóla Namibíu því háskólinn hefur ekki táknmál á námskránni. Davíð Bjarnason verkefnastjóri ÞSSÍ í Namibíu segist hins vegar líta á sameininguna skólanna sem tækifæri til að koma táknmálskennslunni á háskólastig. „Ef rétt verður á málum haldið trúi ég því að sú verði raunin,“ segir hann.

„Það var ákaflega gagnlegt fyrir okkur að heimsækja Samskiptamiðstöðina og aðrar menntastofnanir í Reykjavík. Við erum reynslunni ríkari og höfum öðlast þekkingu sem nýtist okkur til að rökstyðja mikilvægi táknmáls fyrir samfélagið og fulltrúa háskólans,“ segir Barbara.

Heyrnarlaus börn víða um heim hafa kennara sem ekkert kunna í táknmáli og geta varla stafað nafn sitt á fingrastafrófi, hvað þá miðlað námsefninu til nemendanna. Sá mikli áhugi sem táknmálsnámið vekur í kennaraskólanum í Windhoek gefur heyrnarlausum börnum í Namibíu vonir um að sá dagur renni upp fyrr en síðar að táknmálstalandi menntaðir kennarar taki að sér kennsluna og tryggi um leið eðlileg tjáskipti og miðlun upplýsinga í kennslustofunni. Að mati allra hlutaðeigandi er því ákaflega mikilvægt að tryggja áframhaldandi kennslu í táknmáli í kennaranámi.

# Alþjóðleg þróunarsamvinna Íslands

**- eftir Einar Gunnarsson, ráðuneytisstjóra í utanríkisráðuneytinu**




Meginmarkmið þróunarsamvinnu Íslands er m.a. að stuðla að efnahags- og félagslegum framförum.
LJÓSMYND: GUNNAR SALVARSSON.

Saga íslenskrar þróunarsamvinnu spannar nú næstum 40 ár. Á þessum tíma hafa miklar breytingar orðið á umhverfi þróunarsamvinnu bæði hérlendis og á alþjóðavettvangi. Fyrstu lögin um þróunarsamvinnu Íslands frá 1971 endurspegluðu áherslur þess tíma, en þá höfðu aðildarríki Sameinuðu þjóðanna nýlega samþykkt ályktun um að iðnríkin skyldu verja 0,7% af vergum þjóðartekjum í þágu þróunarríkjanna. Tíu árum síðar voru samþykkt lög um Þróunarsamvinnustofnun Íslands, en með þeim var tvíhliða aðstoð við þróunarlönd komið í fastari skorður og Þróunarsamvinnustofnun hóf störf í núverandi mynd.

Í upphafi níunda áratugarins var jafnrétti kynjanna, umhverfismálum og þróun einkageirans gert hærra undir höfði og umhverfi þróunarsamvinnu varð flóknara með þátttöku fleiri ríkja, stofnana og frjálsra félagasamtaka í þróunarstarfi. Kalda stríðið setti mark sitt á þróunaraðstoð og við lok þess komu fram raddir um að hennar væri ekki lengur þörf. Það leiddi til þess að framlög til hefðbundinna þróunarverkefna drógust saman en á sama tíma jukust hins vegar vegar framlög til neyðar- og mannúðaraðstoðar vegna náttúruhamfara og ófriðar.

Samþykkt Þúsaldaryfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna árið 2000 markaði þáttaskil í þróunarstarfi. Þar sammæltust aðildarríki samtakanna um átta mælanleg markmið sem vinna skyldi að fram til ársins 2015. Til að stuðla að framgangi þúsaldarmarkmiðanna þarf betri heildarsýn á málaflokkinn, efla þarf samræmingu milli þróunarstofnana og laga aðstoð þeirra að þörfum og getu viðtökuríkja. Parísaryfirlýsingin frá 2005 inniheldur áætlun og markmið um umbætur í störfum þróunarstofnana sem miða að þessum markmiðum.

Ný lög um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands sem tóku gildi haustið 2008 grundvallast á þessum markmiðum. Lögin ná til allrar þróunarsamvinnu Íslands, tvíhliða samstarfs við önnur ríki, samstarfs við fjölþjóðlegar stofnanir, störf í þágu friðar og neyðar- og mannúðaraðstoðar. Þau taka mið af þúsaldarmarkmiðunum og öðrum alþjóðlegum yfirlýsingum og sáttmálum. Lögin styrkja einnig hlutverk Alþingis og greiða götu samstarfs félagasamtaka og stjórnvalda.

Í upphafsgrein laganna segir að meginmarkmið þróunarsamvinnu Íslands sé að styðja viðleitni stjórnvalda í þróunarlöndum til að útrýma fátækt og hungri, stuðla að efnahags- og félagslegum framförum, þar með talið mannréttindum, menntun, bættu heilbrigði, jafnrétti kynjanna, sjálfbærri þróun og sjálfbærri nýtingu auðlinda. Það heyrir einnig til markmiða þróunarsamvinnu að tryggja öryggi á alþjóðavettvangi, m.a. með því að vinna að uppbyggingu og gæslu friðar, og veita mannúðar og neyðaraðstoð.

Með lögunum er brugðist við breytingum sem hafa átt sér stað á þróunarsamvinnu íslenskra stjórnvalda. Umfang hennar hefur aukist og verklag verið aðlagað þeim alþjóðlegu viðmiðum sem áður voru nefnd. Framlög til þróunarsamvinnu jukust umtalsvert á síðasta áratug, frá því að vera um 800 milljónir króna árið 2000, í ríflega fjóra milljarða árið 2009, sem svarar til 0,32% af vergum þjóðartekjum. Vegna efnahagsþrenginga hafa framlög dregist saman og nema þau 3,2 milljörðum króna í fjárlögum þessa árs en vegna gengisþróunar íslensku krónunnar hefur verðmæti framlaganna gagnvart samstarfsríkjum og alþjóðastofnunum dregist mun meira saman eða nálægt því um helming.

Þróunarsamvinnulög kveða á um að utanríkisráðherra leggi fram annað hvort ár tillögu til þingsályktunar á Alþingi um áætlun stjórnvalda um alþjóðlega þróunarsamvinnu til fjögurra ára í senn. Í áætlunni skal greint frá framlögum og hvernig þau skiptast á grundvelli stefnumiða til lengri og skemmri tíma litið. Utanríkisáðuneytið fer með yfirstjórn og samræmingu þróunarsamvinnu Íslands. Það fer jafnframt með fyrirsvar í samstarfi við alþjóðlegar þróunarstofnanir, vegna neyðar- og mannúðaraðstoðar og framlags Íslands til friðaruppbyggingar og friðargæslu. Um 40% framlags til þróunarmála rennur til verkefna á vegum Þróunarsamvinnustofnunar Íslands, sem annast tvíhliða samstarf í umboði utanríkisráðherra og í samræmi við langtímaáætlun stjórnvalda.

Mikilvægt markmið þeirra breytinga sem ný lög hafa í för með sér er að stuðla að betra samræmi í stefnu Íslands á öllum sviðum þróunarmála og auka samhljóm á milli þróunarsamvinnu og annarra málefna utanríkisstefnunnar. Í því skyni starfar sérstakur stýrihópur utanríkisráðuneytisins og ÞSSÍ undir stjórn ráðuneytisstjóra. Hlutverk stýrihópsins er að vinna stefnumarkandi tillögur í þróunarmálum til ráðherra, fjalla um og samhæfa fjárlagatillögur og framkvæmdaáætlanir, og hafa eftirlit með að fylgt sé samræmdum reglum og verklagi í öllu þróunarstarfi Íslands.

Samkvæmt ákvæði laganna hefur einnig verið skipuð sjö manna Þróunarsamvinnunefnd sem kosin er af Alþingi og sautján manna samstarfsráð um alþjóðlega þróunarsamvinnu. Nefndin og samstarfsráðið sinna ráðgefandi hlutverki við stefnumarkandi ákvarðanir. Í ráðinu sitja fulltrúar félagasamtaka, háskólasamfélagsins og vinnumarkaðarins, auk hinna sjö fulltrúa sem einnig sitja í Þróunarsamvinnunefnd. Ráðið er vettvangur fyrir þá aðila sem láta sig þróunarmál varða í íslensku samfélagi til að miðla af þekkingu sinni, skiptast á skoðunum um strauma og stefnur í þróunarsamvinnu og til að fjalla um stefnumörkun stjórnvalda.

Þær breytingar og umbætur sem nýlega hafa verið gerðar á lögum og skipulagi þróunarstarfsins er staðfesting þess að við viljum axla ábyrð og skyldur í samfélagi þjóðanna. Tímabundnir erfiðleikar setja vissulega strik í reikninginn, en þeir breyta ekki vilja okkar til að leggja af mörkum til að útrýma fátækt og stuðla að betri og friðsælli heimi. Starfsmenn Þróunarsamvinnustofnunar vinna mikilvægt starf fyrir Íslands hönd og bera hróður landsins víða. Sú þekking og reynsla sem stofnunin býr yfir er okkur afar mikilvæg og er einn helsti grundvöllur þess að við verðum fær um að efla og styrkja okkar þróunarstarf af fullum þunga þegar betur fer að ára.

## Frumkvöðlafræðsla í Úganda:

# Tæplega sex þúsund hafa sótt námskeið

Tæplega sex þúsund einstaklingar hafa sótt námskeið í frumkvöðlafræðslu í 36 héruðum Úganda á síðustu árum en leiðbeinendurnir hafa margir hverjir fengið frummenntun sína á þessu sviði á Íslandi. Fyrsti hópurinn með átta Úgandabúum kom sumarið 2006 og tólf verðandi kennarar í frumkvöðlafræðum voru á Íslandi síðasta sumar. Þessir einstaklingar hafa síðan kennt „annarri kynslóð“ fræðara og alls hafa nú 150 einstaklingar réttindi til að kenna á frumkvöðlanámskeiðum.

„Ætlunin er að hefja innan tíðar eftirfylgni í formi viðskiptaráðgjafar fyrir þá sem hafa lokið frumkvöðlafræðslu,“ segir Leslie Mutumba hjá Fjárfestingastofu Úganda en hann var leiðtogi í námsferðinni á síðastliðnu sumri þar sem Úgandabúar sóttu tveggja vikna námskeið í frumkvöðlafræðslu í Háskólanum í Reykjavík. Báðir hóparnir sem komið hafa frá Úganda hafa verið á vegum Þróunarsamvinnustofnunar en eitt af samstarfsverkefnum í þróunarsamvinnu við stjórnvöld í Úganda er á sviði frumkvöðlafræðslu þar sem Fjárfestingastofa Úganda er helsti samstarfsaðili.

Frumkvöðlanámskeiðin hafa verið mjög vinsæl í Úganda en markmið þeirra er ekki síst að efla atvinnutækifæri kvenna. Leslie segir að konur séu í talsverðum meirihluta þeirra sem sótt hafi námskeiðin, eða tæplega sex af hverjum tíu þátttakendum.

Með fjölgun leiðbeinenda á frumkvöðlanámskeiðum verður enn frekar hægt að herða róðurinn og bjóða fleiri Úgandabúum að sækja námskeið. Að sögn Leslie er á döfinni að þýða leiðbeiningarit á fimm staðbundin tungumál til að ná til þeirra sem ekki eru læsir á ensku.

*-Gsal, Kampala.*



Konur eru í meirihluta þeirra sem sótt hafa frumkvöðlanámskeiðin.
LJÓSMYND: GUNNAR SALVARSSON.


Götumynd frá Malaví. LJÓSMYND: GUNNAR SALVARSSON.

# Svona er að búa í fátæku landi

– eftir Stefán Jón Hafstein umdæmisstjóra í Malaví

Hvernig birtist fátækt í daglegu lífi í landi eins og Malaví? Götur höfuðborgarinnar eru skörðóttar og holóttar, þar eru gangstéttar fátíðar og götulýsing næstum engin. Byggðir eru dreifðar og mest kofar á mismunandi stigum, þótt sæmileg millistéttarhverfi birtist inni á milli. Símkerfi virkar illa, rafmagnsskortur setur svip á daglegt líf, enda er heildarframleiðsla í 13 milljóna manna landi minni en nemur hálfri Kárahnjúkavirkjun; sex prósent íbúa hafa aðgang að rafmagni.

Vegir eru slæmir, lítill bílafloti heimamanna einkennist af hræjum sem varla eru ökufær og umferðarslys eru með því mesta sem um getur í heiminum. Aðkomumaður tekur strax eftir hve vélvæðing er skammt komin, fólk gengur langar leiðir með byrðar eins og vatn og eldivið, eitt reiðhjól ber fjögurra manna fjölskyldu eða hlaða af kolapokum. Heimili alls þorra fólks eru leirkofar með stráþökum þar sem getur verið langt í næsta vatnsból og hreinlætisaðstaða lítil sem engin. Þótt fólk sé almennt hreinlegt eru fötin slitin og skór þess þættu óvíða boðlegir, enda margir berfættir. Konur klæðast mikið litríkum lendaklæðum en samsetning hjá hinum almenna karlmanni minnir mest á flóamarkað.

### Ógnarlegar tölur

Börnin í götunni minni fara í skólann fyrir klukkan átta á morgnana og eru mörg í slitnum og óhrjálegum skólabúningum. En þau eiga gott því aðeins þriðjungur barna lýkur barnaskóla. Og helmingur allra barnaskólanema er vannærður. Menntunarskortur er alvarlegt vandamál í Malaví, ólæsi kvenna yfir 50% og karla næstum 40%. Um 10% barna úr hverjum árgangi fara í framhaldsskóla, og mun færri ljúka námi. Menntað fólk flyst oft burt ef það getur markaðssett sig annars staðar, sagt er í bæði gríni og alvöru að fleiri malavískir læknar séu í Manchester í Bretlandi en í Malaví.

Fjörutíu prósent af ríkisútgjöldum koma frá erlendum ríkjum. Hagkerfið er illa búið til sóknar: Malaví er landlukt, auðlindir þverrandi, innviðir veikir, sóknarfæri fá. 70 prósent af útflutningstekjum eru af tóbakssölu sem ekki lofar góðu ef Alþjóða heilbrigðisstofnunin nær markmiðum sínum um að minnka reykingar.

Fátæktin birtist í því að lífslíkur eru aðeins 52 ár að meðaltali, ungbarnadauði er með því mesta sem þekkist, sjúkdómar eins og niðurgangur og öndunarfærapestir leggja fjölda manns að velli árlega og mæðradauði er með því hæsta á jarðríki: Að meðaltali deyja 16 konur á dag af barnsförum.

### Lág laun og hátt verð

En er þá ekki ódýrt að lifa í svona landi? Nei, svo merkilegt sem það er þá eru matvæli dýr. Margir borgarbúar rækta hænur og selja egg og kjúklinga sem kosta nær 1.000 krónur stykkið úr heimahúsi. Svipað og á Íslandi! Á götumarkaði í höfuðborginni kosta fjórir tómatar 200 krónur. Ef laun lögreglumanns eru 5.000 krónur getur hann keypt kjúkling einu sinni í viku og borðað fimm tómata með í hvert skipti fyrir launin. Auðvitað borðar hann aldrei kjúkling, heldur ræktar maís eins og allir aðrir. Fólkið lifir á maís. Það kaupir ekki mat í búðum.

Í svona fátæku landi er ekkert til sem heitir „skemmtanaiðnaður“ en þó er því ekki að leyna að sumar hljómsveitir gefa út diska sem seldir eru á götuhornum. Ríkissjónvarpið sendir út á einni rás og tveimur útvarpsrásum og nokkuð er um einkareknar stöðvar sem njóta framlaga pólitískra auðmanna. Eitt kvikmyndahús er í landinu, og það heyrir til tíðinda að nú hefur verið opnuð „bókabúð með bókum“ í höfuðborginni. Menningarstofnanir eins og söfn, listagallerí og slíkt er ekki að finna í þeirri mynd sem Íslendingar þekkja.

Aðbúnaður er mjög hraklegur sem má sjá af útliti opinberra stofnana og skrifstofum í ráðuneytum þar sem málning flagnar af veggjum og húsgögn eru við að detta í sundur. Sjaldgæft er að hlutum sé hent, endalaust er hægt að gera við og margir handverksmenn ná færni í því. Farsímar hafa níu líf. Sáralítill iðnaður er í landinu og stenst ekki samkeppni við innflutt skran; bilanir á öllum hlutum til daglegs brúks eru fastur liður í tilveru þeirra fáu sem hafa efni á.

Ekki er um að ræða „velferðarkerfi“. Lyf kosta peninga, nema þau sem erlend ríki gefa, eins og til HIV-smitaðra. Malaría er landlæg og getur reynst fátækri fjölskyldu dýr ef þarf að kaupa lyf. Veikt fólk kemst á ríkisspítala ef það býr nærri en ættingjar þurfa að elda handa sjúklingum. Barnaskólar eru ókeypis en þegar kemur að framhaldsskóla kostar frá 4.000 krónum upp í 22.000 krónur á önn að senda ungling til menntunar. Ríkisstarfsmenn hafa smávægileg eftirlaun, aðrir ekki. Það segir sína sögu að nær allt fullorðið fólk þekkir hungur af eigin raun.

### Tvöhundruðkall á dag?

Þjóðartekjur á mann eru innan við 600 dollarar á ári í Malaví – vel innan við tvo dollara á dag. Íslendingar hafa 50 sinnum hærri tekjur á mann. Viðmið Alþjóðabankans fyrir fátækt er 1,25 dollarar á dag í tekjur, en 30% Malava ná ekki því viðmiði, og 22% eru í raun úrskurðuð „ofur-fátæk“. Í raun má segja að í svona landi séu tvö, ef til vill þrjú, hagkerfi. Í fyrsta hagkerfinu eru 85% landsmanna sem lifa af sjálfsþurftarbúskap og eru utan við peningahagkerfið og sjá eiginlega aldrei peninga. Í öðrum hluta hagkerfisins eru svo rúmlega 10% landsmanna sem hafa reglulega vinnu og tekjur og búa í peningakerfi að hluta til að minnsta kosti. Flestir eru þó með annan fótinn í „óformlega hagkerfinu“, rækta eigin mat að hluta og stunda vöruskipti. Hér eru kennarar og lágtsettir ríkisstarfsmenn sem fá e.t.v. 12-17.000 krónur á mánuði, launamenn smáfyrirtækja og slíkir. Láglaunafólk fær 3-5.000 krónur á mánuði.

Í efsta laginu eru svo háttsettir ríkisstarfsmenn og stjórnendur stórfyrirtækja sem hafa margir þokkalegar tekjur og lifa góðu lífi, en erfitt er að meta stærð þessa hóps. Þessi litli hópur er ekki stærri en svo að ekki er til markaður í landinu fyrir „lúxusvörur“ og dýra þjónustu, skemmtanir eða sérverslanir svo heitið geti. Tölur um atvinnuleysi eru ekki til enda ekki hægt að ræða um almennan vinnumarkað þegar næstum allir eru sjálfsþurftarbændur.

### Ísland í samanburði

Stutt er síðan Ísland var í efsta sæti á lista þjóða samkvæmt „lífskjaravísitölu“ Sameinuðu þjóðanna (Human Development Index). Það var árið 2007 og ári síðar höfðu Norðmenn og Ástralar farið upp fyrir okkur. Ísland fellur kannski niður um nokkur sæti á þessu ári, en við verðum örugglega á topp tíu listanum yfir þá sem hafa það best meðal þjóða heims 2010. Neðst eru Níger (182) og Afganistan sæti ofar, Malaví er í 160. sæti.

Ísland á sem betur fer langt að hrapa til að teljast „fátækt“ land. Hrapi Ísland af topp tíu listanum (úr þriðja sæti í ellefta) verðum við fyrir neðan lönd eins og Noreg, Ástralíu, Kanada og Svíþjóð, en í ellefta sæti værum við enn fyrir ofan Finna og Bandaríkin, tíu sætum fyrir ofan Breta og 20 sætum fyrir ofan Kúveit. Við verðum að hrapa um 50 sæti til að verðskulda titilinn „Kúba norðursins“ miðað við núverandi stöðu hjá Kastró (51) og værum samt 20 sætum fyrir ofan Rússa (71) og 40 sætum fyrir ofan Kínverja (91). Um 150-160 sætum fyrir neðan okkur er svo Malaví sem fær þróunaraðstoð frá Íslandi: vatnsból, skóla, fræðslu og heilsuþjónustu.



Tuttugu ára þróunarsamvinnu Íslendinga og Namibíumanna lýkur um næstu áramót. Eitt lokaverkefnið er vatnsverkefni í þágu frumbyggja í norðurhluta landsins, Ovahimba þjóðflokksins.
LJÓSMYNDIR: GUNNARSALVARSSON.

# Á ferð um Himbahéruð í leit að vatni

## – Íslendingar færa hirðingjum 33 vatnsból í Norður-Namibíu

„Leiðin er ekki löng en heldur ekki stutt," hafði túlkurinn eftir heimamanni þegar leitað var eftir upplýsingum um vegalengdina til Okamanga. Þá var spurt af meiri nákvæmni hversu langan tíma það tæki að aka þangað. „Það fer eftir því hversu hratt er ekið," var svarið.

Við erum í heimsókn hjá Ovahimba-hirðingjum við vatnsbólið í Etara, langt uppi á hásléttunni í norðurhluta Namibíu skammt frá landamærunum við Angóla. Himbarnir, eins og þeir eru kallaðir í daglegu tali, hafa ekki vestræna nákvæmni á hraðbergi um mál og vog, vegalengdir eða mínútur. Nútíminn hefur satt best að segja lítið komið við sögu þjóðflokksins sem um aldir hefur reikað um með búpening í leit að beitarlandi og vatni. Það er helst að háskólabolir sumra karlanna og einstaka húfa með þekktu íþróttamerki sýni að Himbarnir hafi komist í tæri við truntuna sem Þursaflokkurinn kallaði nútíma. Truntur þeirra eru af öðru kyni: fyrst og fremst nautgripir en líka geitur og asnar.

Nokkrir karlar og unglingsstrákar eru komnir að vatnsbólinu þegar við Davíð Bjarnason, sem stýrir vatnsverkefni Þróunarsamvinnustofnunar í þágu Himbanna, komum til Etara. Sumir sitja undir tré og spjalla, aðrir tálga og strákarnir styðja sig við asna í skugganum af stórviði. Unglingarnir eru allir í sandölum, klæddir pilsi og bera fíngerð hálsmen, en kvæntu karlarnir bera þungmálma um hálsinn í mörgum vafningum og skreyta sig með armböndum og ökklaböndum. Hjarðmannsstafurinn er aldrei langt undan.

Litlu síðar koma konur og börn. Yngstu krílin eru borin á bakinu eða í fanginu og leita að móðurbrjósti sem aldrei er langt undan því Himbakonur hylja ekki holdið ofan mittis en skreyta sig hins vegar ótæpilega með margvíslegum hálsmenum og öðrum skartgripum víðs vegar á líkamanum. Kvæntu konurnar má þekkja af tvennu: bogadregnu hárskrauti á miðju höfði ofan á fléttuðu fitugu hárinu og kuðungsskel milli brjóstanna sem tákn um frjósemi. Himbakonur smyrja líkamann á hverjum morgni með okkurrauðri fitu blandaðri ösku og jurtum sem bæði er til fegrunarauka og prýðileg vörn gegn sterkri sólinni. Mismunandi skartgripir kvennanna tákna ólíka stöðu þeirra í samfélaginu og vísa til hjúskaparstöðu. Konurnar setjast flötum beinum á rauðbrúna jörðina í hnapp með börnin sér við hlið, svipsterkar og alvörugefnar, og aðkomumaður getur ekki varist þeirri hugsun að þær séu í felulitum líkt og mörg dýr jarðarinnar.



Himbabarn í fangi móður sinnar.

*„VIÐ TELJUM AÐ HVERT VATNSBÓL ÞJÓNI AÐ MEÐALTALI UM 15 STÓRFJÖLSKYLDUM, SEM GÆTU ÞÁ VERIÐ Í KRINGUM 150 MANNS."*

### Vatnið breytir miklu fyrir okkur

Vatnsnefndir hafa verið stofnaðar í kringum hvert vatnsból og hér í Etara gegnir ein af konunum, Kanjokatunga Tjiumbua, starfi umsjónarmanns.

„Vatnsbólin hafa breytt miklu fyrir okkur," segir hún á máli Ovahimba sem kallast otjihimba. „Áður fyrr þurftum við konurnar að ganga langa leið eftir vatni og karlarnir að fara um langan veg með búpeninginn eftir vatni. Við erum því afar þakklát fyrir vatnsbólið."

Með aðstoð túlks, Ndelitungilwa Haindongo frá ráðuneyti vatnsmála, segir hún að hreina vatnið hafi líka breytt miklu um heilbrigði fólks, sérstaklega meðal barna. „Áður urðum við að drekka yfirborðsvatn á regntímanum en nú getum við sótt hreint vatn í vatnsbólið og það breytir miklu," segir hún og bætir við að hún fari þrisvar á dag að sækja vatn, að morgni, um miðjan dag og síðdegis.

Gjaldkerar hafa verið skipaðir við vatnsbólin og Kanjokatunga Tjiumbua segir að þeir greiði sem hafi efni á því. Hún segir að gjaldkerinn geymi peningana en stefnt sé að því að stofna reikning um vatnsskattinn.

Tvö ár eru liðin frá því vatnsbólið í Etera var tekið í notkun og það er því eitt það elsta af vatnsbólum ÞSSÍ á svæðinu. Davíð er ánægður með umhirðuna um vatnsbólið en með því fá heimamenn aðgang að heilnæmu neysluvatni bæði fyrir fólk og skepnur. Sólarsellur knýja vatnsdælu sem gengið er frá ofan í borholunni og þaðan fer vatnið í tíu þúsund lítra vatnsgeymi sem hvílir á steyptum undirstöðum. Sjálfvirkur rofi stöðvar dælingu þegar tankurinn hefur fyllst. Frá vatnsgeyminum eru lagnir annars vegar í



Staða Ovahimiba kvenna breytist mikið með aðgengi að hreinu vatni.

krana fyrir fólk og hins vegar í steypt trog fyrir nautgripina. En er ekki hætta á að gengið sé nærri grunnvatnsbirgðum?

„Sú tækni sem við notumst við í verkefninu er hönnuð sérstaklega til að koma í veg fyrir slíkt. Sólarpumpur og sellur eru samstilltar þannig að aðeins er dælt því magni af vatni sem jarðfræðiráðgjafi okkar hefur áætlað að hver borhola þoli. Þannig er tryggt að þessi vatnsból séu sjálfbær til langs tíma en þorni ekki upp. Oft eru heimamenn ósáttir við þetta og vilja fá meira vatn í einu til að brynna gripum. Þeir finna þó út úr þessu og skipuleggja sín mál í samræmi við vatnsmagn á hverjum stað," segir Davíð.

## Vatn er líf

Heimamenn bera ábyrgð á viðhaldi og umsjón og hafa fengið tilsögn um hlutverk sitt – hvernig er þeirri fræðslu háttað og hvað er kennt?

„Þjálfunin sem veitt er í verkefninu miðast við að heimamenn geti tekið við stjórnun og viðhaldi vatnsbólanna. Namibíumenn hafa á stefnuskrá sinni samráðsstjórn um vatn í sveitahéruðum, þannig að samfélögin þurfa að vera í stakk búin þegar til kemur. Vatnsnefndir fá þjálfun í t.d. heilbrigðis- og hreinlætismálum, umgengni um vatnsból og frágangi, fjármálum og samvinnu. Umsjónarmenn hljóta að auki tæknilega þjálfun í minniháttar viðgerðum og greiningu á bilunum, en mikilvægt er að samfélögin geti sjálf séð um minniháttar viðgerðir og séu ekki háð utanaðkomandi aðilum hvað það varðar. Ætlast er til að gjald sé innheimt fyrir vatnsnotkun og þeir peningar sem safnast renni til viðhalds vantsbólsins."

Sagt er að Ovahimbar þvoi sér aldrei, að minnsta kosti ekki upp úr vatni, hvernig nýta þeir vatnið og hverju breytir það fyrir samfélögin að geta gengið að ómenguðu vatni?

„Hér er gjarnan talað um að vatn sé líf. Án vatns er ekki byggilegt hér á stórum svæðum. Lífsviðurværi fólks hér er búpeningur og því leggja Himbarnir eðlilega mikið upp úr því að vatn sé til staðar til að brynna dýrunum. En vatn tengist auðvitað ótal þáttum í samfélögum, heilbrigðismál og hreinlætismál má færa til betri vegar með hreinu vatni, tækifæri til menntunar aukast og staða kvenna breytist mikið með aðgengi að hreinu vatni í nágrenni heimilisins."

## Ráðuneyti vatnsmála tekur við verkefninu

Þegar verkefnið hófst var ákveðið að reisa 33 vatnsból fyrir Ovahimba og þegar hafa verið tekin í notkun 26 vatnsból. Vinna við síðustu vatnsbólin sjö er hafin og þau verða komin i gagnið í haust áður en Þróunarsamvinnustofnun kveður Namibíu fyrir fullt og allt. En hvernig verður eftirliti og stuðningi háttað eftir að Íslendingar eru farnir?

„ÞSSÍ er í samstarfi við ráðuneyti vatnsmála hér í Namibíu og það mun taka alfarið við verkefninu þegar starfi okkar lýkur. Það vinnur beint með samfélögunum á svæðinu og við höfum lagt áherslu á að starfsmenn þess hafi fengið þá þjálfun sem nauðsynlegt er, m.a. í sólartækni. Í lok ársins mun svo fara fram heildrænt mat á verkefninu og þar munu vafalítið koma fram hlutir sem mikilvægt verur að draga lærdóm af," segir Davíð.

Ovahimbar hafa oft orðið fyrir miklum búsifjum vegna langvarandi þurrka og fyrir hefur komið að búpeningur hafi drepist í stórum stíl. Síðustu tvö árin hefur hins vegar rignt mikið í febrúar og mars en í ár hefur minna rignt. Engu að síður er jörðin víða iðagræn þar sem við ökum vegaslóða á leiðinni til Okamanga í fylgd kunnugra sem þó villast af leið í tvígang, enda hverfur slóðinn oft í landslagið. Inni á milli grænna engja er ekið yfir gróðursnauða mela og hvarvetna er lágvaxinn kyrkingslegur trjágróður, hvorki þéttur né gisinn, og tilsýndar eru gróðurvaxin bogadregin fell sem eru í raun hvorki fjöll né hólar. Ég spyr Davíð að því í bílnum hversu mörg heimili nýti hvert vatnsból.

„Það er nú oft nokkuð snúið að henda reiður á það þar sem erfitt er að fá Himbana til að nefna ákveðnar tölur í þessu samhengi, aukinheldur sem fólk flytur sig á milli svæða til að stjórna beitarálagi. Við teljum að hvert vatnsból þjóni að meðaltali um 15 stórfjölskyldum, sem gætu þá verið í kringum 150 manns. Á nokkrum stöðum eru vatnsbólin við skóla, þar sem nemendur eru í kringum 100."

## Vatnsmálin á könnu kvenna

Vatnsbólið í Okamanga er spánýtt, tekið í notkun fyrir fáeinum dögum, og það ríkir því talsverð spenna að sjá hvernig til hefur tekist og hvort heimamenn séu komnir með nýtt ferskt vatn í grenndinni. Eftir rúmlega klukkutíma akstur komum við að býli í nágrenni vatnsbólsins. Þetta er dæmigert býli Ovahimba, innan girðingar eru nokkur hringlaga hús úr leir, svefnskálar, vinnustofur og eldhús svo eitthvað sé nefnt og hólf fyrir verðmætasta búpeninginn. Innan girðingar er líka „eldur forfeðranna" en tilbeiðsla áanna er eitt sterkasta einkennið í menningu Ovahimba. Á þessu býli eru nokkur smáhýsanna með lituðum ábreiðum og tvö stór tré vaxa upp úr hrjóstrugri jörðinni. Stóru teppi hefur verið vafið að hálfu utan um annað tréð inni á miðju svæðinu og þar sitja karlmenn. Undir hinu trénu sitja fleiri karlmenn og þar er hundspott og unglingspiltur á asna en börnin hlaupa um fáklædd. Konurnar koma síðan ein af annarri út úr kofunum en vatnsmálin eru á þeirra könnu, formaður vatnsnefndar Okamanga og gjaldkeri eru konur. Þær vísa okkur að vatnsbólinu.

„Það er virkilega ánægjulegt að sjá hvernig til hefur tekist hér. Þrátt fyrir að stutt sé síðan vatnsbólið var klárað er hér að fullu gengið frá öllu af hálfu samfélagsins, búið að girða í kring til að varna skemmdum á grunnvirkjum, og tekið á móti okkur til að grennslast fyrir um ferðir þessara ókunnugu manna. Allt eins og það á að vera. Við höfum unnið náið með ráðuneytinu við að bæta þjálfunarmál og laga þau að aðstæðum Ovahimba, miðað við það sem við sjáum hér virðist það starf hafa skilað sér, segir Davíð."

Í upphafi vatnsverkefnisins varð ljóst að nýju vatnsbólin gætu haft umtalsverð áhrif á nýtingu beitarlands. Jafnvel var talið að hætta myndi skapast á ofbeit með tilheyrandi gróðurskemmdum í kringum þau þar sem vatn væri nú til staðar á nýjum stöðum árið um kring. Því var ákveðið að styðja annað verkefni sem tekur á stjórnun og nýtingu beitarlands í kringum ný vatnsból á svæðinu og miðar þannig að samþættri auðlindastjórnun. Frjálsu félagasamtökin IRDNC (Integrated Rural Development and Nature Conservation) vinna verkefnið og markmiðið er að stuðla að sjálfbærri nýtingu náttúruauðlinda til hagsbóta fyrir samfélög.



Sólarsellur knýja vatnsdælu sem gengið er frá ofan í borholunni og þaðan fer vatnið í tíu þúsund lítra vatnsgeymi sem hvílir á steyptum undirstöðum.



Kanjokatunga Tjiumbua umsjónarmaður vatnsbólsins í Etara með ungan son sinn á bakinu.

## Hvað verður um Ovahimba?

Ovahimbar falla vel að ranghugmyndunum um hálfnöktu afrísku villimennina sem voru hluti af lífseigum fordómum Vesturlandabúa. En það er ekki annað hægt en að dást að þeim, viljastyrk þeirra og stoltinu af menningu og siðum ættbálksins. Þeir gera sér fulla grein fyrir að annað fólk býr við meiri þægindi og allt aðra lífshætti, en þeir kjósa fábreytileikann, hefðina og glímuna við óblíða náttúruna. Og þeir fara með friði, eiga enga óvini og vilja öllum vel. Enginn veit hvenær frumbyggjasamfélag Ovahimba líður undir lok en nú þegar ferðamennska hefur rofið skörð í einangrun þeirra og þúsundir „hvítingja" ferðast um Himbaslóðir á ári hverju gætu þessi endalok verið tiltölulega skammt undan. Og þó.

Ovahimbar hafa staðið af sér ótrúlegustu tilraunir til útrýmingar, bæði af völdum manna og náttúrunnar. Þjóðverjar gerðu í upphafi síðustu aldar tilraun til að útrýma þeim og samfélag þeirra var hætt komið í sjálfstæðisbaráttu Namibíu og í borgarastyrjöldinni í Angóla. Þegar ógurlegir þurrkar á níunda áratug síðustu aldar drápu 90% af búpeningi þeirra reiknuðu margir með endalokum Ovahimba-samfélagsins. En þeir risu upp aftur.

Og vonandi rísa þeir alltaf upp. Heimurinn væri miklu fátækari án þeirra. *-Gsal*



Carolina Fernando og Marta Manuel Guambe, kennarar í fullorðinsfræðslu, með félögum sínum í Ravena-hópnum. „Við getum búið til sementskubba ekki síður en karlarnir. Við erum sterkar og þrautseigar,“ segja þær.

# Menntun bænda og fiskimanna í Jangamó

**– eftir Dulce Mungoi, verkefnastjóra félagslegra verkefna hjá ÞSSÍ í Mósambík**

„Að mennta konu er að mennta þjóð,“ segja þeir sem vinna í fullorðinsfræðslugeiranum.

Mósambík var portúgölsk nýlenda og hlaut sjálfstæði árið 1975. Þá var talið að um 94% landsmanna hefðu verið ólæs og óskrifandi. Allt frá þeim tíma hefur fræðsla fullorðinna og lestrarkennsla verið eitt af mikilvægustu markmiðum ríkisstjórnarinnar. Átak var gert í þessum málum strax á fyrstu árum sjálfstæðisins og komu margir til aðstoðar; ungt mósambískt háskólafólk og sjálfboðaliðar frá öðrum löndum. Árangurinn lét ekki á sér standa og árið 1982 var tala ólæsra komin niður í 72%. Strax í kjölfar sjálfstæðisbaráttunnar hófst eitt grimmasta borgarastríð álfunnar, sem stóð í hartnær 30 ár og skildi landið eftir í rústum. Á meðan borgarastyrjöldin stóð sem hæst 1980 til 1994 var mikill landflótti frá Mósambík til nágrannaríkja auk þess sem sveitirnar voru einangraðar frá borgunum og engin kennsla fór fram sem nokkru nemur nema í stærri borgum. Mósambík er enn í tölu fátækustu ríkja heims og er ein ástæðan skortur á menntuðu vinnuafli. Í dag er talið að um 50,4% séu enn ólæs og óskrifandi.

Fullorðinsfræðsla er því áfram eitt af forgangsmálum ríkisstjórnarinnar og er talin mikilvæg til draga úr fátækt, sérstaklega til sveita. Í síðustu þróunaráætlun landsins var lögð áhersla á að veita þannig kennslu að fólk næði grunnfærni í akuryrkju, lærði húsdýrahald og fengi fræðslu um samfélagsleg og lagaleg réttindi, auk lestrarkennslu. Markhópurinn er fólk sem dottið hefur út úr skólakerfinu, sérstaklega konur, en ólæsi á meðal þeirra er mun meira en á meðal karla.

## Verkleg fræðsla og lestur

Þrátt fyrir ofuráherslu á fræðslu fullorðinna eru þeir sjóðir sem ætlaðir eru til að framkvæma áætlanir ríkisstjórnarinnar fremur rýrir. Árið 2008 hóf ÞSSÍ samstarf við menntamálayfirvöld í Mósambík innan fullorðinsfræðslugeirans með sérstökum stuðningi við Jangamó-hérað. Áherslan er á verklega fræðslu auk lestrarkennslunnar og er um að ræða tilraunaverkefni, sem yfirvöld sjá fyrir sér að geti nýst annars staðar ef vel tekst til. Auk þessa verkefnis veitir ÞSSÍ yfirvöldum stuðning og ráðgjöf við samningu kennsluáætlunar og útgáfu kennsluefnis fyrir fullorðinsfræðsluna á landsvísu.

Verklega kennslan er einkum á þremur sviðum; í lífrænni garðrækt, handverki, þar sem nemendur læra að byggja hús úr sementskubbum, og kennsla í undirstöðuatriðum atvinnurekstrus.

Þessi kennsla tengist lestrarkennslunni og hefur laðað til sín fleiri karla til þátttöku í fullorðinsfræðslunni en áður. Hingað til hafa ólæsir karlmenn verið tregir til að taka þátt þar sem þeir eiga erfitt með að sjá fyrir sér ávinninginn og viðurkenna að þeir þurfi á slíkri fræðslu að halda.

Það er trú stjórnvalda í Mósambík að þessi verklega kunnátta geti hjálpað fátækum bændum og fiskimönnum upp úr sárri neyð og gefið þeim tækifæri á að auka tekjur sínar og lífsgæði.

Einn hópurinn sem fór í gegnum þjálfun í mótun sementskubba í apríl 2009 hefur stofnað félag í kringum starfsemi sína og nefnist á bitonga, máli heimamanna, „Hinapua Uwé“ og þýðir „við munum heyra frá þér“. Félagsmenn eru búsettir í Ravena í Jangamó-héraði. Í félaginu eru 30 meðlimir, sem eru einnig að læra að lesa og skrifa, og kennarar þeirra. Meirihlutinn er konur eða 22 á móti 8 körlum.

Starfsemin er undir tré þar sem er aðgangur að vatni. Tækið sem mótar sementskubbana er geymt á landskikanum og framtíðardraumurinn er að byggja yfir starfsemina. Fólkið dreymir líka um að byggja yfir fullorðinsfræðslubekkina í Ravena, sem allir eru starfræktir undir krónum trjánna, og þegar rignir verður að gefa frí. Þótt verðið á kubbunum sé í algjöru lágmarki hafa nágrannarnir enn ekki efni á að kaupa slíkt byggingarefni. Helsti markaðurinn í dag eru fyrirtæki í ferðaþjónustu. Meðlimir hópsins munu einnig fá þjálfun í rekstri fyrirtækja. Fram að þessu hafa þeir ekki getað greitt sér laun, en eiga afrakstur, sem samsvarar 70.000 íslenskum krónum. Á þeirra mælikvarða eru þetta miklir peningar.

Árangur Ravena-hópsins hefur haft áhrif, þannig að fólk er forvitið og tilbúið að taka þátt í fullorðinsfræðslunni á svæðinu. Einnig hafa önnur alþjóðleg hjálparsamtök á svæðinu skoðað starfsemina í þeim tilgangi að læra og í framhaldinu veita stuðning við að koma á fót svipuðum verkefnum annars staðar í landinu.

Fullorðinsfræðsla í fátækum héruðum í Mósambík er mjög erfið og krefst þolinmæði og úthalds. Enn eru margir veikir hlekkir sem ÞSSÍ tekur þátt í að styrkja, samanber menntun og þjálfun þess starfsfólks sem kennir fullorðnum og á að veita leiðsögn og ráðgjöf. Árangur Ravena-hópsins veitir því þeim sem starfa í grasrótinni hvatningu og viðheldur trú á að starf þess geri gagn.

*Þýtt úr portúgölsku og stílfært af Margréti Einarsdóttur umdæmisstjóra ÞSSÍ í Mósambík.*

# Það er leikur að læra ...

**– eftir Ásdísi Bjarnadóttur, sérfræðing á skrifstofu ÞSSÍ í Malaví**

Í Mangochi-héraði í Malaví eru 249 ríkisreknir grunnskólar og um 180.000 nemendur á grunnskólaaldri. Ég heimsótti einn af þessum skólum á dögunum: Namazizi-skóla í Chirombo-þorpi við Apaflóa sem er mörgum Íslendingum kunnur. Skólinn er fyrsti samstarfsskóli ÞSSÍ í Malaví en stofnunin studdi uppbyggingu hans frá árunum 1995-2004. Þá hefur skólinn verið vinaskóli Mýrarhúsaskóla á Seltjarnarnesi frá árinu 2000 og enn syngja nemendur í Namazizi um vini sína á Íslandi.

Það var líf og fjör á skólalóðinni þegar mig og íslensku gestina sem voru í för með mér bar að garði. Hópur af börnum við brunninn að fá sér vatnssopa. Einhver í eltingaleik, önnur í boltaleik með heimatilbúinn bolta úr plastpokum.

Um eitt þúsund nemendur stunda nám við Namazizi-skóla. Kennarar við skólann eru tólf. Nemendur voru almennt spenntir að hitta okkur, mikið flissað og hlegið, enda ekki á hverjum degi sem útlendingar, eða „azungu“ eins og við erum yfirleitt kölluð, koma og trufla kennslustundirnar. Skólastofurnar með yngstu nemendunum voru þétt setnar, varla þverfótað fyrir börnum. Bekkirnir urðu fámennari eftir því sem börnin voru eldri. Áberandi var hversu mikið stúlkunum fækkaði, í efstu bekkjunum voru stúlkur einungis um fjórðungur nemenda.

## Stúlkur heltast úr lestinni

Þetta endurspeglar að mörgu leyti ástandið í malavíska menntakerfinu. Þótt nánast jafnmargar stúlkur og drengir hefji nám í grunnskóla heltast mun fleiri stúlkur úr lestinni en drengir, sérstaklega þegar komið er á síðari stig skólagöngunnar. Meginástæður þess eru fátækt, snemmbúnar giftingar, ótímabærar þunganir og hin hefðbundnu gildi um ólík hlutverk kynjanna innan fjölskyldunnar og í samfélaginu.

Almenn menntun stuðlar beint að félags- og efnahagslegri framþróun, ekki síst grunnmenntun kvenna sem getur haft víðtæk jákvæð félagsleg áhrif. Móðir sem hefur hlotið menntun er einnig líklegri til að senda börnin sín í skóla en sú sem hefur aldrei gengið í skóla. Með stuðningi sínum við grunnskólamenntun hefur ÞSSÍ ekki aðeins unnið að því að auka skólagöngu barna með bættum aðbúnaði í skólum heldur líka leitast sérstaklega eftir að auka hlutfall stúlkna með stuðningi við sérstök námskeið sem ætlað er að vekja kennara og foreldra til vitundar um mikilvægi þess að mennta stúlkur jafnt sem drengi. Einnig hafa verið byggð aðskilin salerni fyrir kynin sem er mikilvægur liður í því að fá stúlkur til að halda áfram námi en skortur á sérhreinlætisaðstöðu í skólum hefur mjög neikvæð áhrif á stúlkur.

Þegar fjármálahrunið varð á Íslandi haustið 2008 höfðu 23 skólar, þar af 20 grunnskólar og þrír framhaldsskólar, notið góðs af stuðningi ÞSSÍ á einn eða annan hátt. Skólastofur, kennarahús, stjórnunarálmur, bókasöfn og



Skólabörn í Malaví þurfa enn mörg hver að læra undir tré. LJÓSMYND: GUNNAR SALVARSSON.

kamrar höfðu verið reistir og/eða endurbættir og skólunum einnig látið í té skólahúsgögn fyrir nemendur en ÞSSÍ hefur ávallt kappkostað að skila fullbúnum skólum til samfélaganna. Samstarf við menntamálaskrifstofu Mangochi-héraðs hefur verið farsælt og stuðlað að góðum árangri verkefnisins. Héraðsyfirvöld hafa óskað eftir áframhaldi á samstarfi við ÞSSÍ um að stuðla að bættri grunnmenntun. Í dag eru rúmlega 26 þúsund nemendur sem njóta góðs af grunnskólaverkefninu en í Mangochi eru enn mörg börn sem þurfa að lesa undir tré.

## Eyjasamfélögin á Viktoríuvatni:

# Heimavistir byggðar við þrjá skóla

Einhvern næstu daga verða teknar í notkun heimavistir og ný eldhús við tvo grunnskóla á Ssese-eyjum á Viktoríuvatni í Úganda en nýju byggingarnar eru hluti af þróunarverkefni á eyjunum. Þróunarsamvinnustofnun Íslands vinnur með héraðsstjórninni að margvíslegri samfélagslegri uppbyggingu við eyjasamfélögin, m.a. í menntamálum. Þriðja heimavistin verður tekin í notkun síðar á árinu. Aðeins 23 grunnskólar eru starfræktir á eyjunum en á sjöunda tug eyjanna eru byggðar. Skólasókn er afar bágborin sem sést best á því að aðeins 40% barna á grunnskólaaldri sækja skóla.

Við hvern skóla eru byggð tvö heimavistarhús, annað fyrir stelpur og hitt fyrir stráka, og með tilkomu heimavistanna verður í fyrsta sinn unnt að bjóða nemendum sem eiga heima á afskekktum eða fámennum eyjum að sækja skóla og búa við góðar aðstæður fjarri heimili. Tveir skólanna eru á stærstu eyjunni, Buggala, en þriðji skólinn á eyjunni Kachanga. Að sögn David Tusuumbira, skólastjóra Kibanga-grunnskólans á Buggala, hefur fyrirspurnum um skólavist fjölgað á byggingartímanum og hann er ekki í neinum vafa um að heimavistarhúsin nýju auki skólasókn á eyjunum. „Við eigum eftir að sjá mörg ný andlit,“ segir hann.

Hingað til hafa þeir tiltölulega fáu nemendur sem þurfa á heimavist að halda þurft að kúrast í einni kennslustofu sem breytt var í bráðabirgðahúsnæði. Nýju heimavistarhúsin munu gerbreyta aðstöðunni en þau munu rúma 40 nemendur hvert auk þess sem „húsmóðir“ verður ráðin við hverja heimavist til að gæta barnanna utan skólatíma.

Rúmlega 500 nemendur eru í Kibanga-skólanum og kennarar eru ellefu, sem þýðir að hver kennari hefur að jafnaði umsjón með um 50 nemendum. Skólastjórinn segir erfiðleikum bundið að fá menntaða kennara til starfa. Hann bendir einnig á hátt brottfall úr námi, segir að langflestir nemendanna séu í fyrsta bekk en eftir því sem nemendur eldist fækki í árgöngum og tiltölulega fáir ljúki grunnskólanum eftir sjö ára nám. Skýringin er sú að lífið er fiskur á eyjunum og strax þegar krakkar, einkanlega strákar, hafa getu til að vinna sér inn aura í fiski er náminu kastað fyrir róða. David segir að skóla- og héraðsyfirvöld reyni eftir fremsta megni að aftra því að börn séu tekin úr skóla vegna atvinnu.



Verið er að taka í gagnið nýjar heimavistir við þrjá grunnskóla fyrir íslenskt þróunarfé.



Þátttaka í landskeppnum í íþróttum hefur gefið mörgum börnum tækifæri til að ferðast út fyrir eyjarnar.

LJÓSMYNDIR: GUNNAR SALVARSSON

David segir samfélagið allt mjög ánægt með framlög ÞSSÍ til skólamála á eyjunum, ekki aðeins byggingar nýju húsanna, heldur ekki síður stuðning við innra starf skólans. Hann nefnir í því sambandi kaup á fyrstu hljóðfærunum sem skólinn eignast og fæst barnanna höfðu áður augum litið, einnig þátttöku í landskeppnum í íþróttum milli skóla í Úganda, m.a. í fótbolta, blaki og frjálsum íþróttum, sem hafi í mörgum tilvikum gefið börnunum tækifæri í fyrsta sinn til að ferðast út fyrir eyjuna og upp á meginlandið. „Íslendingar hafa líka stuðlað að endurmenntun fyrir kennara og greitt fyrir vinnubúðir til að bæta skólastarfið, einnig keypt kennslubækur sem ekki var vanþörf á því síðustu kennslubækurnar frá stjórnvöldum bárust árið 2004. Við reiðum okkur á áframhaldandi stuðning ykkar í þágu barnanna á eyjunum,“ segir David að lokum.

*-Gsal, Ssese-eyjum.*

# Viðhorfsbreyting til menntunar í fiskimannasamfélögum

Í viðræðum við fulltrúa héraðsstjórnarinnar á Ssese-eyjum eru þeir spurðir um framfarir á síðustu árum á þeirra sviðum, almennt séð, og tekið fram að það þurfi alls ekki að miðast við verkefni sem Þróunarsamvinnustofnun Íslands styður. „Fyrirgefðu,“ segir Florence Bbosa sem stýrir menntamálum á eyjunum. „Ég get ekki rætt um framfarir í menntamálum án þess að nefna ICEIDA, því allar þær umtalsverðustu hafa orðið fyrir tilverknað ykkar.“

Florence segist ekki vilja draga neina dul á að ástand menntamála á eyjunum hafi verið mjög slæmt áður en ICEIDA - eða Þróunarsamvinnustofnun Íslands - kom til sögunnar. Síðan hafi talsverðar framfarir orðið. „Ef við byrjum á skólasókninni,“ segir Florence, „voru áður um 3.000 börn sem sóttu skóla en núna eru þau 4.250, þannig að miklu fleiri börn fá nú formlega menntun. Annað atriði sem breyst hefur til batnaðar er eftirlitshlutverkið með skólastarfinu, fulltrúar frá héraðsstjórn Kalangala geta nú sinnt því hlutverki betur vegna þess að samgöngur voru engar, ICEIDA keypti vélhjól fyrir eftirlitið og greiðir fyrir bát og eldsneyti til fjarlægari eyja. ICEIDA hefur einnig styrkt okkur með kaupum á námsbókum, áður þurftu fimm nemendur að deila með sér hverri námsbók en nú eru þrír um hverja bók. Og við væntum þess að innan tíðar verði aðeins tveir nemendur um hverja bók og það er ágætt.“

Viðhorfin til menntunar í fiskimanna-samfélögunum hefur að sögn Florence löngum verið litað af þeim hugsunarhætti að framtíðin sé í fiski og nám sé ekki sérlega mikilvægt. Hún segir að nú séu þessi viðhorf að breytast. „Þessi viðhorfsbreyting tekur langan tíma en það er gleðilegt að við sjáum jákvæð dæmi um breytt viðhorf til menntunar,“ segir hún. „Við sjáum til dæmis foreldra sýna menntun barna nokkurn áhuga með því að kaupa skóladót og greiða örlítið fyrir fæði. Þetta er mikil breyting frá því sem áður var þegar foreldrar vildu alls ekki senda börn í skóla. Stóra vandamálið er hins vegar það hvort foreldrar hafi efni á því að greiða lítilræði fyrir menntun barna sinna og sem stendur getum við í héraðsstjórninni ekki tekið á okkur allan kostnaðinn, foreldrar verða að leggja sitt af mörkum.“

Ssese-eyjarnar eru sumar hverjar án grunnskóla og því hefur stór hópur barna á eyjunum alist upp án þess að ganga í skóla. Með nýjum heimavistum við þrjá grunnskóla sem byggðir eru fyrir íslenskt þróunarfé eru líkur á því að börn á þessum afskekktu eyjum fái tækifæri til að sækja skóla og búa í ágætri heimavist. „Við vitum nú þegar að börnin koma þegar þessi aðstaða hefur skapast,“ segir Florence. „Fiskimannafjölskyldur eru mikið á ferðinni og elta fiskinn. Börnin hafa að sjálfsögðu fylgt foreldrunum þegar þeir hafa tekið sig upp og flutt. Með heimavistunum vonumst við til að börnin geti áfram sótt skólann þótt fjölskyldan flakki á milli eyja.“

Í eyjasamfélögunum hefur reynst erfitt að fá fagfólk til starfa, meðal annars hafa grunnskólarnir átt í örðugleikum með að fá menntaða kennara til starfa. Florence nefnir að með stuðningi Íslendinga hafi



Florence Bbosa. LJÓSMYND: GUNNAR SALVARSSON.

verið gert átak í því að veita starfandi kennurum tækifæri til endurmenntunar til að auka hæfni í starfi. Námskeið hafi verið haldin um námskrárgerð og samkennslu mismunandi aldurshópa og einnig hafi framkvæmdanefndir við skólana átt þess kost að sækja sér fræðslu um hlutverk þeirra og skyldur.

*-Gsal, Ssese-eyjum.*

# „Fann fljótt hvað ólæsið var hamlandi“

## – rætt við Agnesi Jana sem útskrifaðist úr fullorðinsfræðslu í Mjogo-leshringnum – einum leshringjanna sem ÞSSÍ styrkir í Apaflóa í Malaví

Agnes Jana útskrifaðist úr fullorðinsfræðslu í Mjogo-þorpi í Apaflóa. Hún fæddist árið 1966 í þessu sama þorpi, móðir fimm barna. Hún er múslimi af Yao-ættbálki. „Ég byrjaði í fullorðinsfræðslu í Mjogo árið 2001,“ segir Agnes. „Ég lauk prófum 2003 og útskrifaðist svo 2004 eftir að hafa náð fullum tökum á efninu, þ.e. lestri, skrift og einföldum reikningi.“

Agnes segir að foreldrar sínir hafi látist þegar hún var barn að aldri, aðeins sex ára, skömmu áður en áform voru uppi um að hún hæfi nám í barnaskóla. „Eftir andlát foreldra minna bjó ég með eldri bróður mínum sem vildi ekki leyfa mér að fara í skóla af ótta við það að í skóla leiddist ég út í vændi og önnur vandræði. Þetta varð til þess að ég fór aldrei í barnaskóla og ólst því upp án menntunar og var ólæs og óskrifandi þegar ég fullorðnaðist. Þegar ég var fulltíða fann ég fljótt hvað ólæsið var hamlandi. Ég einangraðist. Ég fann að fólk meinaði mér um leiðandi hlutverk í hinum ýmsu verkefnum sem tengdust trúarbrögðum eða eflingu kvenna. Þetta olli mér sárri reiði. Ég vildi virkilega kunna að lesa og skrifa svo ég gæti verið í hópi leiðandi kvenna sem alltaf voru kjörnar í hinar og þessar áhrifastöður í samfélagi mínu. Þessu til viðbótar langaði mig að lesa í næði heima hjá mér chewa-þýðingu (opinbert tungumál Malava) á heilaga kóraninum. Að auki átti ég í vandræðum með að þróa viðskipti mín sem snúast um sölu á bökuðum, heimagerðum kleinum vegna þess að ég átti erfitt með að reikna út hagnað og tap.“

*– Hverju fékkstu áorkað með því að læra að lesa og skrifa?*

„Ég hef áorkað svo miklu eftir að ég lærði að lesa, skrifa og reikna að ég gæti talið upp í allan dag. Þess vegna nefni ég aðeins mikilvægasta árangurinn. Hann er sá að nú ganga viðskipti mín mjög vel og ég gegni fleiri mikilvægum stöðum í samfélagi mínu heldur en flestir karlmannanna. Hvað viðskiptunum viðvíkur þá get ég núna auðveldlega reiknað út stöðu rekstursins. Ég veit hvenær ég hagnast og hvenær ekki og ég veit einnig hvað það er sem ég þarf að gera til að bæta viðskipti mín eins og sölu á tómötum, klæðaskurð, hnetubakstur og framleiðslu ávaxtasafa.“

Agnes gegnir nú margvíslegum stöðum í samfélaginu og nefna má sem dæmi að hún er gjaldkeri stýrinefndar St Louis-grunnskólans, hún er gjaldkeri alnæmisnefndar Mjogo-þorps, hún er aðstoðarforstýra Sænska samvinnusetursins sem vinnur að því að draga úr eyðingu skóga sem og að auka samfélagslegan sparnað og fjárfestingu, hún stýrir múslímska kvennafélaginu í Apaflóa og er aðstoðarforstýra Tikondane-ávaxtasafaframleiðsluklúbbsins.

Agnes á fjórar dætur og einn son og strákurinn nemur hjúkrun við Hjúkrunarskólann í Mulanje. Af stúlkunum fjórum hafa tvær nýlega lokið menntaskóla og hinar tvær eru langt komnar með að ljúka grunnskólanámi.



„Ég sendi börnin mín í skóla vegna þess að ég átti erfitt líf þegar ég var ólæs og óskrifandi og ég vil ekki að börnin mín þurfi að upplifa það sama. Ég vil að börnin mín öðlist gott líf og menntun er lykillinn að því. Menntun opnar allar dyr í lífinu. Ég hvet alla þá sem ekki geta lesið eða skrifað að reyna að nýta sér þá möguleika sem nú eru fyrir hendi til að læra að lesa og skrifa. Það mun opna augu þeirra og leiða til betra lífs,“ segir Agnes Jana.

*Viðtalið tók Johns Chingoni,*
*þróunarfulltrúi ríkisins.*
*Glúmur Baldvinsson íslenskaði.*

iceida ÞRÓUNARSAMVINNUSTOFNUN ÍSLANDS




# Starfsþjálfun - tvær stöður

**Þróunarsamvinnustofnun Íslands auglýsir eftir ungu háskólafólki sem hefur áhuga á 4 mánaða starfsþjálfun í tengslum við verkefni á sviði þróunarsamvinnu í tveimur samstarfslöndum stofnunarinnar í Afríku. Starfstími er frá 16. ágúst til 15. desember.**

### Hæfniskröfur:
Umsækjendur skulu hafa lokið grunnnámi í háskóla (BA, BSc eða sambærilegri gráðu), á sviðum þjóðfélagsfræða eða umhverfis- og auðlindamála og ekki vera eldri en 32 ára. Mjög góð enskukunnátta er skilyrði, sem og góð tölvukunnátta og undirstöðuþekking í aðferðafræði. Gerð er krafa um sjálfstæð vinnubrögð, þolinmæði og lipurð í mannlegum samskiptum. Þekking á þróunarmálum, þróunarstarfi og menningu heimshlutans er ákjósanleg.

### Verkefni starfsnema í Malaví:
Tilfallandi verkefni á skrifstofu eða fyrir þróunarverkefni stofnunarinnar. Meðal helstu verkefna er kortlagning á skipulagi og starfsháttum fyrirhugaðs samstarfsaðila, greining á fyrirliggjandi gögnum um stöðu og árangur og tillögugerð um áframhald gagnaöflunar. Hluti starfstíma verður í höfuðborginni Lilongve og hluti við Malavívatn þar sem aðstæður eru krefjandi.

### Verkefni starfsnema í Mósambík:
Tilfallandi verkefni á skrifstofu eða fyrir þróunarverkefni stofnunarinnar. Meðal helstu verkefna er upplýsingaöflun í fiskimanna- og landbúnaðarsamfélögum í tengslum við samstarfsverkefni stofnunarinnar auk þess að koma að úrvinnslu og skipulagningu gagna. Hluti starfstímans verður í höfuðborginni Mapútó og hluti í Jangamó héraði þar sem aðstæður eru krefjandi. Kunnátta í portúgölsku eða spænsku er nauðsynleg.

**Umsóknir skulu hafa borist skrifstofu Þróunarsamvinnustofnunar Íslands fyrir 7. júní nk.**

Þverholt 14
105 Reykjavík
Sími: 5458980
Netfang: iceida@iceida.is


## Malaví: Mikilvægi vatns og hreinlætis

Vatns- og hreinlætisverkefni ÞSSÍ og malavískra stjórnvalda miðast að því að draga úr sjúkdómum, eins og kóleru og niðurgangspestum, tengdum bágu hreinlæti og ónægum aðgangi að hreinu vatni. Verkefnið er komið vel á veg og hefur tekist að útvega meirihluta íbúa þorpanna á Nankumba-skaga í Mangochi-héraði aðgang að tæru og neysluhæfu vatni. Um 120 þúsund manns byggja svæðið og stefnt er að því að nær allir íbúar hafi aðgang að vatnsbólum innan 500 metra frá heimilum sínum í árslok 2010. Þá er áætlað að í gegnum verkefnið hafi verið komið upp 450 vatnsbólum á svæðinu. Samhliða þessu er unnið hörðum höndum að því að bæta hreinlætisaðstöðu heimamanna, t.d. með byggingu nýrra og vistvænna kamra.



Ég heiti Lifoso Joseph og bý í Mang'umbi-þorpi. Við í þorpinu höfum notið þeirra forréttinda að fá að taka þátt í vatns- og hreinlætisverkefni ÞSSÍ og sú þátttaka hefur umbylt lífi okkar. Fyrir utan að komið hefur verið upp vatnsbóli í þorpinu höfum við, í gegnum verkefnið, fengið aðstoð við að koma upp kömrum, sem lokað er með steyptu loki, við hvert heimili. Í þessum töluðu orðum erum við að dæla hreinu og ómenguðu vatni upp úr nýja brunninum okkar. Nú glímum við ekki lengur við sjúkdóma eins og niðurgang og kóleru. Það hefur veitt okkur þrótt til að sinna vinnu okkar og halda áfram uppbyggingu í þorpinu.



Ég heiti Patuma James og er frá Guma-þorpi. Við höfum fylgt í hvívetna þeim skyldum sem fylgja þátttöku í verkefninu. Við byrjuðum hvert og eitt á því að bæta hreinlætisaðstöðuna við heimili okkar. Það er frumforsendan fyrir því að taka þátt í verkefninu. Nú hefur hvert heimili komið sér upp kamri og handþvotta- og baðaðstöðu og við höfum brunn til að sækja okkur hreint vatn. Öllu þessu höfum við áorkað sjálf með mikilli vinnu á skömmum tíma með aðstoð verkefnisins. Við þurfum ekki lengur að sækja vatn um langa leið í Malaví-vatn eins og við gerðum áður. Draumur okkar hefur ræst. Við lögðum á okkur mikla vinnu við að grafa brunninn og grafa holur fyrir kamra. Sumir hlógu að okkur. Gerðu hreinlega gys að okkur fyrir að leggja svona mikið á okkur. En nú hlæja þeir hinir sömu ekki lengur og þeir hafa áttað sig á eigin mistökum og fordómum því nú koma þeir til okkar til að biðja um aðgang að vatni.

# Auður í Afríku – og systur hennar

**– eftir Þórdísi Sigurðardóttur, skrifstofustjóra ÞSSÍ og Ágústu Gísladóttur, sviðsstjóra á aðalskrifstofu ÞSSÍ**

Með jöfnu millibili vakna spurningar og efasemdir um alþjóðlega þróunarsamvinnu. Það eru ekki síst tvær spurningar sem brenna á. Í fyrsta lagi er það spurningin um hvort þróunarsamvinna beri árangur og í öðru lagi hvort þróunarframlögin nái til hinna fátæku. Það er viðfangsefni fræðimanna, eftirlitsaðila og þeirra sem starfa á vettvangi þróunarmála að leita svara við spurningum af þessum toga. Ein leið til þess er að skoða arðsemi þróunarframlaga og hvar arður verður til. Í þessum pistli ætlum við að fjalla sérstaklega um arðsemi og mikilvægi stuðnings við konur.

### Kynjamyndir

Everjoice J. Win er baráttukona frá Simbabve sem gagnrýnt hefur þá mynd sem svo oft er dregin upp á Vesturlöndum af konum í Afríku sunnan Sahara. Gagnrýni hennar beinist að því hvernig afrískum konum er lýst sem fórnarlömbum; fátækum, valdalausum og oftar en ekki óléttum með barnaskarann í kringum sig. Við tökum undir með henni og staðhæfum að þessi mynd sé ekki gagnleg, mikilvægara sé að beina linsunni að mannauði afrískra kvenna til að styðja þær til betri lífskjara.

Heimur kvenna er margslunginn, í Afríku sem annars staðar. Flestar afrískar konur þurfa að takast á við fjölþætt verkefni dag hvern, oft við erfiðar aðstæður. Þær eru í mörgum tilvikum ábyrgar fyrir því að fæða fjölskyldur sínar og sinna daglegum þörfum barna sinna og annarra fjölskyldumeðlima. Margar kvennanna taka auk þess að sér ýmiss konar samfélagsleg verkefni. Þótt sýnt hafi verið fram á að afrískar konur leggja ekki síður til þjóðarframleiðslunnar en karlar eru mörg af þeim störfum sem þær sinna ólaunuð. Þær þurfa því að vera úrræðagóðar við að láta enda ná saman, hvort sem er í tíma eða fjárráðum. Stundum er talað um hinn „teygjanlega vinnutíma kvenna“ og þekkja það eflaust margar íslenskar konur af eigin reynslu rétt eins og kynsystur þeirra í Afríku.

### Frumkvöðlar meðal kvenna

Flestar konur í Afríku sunnan Sahara eru í þeim sporum að hinn formlegi vinnumarkaður er þeim að mestu lokaður. Þær verða því að leita annarra leiða til að sjá sér farboða. Í hópi þeirra er að finna marga kjarkmikla og þrautseiga frumkvöðla. Það sem helst hamlar því að konur geti hafið atvinnurekstur er fjármagnsskortur – þær eiga sjaldnast land eða eignir til að leggja fram sem tryggingu fyrir lánum. Svolítill stuðningur getur skipt sköpum um að takist að hrinda góðri hugmynd í framkvæmd.

Ein þessara kvenna er Joyce Nakamatt, þriggja barna móðir búsett á eyju í Viktoríuvatni. Hún hefur lokið framhaldsnámskeiði í fullorðinsfræðslu sem ÞSSÍ styrkir og fjallar um rekstur smáfyrirtækja. Á námskeiðinu fékk hún þá hugmynd að stofna eigið (ör) fyrirtæki. Með sem samsvarar innan við 1.000 kr. sem stofnfé fór hún að sjóða graut og selja fiskimönnum á löndunarstaðnum í þorpinu sínu. Hún hóf strax að færa daglega einfalt rekstrarbókhald og hefur með því tekist að fá næga yfirsýn til að ná endum saman og gott betur. Ágóðann hefur hún notað til að leigja hlutdeild í sölubás, stækka fyrirtækið og selur nú te og ýmsa matvöru. Joyce tók þátt í að stofna sparisjóð í félagi við samnemendur sína og leggur inn í hann sem samsvarar 100 kr. á dag. Þannig getur hún nú greitt námskostnað barna sinna og keypt nauðsynjavörur til heimilisins.

Annað dæmi um frumkvöðlaanda er að finna hjá Maggie Kigozi sem starfar sem framkvæmdastýra Fjárfestingastofu Úganda (UIA). Maggie kynntist verkefninu Auður í krafti kvenna í heimsókn til Íslands árið 2003. Í framhaldi af því varð til samstarfsverkefni UIA og ÞSSÍ um að styrkja frumkvöðlafræðslu í Úganda þar sem áhersla er lögð á að ná til kvenna á landsbyggðinni. Verkefnið hófst árið 2006 og hefur viðbótarstuðningur við það borist frá Belgíu. Ríflega 3.000 kynsystur þeirra Joyce og Maggie hafa hlotið þjálfun á vegum verkefnisins sem auðveldar þeim að stofna og reka fyrirtæki.

Alþjóðabankinn hefur reiknað út að með valdeflingu kvenna og auknum tækifærum þeim til handa í atvinnu- og viðskiptalífi í Úganda megi auka hagvöxt þar um 2% sem myndi skipta miklu fyrir aukna hagsæld í landinu (Alþjóðabankinn, 2005). Bankinn notar gjarnan slagorðið „Kynjajafnrétti er snjöll hagfræði“ til að leggja áherslu á að stuðningur við konur í atvinnulífinu skapar arð fyrir samfélagið í heild sinni.




Við hvetjum alla þá sem vinna að þróunarmálum til að leita uppi Auði og systur hennar af mismunandi þjóðfélagsstigum, segir í grein Þórdísar og Ágústu. Myndin er frá Úganda.
LJÓSMYND: GUNNAR SALVARSSON.

### Þróunarstarf í þágu jafnréttis

Þekking, innsæi og reynsla kvenna og karla eru nauðsynleg til að góður árangur náist af þróunarstarfi. Áhersla á kynjajafnrétti og valdeflingu kvenna er bæði aðferð til að auka skilvirkni og arðsemi þróunarframlaga og jafnframt leið til að ná til þeirra fátæku þar sem konur fylla þann hóp að stórum hluta.

ÞSSÍ hefur markað sér stefnu sem hefur jafnrétti að leiðarljósi. Í jafnréttisstefnu stofnunarinnar er áhersla lögð á að bæði kynin skuli koma að og njóta góðs af þeim verkefnum sem stofnunin styður. Reynsla ÞSSÍ og annarra sem starfa á þessum vettvangi hefur þó leitt í ljós að samhengi milli stefnu og framkvæmdar er ekki einfalt og kemur þar margt til. Yfirlýsingar um jafnrétti eru gagnslitlar ef þær eru til málamynda. Því þarf að fylgja stefnu fast eftir. Það gildir um jafnréttismál eins og önnur góð áform að nauðsynlegt er að setja skýr markmið í upphafi og fylgja þeim á leiðarenda. Tryggja þarf aðkomu beggja kynja við undirbúning, framkvæmd og eftirfylgni þróunarverkefna. Þar sem rík áhersla er nú lögð á eignarhald heimamanna á öllu þróunarstarfi má færa gild rök fyrir því að setja þurfi skilyrði um þátttöku kvenna í öllum þróunarverkefnum og á öllum stigum þróunarstarfsins.

Sjónarhóll kvenna er í mörgum tilvikum annar en karla, þær hafa reynslu og þekkingu sem kemur úr annarri átt. Þær geta varið hagsmuni sína, lagt mat á hvað stendur í vegi fyrir sanngjörnum ávinningi þeirra af einstökum verkefnum og komið með lausnir.

### Raddir kvenna skipta máli

Sést hefur til afrískrar konu á jaðri þróunarsamvinnusviðsins sem við skulum kalla Auði. Ráða má að aðstæður Auðar séu talsvert öðruvísi en aðstæður Joyce sem við erum vanari að hafa í huga þegar við gerum okkur mynd af afrískum konum. Auður gæti komið frá hvaða ríki sem er í Afríku. Hún á líklega heima í þéttbýli en á líka rætur í dreifbýli og þekkir margbreytilegar aðstæður kvenna í landi sínu. Hún vill að á sig sé hlustað og gæti hafa verið kjörin fulltrúi í sveitarstjórn. Hún tilheyrir millistéttinni í heimalandi sínu og þótt hún teljist ekki mjög fátæk er hún heldur ekki rík. Hún þarf að takast á við margvísleg vandamál sem dæmigerð eru fyrir flest Afríkuríki, eins og skort á velferðarkerfi, mikla misskiptingu gæða og réttindabrot gagnvart konum og fleiri hópum svo fátt eitt sé nefnt.

Við hvetjum alla þá sem vinna að þróunarmálum til að leita uppi Auði og systur hennar af mismunandi þjóðfélagsstigum, hlusta á hvað þær hafa að segja og hefja við þær samstarf. Það er fjárfesting sem borgar sig.

# „Verklagið mótast af árangri og ábyrgð“

## -segir Leah Sepuya skrifstofustjóri ÞSSÍ í Úganda

„Ég hef tekið eftir því þá fáeinu mánuði sem ég hef starfað með Þróunarsamvinnustofnun Íslands að verklagið mótast afskaplega mikið af árangri og ábyrgð,“ segir Leah Sepuya, skrifstofustjóri umdæmisskrifstofu ÞSSÍ í Kampala, en hún tók við því starfi seint á síðasta ári. „Ég er þeirrar skoðunar að við séum að gera mjög góða hluti í þróunarmálum fyrir Úganda og hópurinn er einbeittur og telur ekki eftir sér að leggja á sig aukalega til þess að ná árangri í starfi með grasrótinni, jafnvel í afskekktustu héruðum landsins.“

Leah kveðst hafa sótt um skrifstofustjórastarfið vegna þess að hún hafi haft reynslu af verkefnabundinni þróunaraðstoð, hafði m.a. áður unnið hjá frjálsum félagasamtökum.

„Úganda hefur margvíslega möguleika til vaxtar en því miður er svo margt sem hamlar,“ segir Leah. „Það er mikil spilling, atvinnuleysi og menntakerfið er ekki mjög hagnýtt, alls kyns fræði eru kennd í skólum sem aldrei reynir á í veruleikanum. Opinberu fé er líka illa varið og ríkisstjórnin tekur óþarfa lán, t.d. var mikið fé tekið að láni til að halda Samveldisfundinn hér í Úganda á síðasta ári en reikningsskilin eru mjög dapurleg. Miklum fjármunum er líka varið í rannsóknir ýmissa mála en því miður berast skýrslur seint og sökudólgarnir sjaldnast færðir til bókar,“ segir hún.

Leah nefnir einnig þann vanda Úganda sem snýr að skorti á fjárfestingu í landinu. „Mörg fyrirtæki af ýmsu tagi skjóta upp kollinum á skömmum tíma en hætta starfsemi á enn skemmri tíma vegna ýmiss konar ástæðna. En, þrátt fyrir þetta, eru margir geirar í okkar samfélagi sem sýna stöðugar framfarir og það á bæði við um heilbrigðis- og menntamál, þökk sé þróunarsamvinnu.“ -*Gsal, Kampala.*



Leah Sepuya skrifstofustjóri ÞSSÍ í Kampala.

# „Vil þakka Íslendingum í eigin persónu“

## – rætt við Welemu Masina, höfðingjann af Nankumba

Levi Soko, aðstoðarverkefnisstjóri fullorðinsfræðslu- og vatns- og hreinlætisverkefna ÞSSÍ á Nankumba-skaga í Malaví, tók nýverið Welemu Masina, höfðingjann af Nankumba, tali og ræddi við hann um þróunarverkefni ÞSSÍ á svæðinu, sér í lagi þátttöku hans og heimamanna í verkefnunum. Masina er höfðingi Nankumba en undir hann heyra 144 þorpshöfðingar auk hópþorpahöfðingja. Íbúar svæðisins eru um 120 þúsund.”

*– Hvernig kom það til að þú varðst höfðingi?*

„Ég varð höfðingi við andlát frænda míns. Ég erfði höfðingjatignina frá honum. Það er í samræmi við hefðir okkar.“

*– Hvað finnst þér um þau þróunarverkefni sem ÞSSÍ styður hér á þínu umráðasvæði?*

„Ég er afar þakklátur ÞSSÍ fyrir að greiða veginn fyrir framþróun á mínum lendum. ÞSSÍ hefur byggt skóla og eflt fiskveiðar á vatninu. Svo eru það öll vatnsbólin, verndaðar borholur og brunnar um allt svæðið þvert og endilangt sem ÞSSÍ hefur byggt. Það eru því engin vandamál tengd vatnsskorti eða sjúkdómum vegna mengaðs vatns lengur á mínu svæði. ÞSSÍ ýtir undir bættar hreinlætisvenjur í þorpunum með fræðslu og kynningu. Enginn hefur látist af völdum kóleru á þessu ári hér. Ég er afar áhyggjufullur þegar ég heyri orðróm um að ÞSSÍ sé á förum frá svæðinu. Það er mín einlæg ósk að ÞSSÍ haldi áfram að hjálpa okkur við uppbygginguna og framþróun. Þá bæn bið ég daglega.”

*– Hvaða hlutverki gegnir þú í þessum þróunarverkefnum?*

„Sem höfðingi hvet ég þorpshöfðingja og hópþorpahöfðingja til þátttöku í verkefnunum. Ég aðstoða líka við fræðslu og kennslu í hinum ýmsu verkefnum þannig að þorpshöfðingjar skilji mikilvægi þessara verkefna fyrir samfélagið í heild. Ég þjóna sem milliliður á milli ÞSSÍ og samfélaga í Nankumba. ÞSSÍ býður mér ávallt á fundi þar sem ég er upplýstur í smáatriðum um framgang verkefna og hvernig hrinda skuli nýjum verkefnum í framkvæmd. Ég kem þeim skilaboðum svo áfram til fólksins – íbúanna á mínu svæði. Þeir þorpshöfðingjar sem ekki eru nægilega kraftmiklir – það er, ekki nægilega viljugir til þátttöku í verkefnum – eru kallaðir til mín og ég segi þeim til syndanna.“

*– Hvernig segir þú þeim til syndanna?*

„Í fyrstu kalla ég þá til mín til viðræðna. Ég minni þá á þá staðreynd að hlutverk þorpshöfðingja er að leiða þróunarverkefni hver í sínu þorpi. Ef það dugar ekki til svipti ég þá embætti tímabundið. Ég hef það vald. Ef þeir sýna hins vegar í verki meiri áhuga og vilja til þátttöku set ég þá aftur í embætti – sýni þeir vilja til að verða góðir þorpshöfðingjar sem vilja vinna í þágu fólksins.“

*– Hvernig hefur hagur íbúa vænkast vegna þróunarverkefnanna?*

„Fólkið hér nýtur nú betri heilsu en nokkru sinni fyrr vegna hreins og ómengaðs vatns og betrumbættra hreinlætisvenja og aðstöðu. Ólæsi er að þurrkast út vegna skólanna sem hafa verið byggðir og börnin okkar njóta nú menntunar. ÞSSÍ hefur byggt sjúkrahús og heilsugæslustöðvar og fólk fær þar aðhlynningu. Mannslífum er bjargað. Svo við sjáum árangurinn afar greinilega. Það er þess vegna sem ég vil ekki fyrir nokkra muni að ÞSSÍ yfirgefi okkur.“

*– Ef ÞSSÍ hverfur af vettvangi heldurðu að verkefnin haldi áfram og að þeim verði áfram vel stýrt?*

„Ég tel að sum þessara verkefna muni halda áfram. Til dæmis vatnsbólin. Það er í okkar verkahring að viðhalda vatnsbólunum og sjá til þess að þau gefi alltaf af sér hreint og tært vatn. Það er óhjákvæmilegt að einhverjir hlutir í vatnsdælum gefi sig og skipta þurfi um þá. Þá þurfa varahlutir að vera til staðar og peningar til að kaupa þá. Þess vegna eru vatnsbólanefndir um hvern brunn og þeirra hlutverk er meðal annars að sjá til þess að sjóðir séu nægir til að kaupa varahluti og þekking og kunnátta til að skipta um þá.“



Welemu Masina, höfðinginn af Nankumba.
LJÓSMYND: STEFÁN JÓN HAFSTEIN.

*– Veistu hvar Ísland er?*

„Nei, ég veit ekki hvar Ísland er. Ég hef aðeins heyrt um Ísland og hitt hvíta menn frá Íslandi. Ég sé þá hér en ég veit ekki hvar Ísland er. En ég veit þó að það er mjög kaldur staður – svo er mér sagt. Það væri gott ef ÞSSÍ gæfi mér færi á að sjá Ísland. Það yrði gaman. Ég ætti að fljúga til Íslands og hitta fólkið þar og þakka því – fyrir hönd alls fólksins míns í Nankumba – fyrir það góða starf sem það hefur innt af hendi á mínu landi.“

*– Viltu segja eitthvað að lokum?*

„Já. Í fyrsta lagi vil ég þakka ÞSSÍ fyrir öll þessi góðu þróunarverkefni í mínu landi. Í öðru lagi vil ég biðla til ÞSSÍ að halda áfram að starfa hér. Ekki fara. Og í þriðja lagi vil ég biðja ÞSSÍ um að gera mér kleift að heimsækja Ísland. Mér þætti afar vænt um að fá að koma og hitta Íslendinga og þakka þeim í eigin persónu.“

*– Kærar þakkir höfðingi og eigðu gott kvöld.*

„Þakka þér fyrir að koma. Far vel sonur sæll.“

# Réttum hjálpandi hönd

**- eftir Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra sem fer með þróunarmál**

Í miðri kreppunni eru Íslendingar eðlilega uppteknir af þeim efnahagslegu hamförum sem skelltu bankakerfinu og lögðu í einu vetfangi fjötra skulda á þúsundir fjölskyldna. Annars staðar í heiminum ganga þó á sama tíma yfir hljóðlátar hamfarir örbirgðar sem á degi hverjum leggja í valinn þúsundir barna. Kastljós fjölmiðla leikur ekki um þá nöturlegu staðreynd að hvern einasta dag deyja um 24 þúsund börn yngri en fimm ára af völdum sjúkdóma og fátæktar víðs vegar um heiminn. Á tveggja vikna fresti sviptir skortur og örbirgð því fast að 350 þúsund lítil börn lífinu, eða fleiri en alla íbúa Íslands.

Engin þjóð, ekki heldur þjóð í tímabundinni kreppu, hefur siðferðilegan rétt til að halda að sér höndum. Öllum ber skylda til að reyna af fremsta megni að rétta þeim hjálparhönd, sem ekki geta borið hönd fyrir höfuð sér, og njóta ekki einu sinni þess sjálfsagða réttar að fá að byrja lífið sem þeim þó var gefið í vöggugjöf. Þess vegna tekur Ísland þátt í alþjóðlegri mannúðarhjálp og þróunarstarfi – jafnvel þó að við glímum við efnahagskreppu.

Íslendingar hafa um 40 ára skeið verið þátttakendur í alþjóðlegri þróunarsamvinnu. Í efnahagskreppunni verðum við vissulega að sníða okkur stakk eftir vexti. Við erum ekki jafn ríkulega aflögufær og á tímum góðærisins, en það munar eigi að síður um þá aðstoð sem íslenska þjóðin veitir til margvíslegra verkefna víðs vegar um heiminn. Hver króna skilar árangri í baráttunni gegn sjúkdómum og bættri líðan þeirra, sem þjást af miklu meiri skorti en Ísland samtímans hefur nokkru sinni kynnst. Hnitmiðuð þróunarsamvinna er hluti af einbeittri viðleitni okkar til að byggja upp traust á Íslandi á nýjan leik og sýna í verki, að við látum okkur varða um hag þeirra verst settu í heiminum.

Hinar mannlegu hamfarir sem skekja líf þúsunda á degi hverjum í formi fátæktar, skorts á vatni og mat, lyfjum og umönnun er hægt að fyrirbyggja. Við Íslendingar leggjum fram okkar skerf með því að styðja Barnahjálp Sameinuðu þjóðanna og samtök eins og Barnaheill. Við tökum þátt í að byggja upp heilbrigðisþjónustu í Malaví og styðjum sjálfsprottin samtök sem skjóta skjólshúsi yfir foreldralaus börn í fátækustu ríkjum heims. Íslendingar hafa líka lagt sérstaka rækt við aðstoð á gleymdum svæðum, sem eru utan við kastljós fjölmiðlanna, og fáar aðrar hjálparstofnanir utan okkar koma til aðstoðar.

Fyrir nokkrum árum skrifaði hagfræðingurinn Paul Collier einstaka bók um þann milljarð jarðarbúa sem er fastur í gildru örbirgðar og fátæktar. Fólkið, sem dregur fram lífið á botni samfélaganna – The Bottom Billion. Ríkin sem Collier fjallaði um er mótuð af hamförum styrjalda og ófriðar, þar sem auðvald misnotar náttúruauðlindir og stjórnarfarið er í molum. Fólkið í þessum ríkjum, sem oftar en ekki dregur fram lífið á voninni einni, þarf á aðstoð okkar að halda. Glíma þeirra við örbirgðina er líka okkar glíma.

Í þessu riti er fjallað sérstaklega um þann mikilvæga þátt þróunarstarfsins sem felst í beinni aðstoð Íslands við önnur ríki. Sú tvíhliða aðstoð er unnin af Þróunarsamvinnustofnun Íslands, sem í tæpa þrjá áratugi hefur unnið stórmerkilegt og þakklátt starf. Fyrstu árin miðuðust einkum að liðsinni á sviði sjávarútvegs og fiskveiða, en snerust síðar að heilbrigðis-, mennta- og félagsmálum. Undanfarið höfum við einnig með góðum árangri miðlað sérþekkingu okkar og reynslu á sviði jarðhita og stuðlað þannig að því að svipta



Hver króna skilar árangri í baráttunni gegn sjúkdómum og bættri líðan þeirra, sem þjást af miklu meiri skorti en Ísland samtímans hefur nokkru sinni kynnst, segir utanríkisráðherra.
LJÓSMYND: GUNNAR SALVARSSON.

af viðkomandi þjóðum fjötrum orkufátæktar sem oftar en ekki er helsti þröskuldur á sviði framfara. Við sníðum okkur stakk eftir vexti og vinnum hvert þróunarverkefni af gaumgæfni.

Í haust mun ég leggja fram á Alþingi tillögu til þingsályktunar um fjögurra ára áætlun um þátttöku Íslands í alþjóðlegri þróunarsamvinnu. Það er von mín að sú framtíðarsýn og markmið sem þar munu birtast skapi traustan grundvöll fyrir þau góðu verk sem lesa má um á þessum síðum.

# VÖ ÁR

### TEKIN Á EINUM DEGI

Árni segir hugmyndina að Backyard upphaflega komna frá tónlistarmanninum Árna Plús1 sem vildi festa á filmu ákveðna tónlistarsenu sem honum þótti vera í gangi um þessar mundir. „Hugmyndin var að halda tónleika í bakgarðinum hjá honum, festa það á filmu og skrásetja þannig þessa tónlistarsenu sem er í gangi. Allt upptökuferlið gekk nokkuð hratt fyrir sig, ég náði að hóa saman einhverju tökuliði og tökur fóru svo að mestu fram á þessum eina degi þegar tónleikarnir voru haldnir,“ segir Árni, en myndin byggist einnig á viðtölum við tónlistarmennina sjálfa og ber því íslensku tónlistarlífi gott vitni.

Í heimildarmyndinni Með hangandi hendi er fylgst með tónlistarmanninum ástsæla, Ragga Bjarna, þar sem hann er að sigla inn í sjötugasta og fimmta aldursárið. „Myndin fjallar um Ragga þar sem hann undirbýr veisluhöldin en við skyggnumst einnig á bak við persónuna sem hann hefur skapað og lítum yfir feril hans, en Raggi fagnaði einmitt sextíu ára starfsafmæli meðan á tökum stóð,“ útskýrir Árni.

Hann ber Ragga vel söguna og segir hann vera einlægan og skemmtilegan mann. „Við fylgdum Ragga í tvö ár. Ég held að hann hafi ekki alveg áttað sig á stærð heimildarmyndarinnar þegar hann samþykkti að láta mynda sig, en þau hjónin hafa tekið þessu af miklu æðruleysi og leyft okkur að fylgja sér út um allt.“ Að sögn Árna er myndin þó ekki fullunnin enn sem komið er og því verður aðeins brot úr henni sýnt á Skjaldborgarhátíðinni um helgina. Myndin verður síðan frumsýnd í fullri lengd í kvikmyndahúsum í haust.

### FLEIRI HÁTÍÐIR

Aðspurður segir Árni hátíðir sem Skjaldborg skapa nauðsynlegan vettvang þar sem kvikmyndagerðarfólk geti komið verkum sínum á framfæri. „Svona hátíðir styrkja grasrótina í kvikmyndagerð. Í grasrótinni fær fólk tækifæri til að prófa sig áfram innan kvikmyndagerðar og ef rótin er ekki sterk þá mun iðnaðurinn aldrei blómstra að fullu. Ef ræturnar eru fúnar, þá drepst tréð. Hátíð eins og Skjaldborg getur gefið heimildarmyndum tækifæri til að blómstra sem undir öðrum kringumstæðum mundu safna ryki uppi á hillu,“ segir Árni.

Inntur eftir því hvort hann sé með fleiri verkefni í burðarliðnum svarar hann með semingi. „Ég er með fullt af verkefnum í gangi en það ríkir mikil óvissa innan bransans þessa dagana og þess vegna eru þau í hálfgerðu limbói eins og sakir standa. Ég held ég eigi sex ókláraðar myndir í skúffunum heima hjá mér, handrit að tveimur sjónvarpsseríum auk tveggja annarra mynda sem eru í burðarliðnum,“ segir hann og hlær. „Undanfarna mánuði hef ég einnig verið að kynna Backyard fyrir erlendum aðilum og býst við því að hún fari eitthvað á flakk nú á næstunni,“ segir Árni að lokum.



## Skjaldborgarhátíðin á Patreksfirði

**Skjaldborgarhátíðin** er haldin hátíðleg í fjórða sinn í ár og fer fram dagana 21. maí til 24. maí. Markmið hátíðarinnar er að sýna heimildarmyndir sem annars kæmu varla fyrir augu almennings.

**Hátíðin dregur nafn sitt** af húsinu Skjaldborg sem var byggt árið 1935. Árið 1980 var Skjaldborg gerð upp að að innan og var þá ráðist í að útbúa bíóaðstöðu í húsinu sem var með því besta sem þekktist á þeim tíma.

**Í ár verða sýndar** tuttugu og fjórar heimildarmyndir á hátíðinni en einnig er haldin plokkfiskveisla, „tropical“ veisla sem skipulögð er af slökkviliðsstjóra bæjarins auk þess sem Geirmundur Valtýsson mun spila á lokaballi hátíðarinnar.

**Heimildarmyndin Kjötborg,** eftir Helgu Rakel Rafnsdóttur og Huldu Rós Guðnadóttur, hlaut áhorfendaverðlaun sem besta myndin á heimildarmyndahátíðinni Skjaldborg árið 2008, en hvert ár hlýtur ein mynd slík verðlaun.


# Apótekið þitt

í gamla Héðinshúsinu við Seljaveg 2.








*Reykjavíkur Apótek er sjálfstætt starfandi apótek sem leggur áherslu á persónulega þjónustu og hagstætt verð. Apótekið er í gamla Héðinshúsinu við Seljaveg 2.*

**Frí heimsendingarþjónusta til eldri borgara og öryrkja.**

AFGREIÐSLUTÍMI
9–18:30 virka daga
10–16:00 laugardaga

Reykjavíkur Apótek

# útlit

*fegurð og förðun



**TÖFF** Þessi svali leðurkragi frá Áróru breytir venjulegum bol í hátískuflík. Fæst í GK, Laugavegi.





### GÓÐ RÁÐ TIL AÐ BJARGA MÁLUM

„Mig langaði til þess að sýna hvernig hægt er að gera einfalda förðun sem allir geta gert og leysa vandamál sem við glímum allar við eins og þreytu og veikindi. Mig langar að kenna konum nokkur ráð til að bjarga málunum.“ útskýrir Guðbjörg Huldís sem farðaði Ingibjörgu. „Húð Ingibjargar þurfti á hressingu að halda og ég notaði Bobbi Brown extra face oil til að mýkja hana, gefa raka og fríska upp. Í kringum augu setti ég Extra Eye Balm sem vekur þreytta og þurra húð og gefur henni góðan raka. „Corrector“ er frábær til að leiðrétta bláa eða dökka tóna í kringum augu áður en hyljari er settur á.. Ég notaði Antigua Face Palette til að forma augun, og palettan inniheldur auk þess fallegan kinnalit og varaliti. Til þess að augun verði áberandi er mikilvægt að nota BB blautan Long eye-wear Gel Eyeliner í Black Mauve Shimmer Ink. Léttur maskari og varablýantur í ferskjulit setti svo punktinn yfir i-ið.“ Guðbjörg Huldís starfar sem „freelance“ förðunarmeistari og hefur meðal annars unnið fyrir Esquire magazine, Nike, Ford og ELM. Hún notaði einungis vörur frá Bobbi Brown til þess að farða Ingibjörgu.









Frísklegt útlit með Bobbi Brown: Ingibjörg Stefáns

# KÝS NÁTTÚRULEGAN FARÐA

Föstudagur fékk Guðbjörgu Huldísi förðunarfræðing til að taka jógagúrúinn Ingibjörgu Stefánsdóttur í „Make-over“ til að sýna konum hvernig þær geta fírskað upp á útlitið með góðum vörum og náttúrulegum litum.

„Ég þurfti að hugsa mig um daginn sem myndatakan átti að fara fram,“ segir Ingibjörg. „Ég var að jafna mig á þrautseigri flensu og hafði sofið í aðeins þrjá tíma um nóttina. Ég hugsa að flestar konur upplifi svona daga þar sem ekkert reddar andlitinu nema góður farði.“

Ingibjörg segist lítið mála sig dagsdaglega og kjósi þá helst að farða sig svo að það sjáist ekki of mikið. Ingibjörg rekur jógastöðina Yoga Shala en hefur einnig verið með lífsstílsnámskeið í Maður Lifandi.

„Ég tók eftir því að fólk sem byrjar í jóga hjá okkur fer að hugsa meira um mataræði sitt og skynjar hvaða áhrif það hefur á líkamann. Ég ákvað því að skella mér í nám síðastliðinn vetur í næringarráðgjöf til að geta hjálpað fólki meira, og er til dæmis með einstaklinga í sex mánaða prógrammi þar sem allt er tekið í gegn. Þar fær fólk fullt af lesefni, leiðsögn, verkefni og stuðning auk þess að fá að sækja tíma í jóga.“ *- amb*

HÓTEL STJÓRNUN

NÁM Á HÁSKÓLASTIGI

Viltu starfa á alþjóðavettvangi?

César Ritz

MENNTASKÓLINN Í KÓPAVOGI
HÓTEL- OG MATVÆLASKÓLINN FERÐAMÁLASKÓLINN LEIÐSÖGUSKÓLINN



Spennandi námsmöguleiki fyrir nemendur sem lokið hafa stúdentsprófi og/eða iðnnámi í matvælagreinum. Nemendur útskrifast með Diplóma í Hótel og veitingarekstri og geta í framhaldi lokið BS námi í Sviss.

INNRITUN STENDUR YFIR!

www.mk.is

Nánari upplýsingar á www.cesarritz.is og á skrifstofu skólans í síma 594 4000



**Íslenskur hveraleir** Á Nordica Spa er hægt að fá eldfjallameðferð.

### Eldfjöll eru ekki alslæm:

# Hreinsandi leir úr íslenskri náttúru

Gosið í Eyjafjallajökli hefur verið skelfilegt fyrir íbúa undir jökli og einstaklega þreytandi fyrir ferðalanga, innlenda sem erlenda. Eldfjöll eru væntanlega ekki litin hýru auga þessa dagana þrátt fyrir að þau hafi varpað kastljósinu á Ísland undanfarnar vikur. Við Íslendingar megum þó ekki gleyma því að það hefur vissa kosti að búa á eldfjallaeyju og nýta sér þá góðu hluti sem spretta upp úr iðrum jarðar eins og heitt vatn og gnægð af hollum steinefnum. Þeir sem þekkja hina dásamlegu tilfinningu eftir sundsprett í Bláa lóninu geta bætt um betur og skellt sér í eldfjallameðferð í Nordica Spa. Þessi stórkostlega meðferð byrjar með því að náttúrulegum, brúnleitum hveraleir er nuddað af snyrtifræðingi á líkamann. Leirinn, sem kemur frá Hveragerði líkt og aðrar vörur í meðferðinni, inniheldur smáar agnir sem skrúbba húðina í leiðinni og endurnýja hana. Þegar leirinn hefur verið borinn á líkamann er öllu svo pakkað inn í plast til þess að líkaminn hitni og virku efnin í leirnum hafi enn meiri áhrif. Á meðan maður slakar á líkt og barn í móðurkviði er boðið upp á slakandi svæðanudd á fótum. Leirinn er sagður draga eiturefni úr líkamanum og mýkja húðina og þegar hann hefur fengið að virka í um fjörutíu mínútur er hann skolaður af. Því næst tekur við djúpt nudd í fjörutíu mínútur þar sem unnið er á þrýstipunktum í líkamanum og ætti að losa um hvers kyns streituverki og stífleika. Þessi ótrúlega slakandi reynsla endar svo með því að boðið er upp á hreinsandi jurtate úr íslenskum grösum. Dásamlega slakandi reynsla sem ætti að vera ómissandi öllum þeim sem þurfa hvíld frá vinnu og amstri hversdagslífsins. *- amb*



**Leður** Flottur ljósbrúnn kjóll úr leðri.



**Svart og einfalt** Svartur kjóll með leðurstykki að ofan.

### Leður og hreinar línur:

# Flott hjá Philo

Chloé-hönnuðurinn fyrrverandi, Phoebe Philo hefur sest við stjórnvölinn í hönnunardeild franska tískuhússins Celine. Celine var mjög frægt á sjöunda og áttunda áratugnum en var farið að dala en nú er ljóst að ráðning Philo hefur borgað sig. Lína hennar fyrir vor og sumar 2010 vakti mikla hrifningu, sérstaklega hjá kvenpeningnum sem taldi þetta einstaklega klæðilegan og nútímalegan fatnað.

„Mig langaði til þess að gera fötin meira straumlínulöguð, svona í naumhyggjustíl samtímans fyrir konur á þrítugs- og fertugsaldri.“ Fötin voru í senn kynþokkafull og praktísk: mikið bar á aðsniðnum kápum og kjólum, stuttum pilsum og fallegum skyrtum. Tískubloggarar sögðu margir hverjir fatnaðinn minna sig á erótískar ljósmyndir meistara Helmuts Newton, og þá sérstaklega leðurkjólarnir og pilsin. *- amb*








**MJÚK FRÁ SÓLEY – ALLT Í EINU SKRÚBBUR OG BODY LOTION!**
rakagefandi líkamsskrúbbur með villtum íslenskum jurtum Einstakur mýkjandi og rakagefandi líkamsskrúbbur sem inniheldur kröftugar villtar íslenskar jurtir í bland við epsom salt og heilandi kjarnaolíur sem færa líkamanum náttúrulegan ilm. mjúk, sem geymir íslenskar lækningajurtir og verndandi olíur, fjarlægir dauðar húðfrumur og endurnýjar húðina og eftir sitja olíur sem vernda og stinna líkamann og gera hann silkimjúkan. Nuddið vænu magni af mjúk á ÞURRA húðina. Þar sem mjúk inniheldur náttúruleg hreinsiefni er óþarft að nota sápu. Með því má auka virkni lækningjurtanna og hinna heilandi kjarnaolía.

**FÆST Í APÓTEKUM, HEILSUVÖRUVERSLUNUM, FRÍHÖFNINNI OG VERSLUNUM FYRIR FERÐAMENN.**





**SIGNATURES OF NATURE MINERAL FLOWERS FACIAL MASK.**
Andlitsmaski með 100 % náttúru paraben laus og litarefnalaus . Endurnærir húðina, fjarlægir allar dauðar húðfrumur ,örvar blóðrásina ásamt því að stinna og styrkja húðina. Unaðsleg tilfinning eftir notkun. 100 ml - Verð kr 3990kr.

**SIGNATURES OF NATURE MINERAL FLOWERS ALMOND BODY OIL.**
Unaðsleg líkamsolía unnin að mestu upp úr möndlum laus við paraben og litarefni. Gengur hratt og vel inn i húðina mýkir og nærir yfirborð húðar. Tilvalið að nota i sumar til að gefa húðinni fallegt útlit. 200 ml 3990 kr

**FÆST Í SIGNATURES OF NATURE – SMÁRALIND**,
www. signaturesofnature.is



**DIOR SVELTE**
Body Hydrating and Firming Creme.
Inniheldur; Coral Grass jurtaþykkni sem gefur húðinni raka, Cupuacu smör og Sea smjör sem gefa húðinni næringu og fitusýrur, og Centella náttúrulegt efni sem stuðlar að auknigu kollagens í húðinni. Þétt, falleg og vel nærð húð. Yndislegt body krem frá Dior Svelte líkamslínunni sem samanstendur af Body olíu, Deo kremi og Body spray.



**DIOR HYDRALIFE**
Ný og fersk rakalína frá Dior hefur litið dagsins ljós. Rakamettuð , fersk og þétt húð, húðin eykur varnarhjúp sinn og bregst vel við áreyti og öll þreytu einkenni hverfa. Dior Hydralife Pro-Youth Protective creme, er sumarkremið sem allar konur þurfa. Létt og ferskt creme með sólarvörn spf 15. Frábært í borginni, sundið og alla útiveru.



**MAX FACTOR VIBRANT CURVE EFFECT LIP GLOSS**
NÝR byltingarkenndur varagloss frá MAX FACTOR. Bursti hannaður samkvæmt óskum förðunarfræðinga. Mjúk glansáferð í mildum litum, sem undirstrikar mjúkar bogadregnar línur varanna. Varirnar virðast þykkari og kynþokkafyllri. Glossinn klístrast ekki, 8 fallegir litir í boði. SEIÐANDI OG ÞRÝSTNARI VARIR!

# HEITT Í SUMAR

## Nýjasta nýtt í förðun og húðsnyrtivörum

**HYPNÔSE PRECIOUS CELLS FRÁ LANCÔME** er kremmaskari sem veitir órtúlegan þéttleika og endurnýjar augnhárin. Þetta er fyrsti maskarinn frá Lancôme sem sjáanlega endurnýjar og þéttir augnhárin með einstöku virku efni sem endurbyggir umhverfi frumnanna og eykur þannig frumuendurnýjun. Augnhárin eru sterkari, þéttari, vöxtur þeirra eykst og einstök formúlan dregur úr því að augnhárin losni við augnhreinsun. Hypnôse Precious cells þéttir augnhár eftir augnhár og gefur mikinn lit.



**FLASH BRONZER NIGHT SUN FRÁ LANCÔME**
er sjálfbrúnandi krem sem er sérstaklega hannað til að nota yfir nóttina. Morguninn eftir að það er notað verður húðin fallega ljómandi með tindrandi sólbrúnan lit. Hentar fyrir andlit og bringu, smitfrí tækni þannig að eftir 5 mínútur smitast gelkremið hvorki í rúmföt eða föt. Húðin verður rakafyllt og með þægindatilfinningu og liturinn endist vel. Upplagt er að nota Flash Bronzer Night sun tvisvar í viku til að viðhalda fullkomnum árangri og nota Exfoliance Clarté kornaskrúbbinn á undan til að losa dauðar húðfrumur og undirbúa húðina fyrir sjálfbrúnandi meðferðina. Til að auka sólbrúna litinn og móta andlitið er upplagt að nota Tropiques Minérale sólarpúðrið daglega yfir andliskremið þitt.





**DOVE BRÚNKUKREM**
Með Dove Summer Glow-brúnkukremi getur þú orðið brún á heilbrigðan og þægilegan máta. Það er borið á hreina húð, gott er að nota kornakrem fyrir fyrstu notkun þar sem það hreinsar í burtu dauðar húðfrumur. Dove Summer Glow er borið jafnt á þurra húðina og passa þarf að láta það þorna vel áður en farið er í fötin. Dove brúnkukremið fæst bæði fyrir ljósa og dökka húð. Dove-brúnkukrem er gott fyrir húðina og frábært fyrir útlitið.



**SLIMISSIME 360°** er ný vara frá LANCÔME sem vinnur á appelsínuhúð, er lyftandi, vatnslosandi, stinnir, mótar, þéttir og sléttir ójöfnur. Slimissime 360° örvar fitusundrun, dregur úr fjölgun á nýjum fitufrumum, dregur úr þrota og niðurbroti í leðurhúðini, örvar myndun kollagens og gefur góðan raka. Ójöfnur verða sléttari samstundis, grennandi áhrif koma fram á 7 dögum og mótandi og þéttandi áhrif eftir aðeins einn mánuð. Til að hámarka árangur vörunnar er gott að nota EXFOLIANCE CORPS líkmasskrúbbinn áður en Slimissime 360°er notað. Fyrir aukin þægindi er svo Aroma Blue eða Nutrix húðmjólk borin á allan líkamann eða eftir þörfum.



**TARGETED PROTECTION STICK SPF 35**
Sólvarnar stifti frá Clinique frábært á viðkvæm svæði kringum augu, varir og eyru. Olíulaus, vatnsheld og sérstaklega góð fyrir viðkvæma húð. Clinique 100% ilmefnalaust, ofnæmisprófað







**DIESEL FUEL FOR LIFE SUMARILMIR – EINSTÖK LITADÝRÐ.**
Diesel örvar skilningarvitin með nýjum léttum og frísklegum sumarilmum

**FUEL FOR LIFE SUMMER FYRIR HANN**
Enn ferskari ilmur með léttri hjartanótu og kraftmikilli og karlmannlegri grunnnótu.

**FUEL FOR LIFE SUMMER FYRIR HANA**
Léttari og ferskari ilmur sem örvar skilningarvitin með blóma- og ávaxtailmi og kryddaðri gunnnótu.



**GUCCI FLORA EDP**
Nýr og flottur ilmur frá Gucci.
Gucci Flora EDP kemur í kjölfar Gucci Flora EDT. Léttur og kvenlegur ilmur sem er dýpri en Gucci Flora EDT og endist lengur á húðinni. Ferskir sítrustónar og bóndarós mynda topptóninn, undir þessum sætari tónum liggur kröftugur grunnur úr sandelviði og patchouli.
Fæst í 30 og 50 ml.

**GUCCI BY GUCCI SPORT FYRIR HERRRA**
Gucci by Gucci Pour Homme er nýjasta viðbótin við vaxandi ilmúrval Gucci fyrir karlmenn. Sportleg einkennin eru undirstrikuð með léttleika ilmsins og sítrustónum. Svalur, ferskur og kröftugur ilmur. Fæst í 50 og 30 ml.






**AMOR AMOR DELIGHT FRÁ CACHAREL**
er nýr sumarilmur. Hann er kynþokkafullur og frísklegur viðarilmur fyrir þá sem kjósa létta og frísklega útgáfu af Amor Amor frá Cacharel. Í toppnótunni eru ananas, greipaldin og hindber. Í hjartanu eru rós, Frangipani og appelsínublóm. Í grunnnótunni eru Patchouli, vetiver, sedrusviður, amber og musk. Ómissandi ferskur og tælandi ilmur í sumarlegu glasi.



**FLOWERBOMB LA VIE EN ROSE FRÁ VIKTOR & ROLF.**
„La Vie en Rose" frá Viktor & Rolf örvar skilningarvitin þín. Frískleiki ilmsins mun heilla þá sem hafa ekki fundið Flowerbomb ilminn áður, hann er í senn léttur og fágaður. Töfrandi grænar nótur frá bleikum berjum, tangerína og bergamot gera ilminn litríkan og glitrandi sítrusnótur gera sumarið ógleymanlegt. Ilmurinn er umvafinn fáguðu bleiku glasi sem fyllir huga þinn af sumartilfinningum.

**PRÓFAÐU ZEN** og þú fyllist gleði og áhrifum þess besta sem sumarið býður upp á. Þessi dásamlegi sumarilmur frá Shiseido fer með þig í ferðalag með Fresium og Yusu, Mímósum og Jasmin . Sedrusviður og Amber slást svo í hópinn og fullkomna ferðina. Zen ilmurinn vinnur gegn streitu einkennum ( aroma therapy) .



**FÆST Í DEBENHAMS, HYGEU, SNYRTIVÖRUV. Í GLÆSIBÆ, BJARGI Á AKRANESI OG JÖRU Á AKUREYRI.**






**AROMA BLUE FRÁ LANCÔME**
er ný hressandi og frískleg líkamslína með steinefnum fyrir fullkomin þægindi. Vörurnar veita einstaka vellíðan með magnesium og kalíum, sem gefa húðinni orku og fylla hana af raka. Hrein orka fyrir skilningarvitin með hressandi og frísklegum léttum blómailmi. Í línunni eru léttur líkamsilmur sem styrkir, veitir ferskleika og orku, rakagefandi húðmjólk sem þéttir og gefur mýkt og ljóma og sturtusápa sem gefur orku, mýkt og ljóma. Umbúðirnar eru vistvænar og að lágmarki 45% endurunnar. Formúlan er náttúruleg án litarefna, silicons eða parabens.

**ARMANI CODE FRÁ GIORGIO ARMANI PARFUMES.** Armani Code sumarilmir fyrir hann og hana. Léttari túlkun á þessum tveimur vinsælu Armani Code ilmunum fyrir sumarið eða fyrir þá sem einfaldlega kjósa léttari útgáfuna af þeim. Nýir seyðandi ilmir sem færa þér birtuna frá suður Ítalíu og ferskleika miðjarðarhafsloftsins. Fyrir hann ferskur seyðandi viðar- og sítrusilmur og fyrir hana ferskur kryddaður blómailmur.

**NÝ LÍKAMSLÍNA FRÁ SHISEIDO**

**REFINING BODY EXFOLIATOR**
Áhrifaríkur kornahreinsir sem fjarlægir umfram húðfrumur án þess að húðin tapi nauðsynlegum raka kornin deyfast auðveldlega með mjúku kreminu sem hreinsar mjúklega, húðin verður rennislétt og ljómar um leið og það örvar blóðflæðið og fyrirbyggir uppsöfnun á vökva í líkamanum.

**REPLENISHING BODY CREAM**
Einstaklega flott líkamskrem sem dekrar við húðina og virkar eins og nudd sem örvar blóðflæðið, losar um uppsafnaðan vökva, örvar framleiðslu á kollageni og hýalúrónsýru, rakabætir og sinnir húðina um leið og það virkar sem andoxun. Svo leikur ljúfur og slakandi ilmurinn við vitin sem er blanda Jasmin, Cherry blossoms og KUROHO; ilmur sem hefur verið dáður í Japan í yfir 1.000 ár.




**TÍMAMÓT Í SÓLARVÖRNUM.** Við kynnum sólarvarnarkrem í 50ml túpu annarsvegar með SPF50 og hinsvegar með SPF30 sem eru ætluð bæði á andlit og líkama. Þessi krem eru einstaklega þægileg til daglegra nota, hugmyndin er að fólk geti notað þau alla daga til að vernda húðina gegn skaðlegum geislum sólarinnar sem er alltaf að koma betur í ljós hvað þeir eru hættulegir jafnvel þar sem fólk er að spóka sig í borgum og bæjum ekki bara á sólarströndum. Hentar í borgum , á göngu, í golfi, á skíði, fyrir konur, menn og börn.





# FRÁBÆR FÖSTUDAGUR

Kolbrún Pálína Helgadóttir, ritstjóri Nýs lífs



1 Ég get ekki ímyndað mér betri leið til að byrja frábæran föstudag en að taka góða æfingu í Sporthúsinu.

2 Á draumaföstudegi væri dásamlegt að komast í langan hádegismat með vinkonunum á Ósushi eða Vox, lyfta jafnvel glasi og hlæja svolítið.

3 Næst fer ég í vinnuna. Það eru ófá spennandi verkefnin sem bíða okkar á ritsjórn Nýs Lífs.



4 Sund með fjölskyldunni er eitthvað sem gleður litla fólkið mitt mikið og þar af leiðandi okkur foreldrana.



5 Til að toppa þennan föstudag myndi ég bruna með fjölskylduna og góða vini austur fyrir fjall og koma mér fyrir í sumarbústaðnum okkar, grilla góðan mat og njóta!







Tíska, fegurð, hönnun, lífið, fólkið, menning og allt um helgina framundan

Auglýsendur vinsamlegast hafið samband:
Sigríður Dagný í síma 512 5462 eða sigridurdagny@365.is

föstudagur
Fylgstu með




Frá lagnadeild eru vatnsúðakerfi og varmaskiptagrind.



Vegleg stoppistöð fyrir fugla. Kúluþakið veitir skjól og pípa niður úr miðjunni leiðir vatn í skál.



Skemmtilegt skissulíkan af hárþurrku.



Eitt af fjölmörgum fuglahúsum.

Sýnishorn af hönnunarverkefni sem sameinar tvo eða fleiri í einhverri athöfn.

# Draugabani, borð og hús

**Vorsýning Iðnskólans í Hafnarfirði verður opnuð í dag við skólaslitin. Hún birtir sýnishorn af fjölbreyttum viðfangsefnum nemenda hinna ýmsu deilda, allt frá snjóbræðslukerfum til drykkjarkrúsa.**

Stór partur sýningar Iðnskólans er frá listnámsbrautinni en í henni leggja nemendur meðal annars stund á hönnun. Þar má nefna hluti sem eiga að sameina tvo eða fleiri í einhverjum athöfnum, spilakassa, hálsfesti sem tveir geta skipt með sér og fleira sniðugt. Þarna eru líka spennandi verkefni úr rafvirkjun, hárgreiðslu, pípulögnum og málmiðnaði. Fjöldi smíðisgripa er úr málmi, tré og plasti, nefna má stækkanlegt matarborð sem líkist blómi og í byggingardeildinni er líkan í fullri stærð af hluta Krýsuvíkurkirkju.

Þekktar byggingar eru áberandi á sýningunni, það er að segja líkön og þau eru unnin á haganlegan hátt, í sama efni og fyrirmyndirnar.

Nemendur sem útskrifast í vor af listnámsbraut standa að hópverkefni þar sem þeir gera úttektir á ruslaskúffum kennaranna. Sýndar verða myndir af eigendum og skúffum þeirra og sýningargestir fá tækifæri til að giska á hvaða skúffa tilheyrir hverjum. *gun@frettabladid.is*



Þessum bolla geta nokkrir sopið af, hver af sinni hlið.



Skriðuklaustur er ein þeirra bygginga sem líkan er af á sýningunni, að sjálfsögðu alsett steinum.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Hvítasunnudagur er hátíð í kirkjuári kristinnar kirkju. Dagsins er minnst sem þess dags þegar heilagur andi kom yfir lærisveinana og aðra fylgjendur Jesú eins og lýst er í Postulasögunni. Hvítasunnudagur er einnig fæðingarhátíð heilagrar kirkju.



http://is.wikipedia.org




ALLT
Jóna María Hafsteinsdóttir
jmh@365.is - sími 512 5473
Henný Árnadóttir
henny@365.is - sími 512 5427
Þórdís Hermannsdóttir
thordish@365.is - sími 512 5447

HELGIN
Laugardaga



## Hjólhýsi



LMC Dominat 560, árg. ,06 mjög vel með farinn, sólarsella, Aldin hitakerfi, grjótgrind ofl. 3mkr uppl 892 2100.



Hobby 540 UFe Excelsior 2007 eins og nýtt, Apaskins áklæði, Ofn, markísa, fortjald á markísu,kæling,steríógræjur, sérsniðið teppi ,rúmmteppi,fjarst á ljós og dimmer ogfl til sýnis í rvk um helgi verð 3,8m s 8221974

## Fellihýsi



### Mjög rúmgott

Fleetwood Highlander 12' árg'04. 2xKing size rúm,eldavél m. bakaraofn,örbylgjuofn,wc,útvarp/cd,gas útigrill,markisa,sólarsella,upphækkað. V. 1.800.000. Uppl í S. 896 1391

## Bátar




## Hjólbarðar



Mikið úrval af maxxis og michelin cross og endurodekkjum. HAGKAUP GARÐABÆ SÍMI 563 5412

Ný ónotuð heilsársdekk 13" undir Skoda Felecia tilboð óskast uppl:4267034 / 6987034

### Þarftu að láta hjólastilla bílinn?

Við notum fullkomna hjólastillitölvu. PITSTOP, S: 565 2121 Hjallahrauni 4, 220 Hafnarfirði.

## Varahlutir




### Bílapartasala

Höfum opnað varahlutasölu með notaða varahluti í nýlega bíla www.netpartar.is







Kaupum Toyota bíla. Opið virka daga 9-18. Við erum þjónustuaðilar fyrir Úrvinnslusjóð. Eigum bíla til sölu. Bílapartar, Grænamýri 3, Mosfellsbær.

### Startarar og alternatorar

Fyrir flestar gerðir Fólksbíla,jeppa,vörubíla og vinnuvélar, varahluta og viðgerðaþjónusta. Gerum föst verðtilboð í viðgerðir þér að kostnaðarlausu. Ljósboginn yfir 50ár í þjónustu við bíleigendur! Bíldshöfða 14 sími 553-1244.




### Bílhlutir, Kaplahrauni 14, S. 555 4940.

Sérhæfum okkur í Volkswagen, Skoda og Daihatsu. Eigum einnig varahluti í fleiri tegundir bíla. Kaupum bíla til niðurrifs.

Varahlutir í VW Golf, Polo,Yaris, Fiat Brava og Kangoo. Viðgerðir. Gírkassar. Bremsuviðgerðir, renni diska og skálar. Kaupi bíla. Uppl. í s. 892 7852.

### partabílar.is 770-6400

| (86., Einar Einarsson | -) | Ólafur Stígsson | 6 |
| Magnús Matthíasson | 5 | (46., Jóhann Þórhal. | 5) |
| (70., Jóhann Guðm. | 5) | Ingimundur Óskars. | 5 |
| Guðm. Steinarsson | 7 | (65. Pape Faye | 5) |
| Hörður Sveinsson | 4 | Albert B. Ingason | 6 |
| (70., Brynjar Guðm. | 5) | Kjartan Breiðdal | 6 |

**Maður leiksins*

**Stjarnan 2-2 KR**

Stjörnuvöllur, áhorf.: 1.292 — Magnús Þórisson (6)

*1-0 Baldvin Sturluson (6.)*
*1-1 Kjartan Henry Finnbogason (16.)*
*1-2 Kjartan Henry Finnbogason (64.)*
*2-2 Ólafur Karl Finsen (88.)*

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 11–13 (5–5) |
| Varin skot | Bjarni 3 – Þórður 3 |
| Horn | 5–4 |
| Aukaspyrnur fengnar | 17–17 |
| Rangstöður | 0–0 |

| STJARN. 4–5–1 | | KR 4–4–2 | |
|---|---|---|---|
| Bjarni Halldórsson | 5 | Þórður Ingason | 4 |
| Baldvin Sturluson | 7 | Skúli Jón Friðgeirs. | 6 |
| Daníel Laxdal | 5 | Baldur Sigurðsson | 7 |
| Tryggvi Bjarnason | 6 | Mark Rutgers | 4 |
| Jóhann Laxdal | 7 | Guðm. Gunnarsson | 7 |
| Dennis Danry | 6 | Gunnar Örn Jónsson | 5 |
| Bjarki Eysteinsson | 4 | Bjarni Guðjónsson | 7 |
| (50., Ólafur Finsen | 6) | ***Viktor B. Arnars.** | **8** |
| Halldór Björnsson | 8 | Óskar Örn Hauksson | 7 |
| Atli Jóhannsson | 6 | Guðjón Baldvinsson | 6 |
| (86., Hilmar Hilmars | -) | (90., Björg. Takefusa | -) |
| Þorvaldur Árnason | 5 | Kjartan Finnbogason | 8 |
| Steinþór Þorsteins. | 5 | | |

**Maður leiksins*

### Pepsi-deild karla:

Selfoss-Haukar 3-0
1-0 Arilíus Marteinsson (67.), 2-0 Jón Daði Böðvarsson (84.), 3-0 Jón Guðbrandsson (88.).
*Maður leiksins: Guðmundur Þórarinsson, Selfoss.*

Fram-Grindavík 2-0
1-0 Ívar Björnsson (37.), 2-0 Hlynur Atli Magnússon (87.)
*Maður leiksins: Ívar Björnsson, Fram.*

**STAÐAN:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Keflavík** | **3** | **3** | **0** | **0** | **4-1** | **9** |
| Fram | 3 | 2 | 1 | 0 | 6-2 | 7 |
| **Fylkir** | **3** | **2** | **0** | **1** | **7-4** | **6** |
| Selfoss | 3 | 2 | 0 | 1 | 6-4 | 6 |
| **Stjarnan** | **3** | **1** | **1** | **1** | **7-5** | **4** |
| Breiðablik | 3 | 1 | 1 | 1 | 4-3 | 4 |
| **FH** | **3** | **1** | **1** | **1** | **5-5** | **4** |
| ÍBV | 3 | 1 | 1 | 1 | 4-5 | 4 |
| **KR** | **3** | **0** | **2** | **1** | **4-5** | **2** |
| Valur | 3 | 0 | 2 | 1 | 3-5 | 2 |
| **Haukar** | **3** | **0** | **1** | **2** | **2-6** | **1** |
| Grindavík | 3 | 0 | 0 | 3 | 0-7 | 0 |

---

# Hrakfarasaga KR heldur áfram

**Drápseðlið var ekki nægilega mikið hjá KR-ingum í gær þegar þeir gerðu jafntefli við Stjörnuna, 2-2. Mikil bæting var á leik liðsins en aðeins eitt stig kom í hús. KR mætir næst toppliði deildarinnar, Keflavík.**

**FÓTBOLTI** „Við áttum ekki annarra kosta völ en að þyngja sóknina í lokin og náðum að jafna. Mér fannst við sækja þetta stig," sagði Bjarni Jóhannsson, þjálfari Stjörnunnar, eftir 2-2 jafntefli við KR í gær. Varamaðurinn ungi Ólafur Karl Finsen var hetja Garðbæinga og skoraði jöfnunarmarkið á 88. mínútu með skalla eftir mikinn barning í teignum.

Þrjár breytingar voru á byrjunarliði KR frá tapleiknum gegn Selfossi. Þórður Ingason kom í markið í stað Lars Ivar Moldskred sem tók út leikbann. Björgólfur Takefusa var óvænt á bekknum fyrir Kjartan Henry Finnbogason. Þá var Guðmundur Reynir Gunnarsson mættur í bakvörðinn í stað Jordao Diogo sem hefur hafið Íslandsmótið herfilega. Hjá Stjörnunni kom Þorvaldur Árnason inn fyrir Marel Baldvinsson.

Heimamenn byrjuðu leikinn mun betur og KR-ingar virtust ætla að halda uppteknum hætti frá Selfossleiknum. Bakvörðurinn Baldvin Sturluson kom Stjörnunni yfir strax eftir sex mínútna leik en hann setti þá boltann laglega yfir Þórð í kjölfarið á aukaspyrnu frá Daníeli Laxdal.

Kjartan Henry var skeinuhættur í fremstu víglínu KR-inga og hafði átt tvær hættulegar marktilraunir áður en hann náði að jafna eftir klafs á sextándu mínútu. Þetta mark kveikti heldur betur í Vesturbæjarliðinu sem náði tökum á miðjunni, boltinn gekk vel á milli manna og nokkrar vænlegar sóknir litu dagsins ljós.

Óskar Örn Hauksson var mjög líflegur á vængnum og allt annað var að sjá til Viktors Bjarka Arnarssonar sem var sorglega dapur í fyrstu tveimur leikjum mótsins. Stjörnumenn náðu ekki góðu flæði í leik sínum og ein stærsta skýringin á því var sú að Steinþór Freyr Þorsteinsson náði ekki að koma sér inn í leikinn.

Það munaði þó litlu að Stjarnan færi með forystu inn í hálfleikinn en liðið fór illa með mjög gott færi rétt áður en Magnús Þórisson flautaði til hálfleiks. Fátt markvert gerðist á upphafskafla seinni hálfleiks en á 64. mínútu tók KR forystuna. Daníel, fyrirliði Stjörnumanna, gerði slæm mistök sem Kjartan Henry nýtti sér og vippaði glæsilega yfir Bjarna Þórð Halldórsson.



**SJÓÐHEITUR** Kjartan Henry Finnbogason kom inn í byrjunarlið KR í gær og þakkaði fyrir með því að skora tvö mörk. Það dugði ekki til sigurs. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

KR-ingar voru svo nálægt því að láta kné fylgja kviði og bæta þriðja markinu við en það tókst þeim ekki og var refsað undir lokin. Úrslitin 2-2 í Garðabænum.

„Við komum sprækir inn í leikinn en náðum samt aldrei almennilegum tökum. Í seinni hálfleik fannst mér leikurinn í algjörum járnum þar til við fáum á okkur heldur slysalegt mark. Eftir það datt dampurinn úr leik okkar en við náðum okkur aðeins á strik í lokin og verðum að fagna þessu stigi," sagði Bjarni sem er nokkuð sáttur við byrjun liðsins á Íslandsmótinu.

„Mér fannst við spila mjög vel í dag," sagði markaskorari KR, Kjartan Henry. „Svo gleymdum við okkur í nokkrar sekúndur í lokin. Við verðum að fara yfir þetta saman, það er stutt í næsta leik. Þetta er ekki að detta með okkur núna en maður stýrir sinni eigin heppni. Við verðum bara að einbeita okkur að næsta leik."

KR-ingar hafa aðeins tvö stig að loknum þremur umferðum en þeim var spáð toppsætinu fyrir mót.

Mikil vonbrigði fyrir Vesturbæinga en næsti leikur liðsins er heldur ekki í auðveldari kantinum, gegn toppliði Keflavíkur sem fyrrum þjálfari liðsins, Willum Þór, stýrir. elvargeir@frettabladid.is

---

Frábærir Eyjamenn sigruðu Íslandsmeistara FH, 2-3, í Krikanum og Tryggvi Guðmundsson skoraði gegn FH:

# Eyjamenn hirtu öll stigin í Kaplakrikanum

**FÓTBOLTI** ÍBV sigraði FH í frábærum leik í Hafnarfirði er liðin mættust í þriðju umferð Pepsideildar karla. Mörk Eyjamanna skoruðu þeir Eyþór Helgi Birgisson, Tryggvi Guðmundsson og Eiður Aron Sigurbjörnsson en Torger Motaland og Ásgeir Gunnar Ásgeirsson sáu um mörk heimamanna.

Gestirnir spiluðu flottan fótbolta í leiknum og óhætt að segja að enginn meistarabragur hafi verið á FH-ingum í gær. Vörnin átti í stökustu vandræðum með Eyjapeyjanna og fann liðið engan veginn taktinn í fyrri hálfleik. Síðari hálfleikur einkenndist af baráttu og miklum hlaupum en heimamenn tóku leikinn í sínar hendur undir lokin og sóttu hart að marki gestanna. Þeir náðu ekki að skora jöfnunarmarkið mikilvæga og ÍBV landaði frábærum sigri gegn Íslandsmeisturunum.

„Fyrsti sigurinn í sumar og ekki leiðinlegt að það sé hér á móti FH í Kaplakrika. Mér fannst fyrri hálfleikurinn alveg æðislegur en við duttum aðeins niður í seinni hálfleik. Við kláruðum samt dæmið og það er það sem skiptir mestu máli," sagði Eyþór Helgi Birgisson, leikmaður ÍBV, en hann átti frábæran leik í liði Eyjamanna, skoraði eitt mark og fiskaði víti sem gamli FH-ingurinn Tryggvi Guðmundsson skoraði úr.



**KANN VEL VIÐ SIG Í KRIKANUM** Tryggvi Guðmundsson fagnaði mörgum mörkum með FH í Krikanum en í gær fagnaði hann með ÍBV. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

„Stemningin í liðinu er mjög fín. Þetta er mjög þéttur hópur og lítur vel út. Við ætluðum allan tímann að koma hingað og taka þrjú stig. Það bjóst enginn við þessu af okkur og við gjörsamlega pressulausir," sagði Eyþór en Eyjamenn spiluðu framarlega á vellinum með tvo framherja sem heimamenn áttu í miklum vandræðum með.

„Við komum þeim á óvart, mættum þeim mjög framarlega á vellinum og spiluðum sóknarbolta. Þeir áttu eflaust ekki von á því og ég held að það ásamt góðri samheldni í okkar liði hafi klárað þetta verkefni hér í dag. Við vorum allir að hvetja hvor annan og spiluðum þennan leik sem lið," bætti Eyþór við.

FH-ingar sóttu grimmt að marki Eyjamanna undir lokin en inn vildi boltinn ekki. Eyþór segir að menn hafi beðið lengi eftir flautinu.

„Þessar síðustu mínútur voru helvíti lengi að líða. Það hefði verið dæmigert ef FH hefði jafnað en við getum brosað eftir þennan sigur og þetta er eitthvað til að byggja á," sagði Eyþór Helgi. - rog



**STERKUR** Alfreð Finnbogason átti flottan leik fyrir Blika í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Valur aðeins með tvö stig í Pepsi-deild karla eftir þrjá leiki á heimavelli:

# Ólafur Blikaþjálfari fékk góða afmælisgjöf

**FÓTBOLTI** Breiðablik hélt upp á afmæli Ólafs Kristjánssonar þjálfara með því að vinna 2-0 sigur á Val á útivelli í gær. Þar með eiga Valsmenn enn eftir að vinna leik og eru þeir með tvö stig eftir þrjá fyrstu leikina sem allir hafa farið fram á heimavelli.

„Við vildum geta tileinkað Óla sigurinn,“ sagði Alfreð Finnbogason. „Hann sagði okkur fyrir leikinn að fara út og spila eins og við værum að leika okkur í fótbolta. Við gerðum það.“

Valsmenn byrjuðu reyndar betur í leiknum og voru miklu duglegri að sækja upp að marki andstæðingsins. En þeim gekk ekkert að nýta sér færin almennilega sem voru þó allnokkur í leiknum.

„Við vorum vissulega lakari aðilinn fyrstu 20 mínúturnar en skoruðum svo gott mark þvert gegn gangi leiksins,“sagði Alfreð. „Eftir það óx sjálfstraustið og þeir áttu ekki séns í okkur í seinni hálfleik. Við yfirspiluðum þá og heilt yfir var þetta sanngjarn sigur.“

Gunnlaugur Jónsson, þjálfari Vals, sagði það ekki nóg að spila vel upp völlinn. „Þú verður að nýta færin til að fá eitthvað úr leiknum,“ sagði hann. „En við áttum líka erfitt með að verjast skyndisóknum þeirra. Svo þegar við ætluðum okkur að setja meiri kraft í okkar sóknarþunga þá slitnaði á milli miðju og varnar eins og eðlilegt er.“

Gunnlaugur segir þó að það sé engin uppgjöf í herbúðum Valsmanna. „Við höfum sýnt það í öllum okkar leikjum að við erum með frambærilegt lið. En það þarf að skora mörk, ekki bara til að vinna leiki heldur einnig til að fá meira sjálfstraust. Það vantaði smá trú á að við gætum unnið okkur aftur inn í leikinn í dag.“ Sjálfur var Ólafur ánægður með afmælisgjöfina frá leikmönnum. „En ég er líka búinn að vera ánægður með þá í hinum leikjunum. Úrslitin hafa bara ekki dottið okkar megin þar til í kvöld. Mér fannst þessi leikur virkilega góður. Við vorum góðir í vörninni og þegar við fundum taktinn í sókninni vorum við mjög góðir.“

**- esá**

## Valur 0-2 Breiðablik

Vodafonev., áhorf.: 1.027 Jóhannes Valgeirsson (6)

*0-1 Kristinn Steindórsson (27.)*
*0-2 Alfreð Finnbogason (59.)*

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 15–11 (9–10) |
| Varin skot | Kjartan 7 – Ingvar 9 |
| Horn | 7–4 |
| Aukaspyrnur fengnar | 12–12 |
| Rangstöður | 0–2 |

| **VALUR** 4–3–3 | | **BREIÐAB.** 4–3–3 | |
|---|---|---|---|
| Kjartan Sturluson | 5 | Ingvar Kale | 7 |
| Stefán Eggertsson | 7 | Árni Gunnarsson | 6 |
| Reynir Leósson | 5 | Elfar Helgason | 7 |
| Atli Sv. Þórarinsson | 5 | Kári Ársælsson | 7 |
| Martin Pedersen | 4 | Kristinn Jónsson | 6 |
| Rúnar Sigurjónsson | 6 | Finnur Margeirsson | 7 |
| Haukur Sigurðsson | 6 | Jökull Elísabetarson | 6 |
| (27., Sigurbj. Hreiða. | 6) | ***Alfreð Finnboga.** | **8** |
| Ian Jeffs | 4 | Haukur Baldvinsson | 7 |
| (77., Viktor Illugason | -) | (79., Andri Yeoman | -) |
| Arnar Sv. Geirsson | 5 | Kristinn Steindórs. | 5 |
| Hafþór Vilhjálmsson | 6 | (90., Olgeir Sigurg. | -) |
| (71., Matthías Guðm. | -) | Guðmundur Péturs. | 6 |
| Danni König | 6 | (68., Guðm. Kristj. | 6) |

**Maður leiksins*

## FH 2-3 ÍBV

Kaplakrikavöllur, áhorf.: 1.527 Valgeir Valgeirsson (6)

*0-1 Eyþór Helgi Birgisson (11.)*
*0-2 Eiður Aron Sigurbjörnsson (19.)*
*1-2 Torger Motland (25.)*
*1-3 Tryggvi Guðmundsson, víti (31.)*
*2-3 Ásgeir Gunnar Ásgeirsson (39.)*

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 11–14 (9–8) |
| Varin skot | Gunnleifur 5 – Albert 6 |
| Horn | 5–3 |
| Aukaspyrnur fengnar | 12–13 |
| Rangstöður | 4–2 |

| **FH** 4–3–3 | | **ÍBV** 4–5–1 | |
|---|---|---|---|
| Gunnleifur Gunnleif. | 5 | Albert Sævarsson | 6 |
| Guðm. Sævarsson | 6 | James Hurst | 7 |
| Hafþór Þrastarson | 5 | Eiður Sigurbjörns. | 6 |
| Pétur Viðarsson | 4 | Rasmus Christiansen | 6 |
| Tommy Nielsen | 4 | Matt Garner | 6 |
| (60., Hjörtur Valg. | 5) | Finnur Ólafsson | 6 |
| Jacob Neestrup | 4 | Þórarinn Valdimars. | 6 |
| (60., Atli Guðnas. | 5) | (77., Ásgeir Ásgeirs. | -) |
| Ásgeir G. Ásgeirsson | 6 | Andri Ólafsson | 6 |
| (72., Matthías Vilhjál. | -) | Tony Mawejje | 5 |
| Björn D. Sverrisson | 5 | (75., Arnór Ólafs. | -) |
| Ólafur Páll Snorras. | 5 | Tryggvi Guðmunds. | 7 |
| Atli Viðar Björnsson | 5 | ***Eyþór Birgisson** | **8** |
| Torger Motland | 5 | (83., Gauti Þorvarða. | -) |

**Maður leiksins*

Aðrir leikir í Pepsi-deildinni:

## Sigrar hjá Fram og Selfossi

**FÓTBOLTI** Selfoss heldur áfram að standa sig frábærlega í Pepsi-deild karla en liðið fylgdi sigri gegn KR með sigri á Haukum, 3-0, í nýliðaslagnum á Selfossi.

Heimamenn voru sterkari aðilinn nær allan leikinn og áttu sigurinn skilið.

Grindavík er svo enn án stiga í deildinni eftir tap, 2-0, gegn Fram á Laugardalsvelli.

Nánari umfjöllun um þessa leiki ásamt tölfræði og einkunnagjöf má finna á Vísir.is.

**- hbg**






> Sophia Bush

„Til þess að vera hamingjusamur þarf maður fyrst að vera sáttur í eigin skinni. Hitt kemur svo í kjölfarið á því.“

Sophia Bush fer með hlutverk Brooke Davis í sjónvarpsþáttunum One Tree Hill sem sýndur er á Skjáeinum kl. 18.20 í kvöld.

# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ RAGNHEIÐUR TRYGGVADÓTTIR ER EKKI MEÐ Á NÓTUNUM

# *Ruglingslegur heimur skammstafana*

Amerískir glæpaþættir geta verið hin ágætasta skemmtun. Ég horfi alltaf öðru hvoru á einhvern þeirra en fylgist yfirleitt ekki með í hverri viku. Þess vegna á ég það til að ruglast í því á hvaða þátt ég er að horfa þar sem starf mismunandi deilda sem koma að glæpamálum virðist líka oft skarast merkilega mikið. Til dæmis tekur starfsfólk rannsóknarstofu eins og eiturefnafræðingar iðulega þátt þegar lögreglan yfirheyrir grunaða, ber vopn og aðstoðar við handtöku svo þeir sem eru ekki þeim mun betur inni í málunum geta hæglega ruglast á því hver er lögga og hver er líffræðingur.

Klæðnaður persónanna gefur líka sjaldnast til kynna hvað viðkomandi starfar en rannsóknarfólk á vettvangi er iðulega með hárið laust og flaksandi, naglalakk á fingrum og klætt eins og það sé á leiðinni á ball. Lögga á háum hælum hleypur varla langt á eftir glæponi sem flýr af vettvangi! Mismunandi deildir njóta líka oft aðstoðar fólks úr allt öðrum geirum eins og stærðfræðinga og miðla svo ég finn mig skyndilega í flóknum stærðfræðilegum útskýringum á hegðun raðmorðingja, studdar af tilvísunum í Leonardo Da Vinci eða í fjarstæðukenndum draumi spámiðils. Ekki er það síðan til að hjálpa að allar deildir og stofnanir í Ameríku eru skammstafaðar. Ég botna ekkert í þessum skammstöfunum og þegar stífmáluð stúlka í aðskorinni dragt kynnir sig og jakkaklæddan félaga sinn sem C.S.I, C.S.I.N.Y, C.B.I, C.T.U eða F.B.I, N.Y.P.D, N.C.I.S, C.I.A eða L.A.P.D.… er ég engu nær.



DR. BRENNAN LÍFFRÆÐINGUR EÐA LÖGGA

## FÖSTUDAGUR



▶ 19.20 Auddi og Sveppi STÖÐ 2



▶ 20.05 Talið í söngvakeppni SJÓNVARPIÐ



▶ 21.30 Ungfrú Ísland SKJÁR EINN



▶ 22.00 Football Legends STÖÐ 2 SPORT 2



▶ 22.35 Southland STÖÐ 2 EXTRA

## SJÓNVARPIÐ

**15.10 Íslenski boltinn** (e)
**15.55 Leiðarljós** (e)
**16.35 Leiðarljós** (e)
**17.20 Táknmálsfréttir**
**17.30 Fyndin ogfurðuleg dýr** (12:26)
**17.35 Gæludýr úr geimnum** (26:26)
**18.00 Leó (9:52)**
**18.05 Tóta trúður**
**18.30 Galdrakrakkar** (13:13)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
▶**20.05 Talið í söngvakeppni** (3:3) Upphitun fyrir Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva sem fram fer í Ósló 25.-29. maí.
**20.40 Loforðið** (A Promise Made) Bandarísk fjölskyldumynd frá 1986. Unglingsstrákur er í klípu vegna þess að honum þykir orðið vænt um gæs sem hann fann og hjúkraði en hefur lofað að fita og slátra í matinn á þakkargjörðardaginn.
**22.15 Varg Veum - Fallnir englar** (Varg Veum: Falne engler: Fallnir englar) Norsk spennumynd frá 2008 um Varg Veum einkaspæjara í Björgvin og ævintýri hans.
**23.55 Verið þið sælir strákar** (Goodbye Bafana) Bíómynd frá 2007 um hvítan Suður-Afríkubúa sem var uppfullur af kynþáttafordómum en kynni hans af svörtum fanga sem hann gætti í 20 ár ollu því að honum snerist hugur. Fanginn hét Nelson Mandela. (e)
**01.50 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**08.00 The Queen**
**10.00 School for Scoundrels**
**14.00 The Queen** Margrómuð og mögnuð bíómynd sem sópaði að sér öllum helstu verðlaununum kvikmyndaheimsins.
**16.00 School for Scoundrels**
**20.00 The Last Time**
**22.00 The Great Raid**
**00.10 16 Blocks**
**02.00 Cake: A Wedding Story**
**04.00 The Great Raid**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 The Doctors**
**10.15 Mercy** (6:22)
**11.05 The Moment of Truth** (14:25)
**11.50 Chuck** (14:22)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Wildfire**
**13.45 La Fea Más Bella** (172:300)
**14.30 La Fea Más Bella** (173:300)
**15.25 Wonder Years** (1:6)
**15.55 Barnatími Stöðvar 2:** Camp Lazlo, Aðalkötturinn, Kalli litli Kanína og vinir
**17.08 Bold and the Beautiful**
**17.33 Nágrannar**
**17.58 The Simpsons** (25:25)
**18.23 Veður** Markaðurinn
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
▶**19.20 Auddi og Sveppi** Auddi og Sveppi eru mættir aftur hressari og uppátækjasamari en nokkru sinni fyrr í gamanþætti þar sem allt er leyfilegt.
**20.00 Wipeout USA** Stórskemmtilegur þáttur og nú í bandarísku útgáfunni þar sem buslugangurinn er gjörsamlega botnlaus og glíman við rauðu boltana aldrei fyndnari.
**20.50 The Power of One** Bráðskemmtilegur þáttur þar sem dávaldurinn Peter Powers ferðast um og finnur sjálfboðaliða sem eru tilbúnir að láta dáleiða sig og taka uppá ýmsum kostulegum hlutum – og stundum ansi vandræðalegum.
**21.20 Steindinn okkar** Drepfyndinn sketstaþáttur með nýstirninu Steinda Jr. sem sér um grínið en nýtur einnig stuðnings frá heilum haug af þjóðþekktum Íslendingum, jafnt þeim sem þegar hafa getið sér gott orð í gríninu og hinum sem þekktir eru fyrir allt annað en að leika og grínast. Þátturinn er ekki við hæfi ungra barna og viðkvæmra.
**21.45 Nine Months**
**23.30 Code 46**
**01.00 Running with Scissors**
**03.00 Lemming**
**05.05 Steindinn okkar**
**05.35 Fréttir og Ísland í dag**

## STÖÐ 2 SPORT *besta sætið*

**07.00 Stjarnan - KR** Útsending frá leik Stjörnunnar og KR í Pepsi-deild karla í knattspyrnu.
**18.00 Stjarnan - KR** Útsending frá leik Stjörnunnar og KR í Pepsi-deild karla í knattspyrnu.
**19.50 Pepsimörkin 2010** Sýnt frá öllum leikjum Pepsi-deildar karla og sérfræðingar Stöðvar 2 Sport þeir Tómas Ingi og Maggi Gylfa verða að sjálfsögðu á sínum stað. Allir leikirnir, öll mörkin og allt það helsta krufið til mergjar.
**20.50 Valero Texas Open** Skyggnst á bak við tjöldin í PGA mótaröðinni í golfi. Öll mót ársins á PGA mótaröðinni krufin til mergjar.
**21.45 Inside the PGA Tour 2010** Skyggnst á bak við tjöldin í PGA mótaröðinni í golfi. Árið sem framundan er skoðað gaumgæfilega og komandi mót krufin til mergjar.
**22.10 Meistaradeild Evrópu** Fréttaþáttur Meistaradeildar Evrópu þar sem skyggnst er á bak við tjöldin og viðtöl tekin við leikmenn og þjálfara.
**22.40 Main Event: Day 5**
**23.30 Poker After Dark**
**00.15 Poker After Dark**

## STÖÐ 2 SPORT 2 *enski boltinn*

**17.00 Everton - Arsenal** Útsending frá leik Everton og Arsenal í ensku úrvalsdeildinni.
**18.45 West Ham - Man. Utd.** Útsending frá leik West Ham og Man. Utd í ensku úrvalsdeildinni.
**20.30 Coca Cola mörkin** Sýnt frá öllum leikjunum í Coca-Cola deildinni. Öll flottustu mörkin og tilþrifin á einum stað.
**21.00 Maradona 1**
**21.30 Premier League World** Flottur þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum og skemmtilegum hliðum.
▶**22.00 Football Legends** Magnaðir þættir þar sem fjallað er um bestu knattspyrnumenn sögunnar og að þessu sinni verður fjallað um hinn brasilíska Zico.
**22.30 Portsmouth - Hull** Útsending frá leik Portsmouth og Hull í ensku úrvalsdeildinni.

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**07.30 Game Tíví** (17:17) (e)
**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.45 Pepsi MAX tónlist**
**12.00 Game Tíví** (17:17) (e)
**12.30 Pepsi MAX tónlist**
**17.35 Dr. Phil**
**18.20 One Tree Hill** (20:22) (e) Bandarísk þáttaröð um hóp ungmenna sem ganga saman í gegnum súrt og sætt.
**19.00 Being Erica** (2:13) Ný og skemmtileg þáttaröð um unga konu sem hefur ekki staðið undir eigin væntingum í lífinu en fær óvænt tækifæri til að breyta því sem aflaga hefur farið. Erica fer aftur í háskóla þar sem hún gengur í leynilegan félagsskap.
**19.45 King of Queens** (16:24)
**20.10 America's Funniest Home Videos** (43:50) (e)
**20.35 Biggest Loser** (4:18)
▶**21.30 Ungfrú Ísland 2010** Fegurðardrottning Íslands 2010 er krýnd við glæsilega viðhöfn á Broadway. Fegurstu fljóð landsins keppa um þessa eftirsóttu nafnbót og áhorfendur geta tekið þátt í valinu í símakosningu.
**23.15 Parks & Recreation** (3:13) (e) Bandarísk gamansería með Amy Poehler í aðalhlutverki. Leslie á sæti í dómnefnd sem velur Ungfrú Pawnee en lendir í útistöðum við aðra dómara sem hafa ekki alveg sömu skoðun og hún á kvenlegri fegurð.
**23.40 Law & Order UK** (2:13) (e)
**00.30 Life** (5:21) (e)
**01.20 King of Queens** (16:24) (e)
**01.45 Big Game** (5:8)
**03.25 Girlfriends** (18:22) (e)
**03.45 Jay Leno** (e)
**04.35 Pepsi MAX tónlist**

## ÍNN

**20.00 Hrafnaþing** Heimastjórn ÍNN: Jón Kristinn Snæhólm, Guðlaugur Þór Þórðarson og gestaráðherra ræða um það sem er efst á baugi í þjóðfélaginu í dag.
**21.00 Golf fyrir alla** Golfþáttur með Ólafi Má og Brynjari Geirssyni
**21.30 Grínland** Alvöru íslenskur gamanþáttur í umsjón nemenda Verzlunarskóla Íslands.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.


SYLVANIA SPARPERUR Í ÚRVALI Verð frá kr. 995,-



Söluaðilar:
Rafkaup Ármúla 24 • S: 585 2800
Geisli Vestm.eyjar | Öryggi Húsavík | Rafsjá Sauðárkrókur | Fossraf Selfoss | SI verslun Keflavík | Bymos Mosfellsbær | Raflampar Akureyri | Þristur Ísafjörður | K. Húnvetninga Hvammstangi | Raftækjav. Andrésar Eskifjörður | Rafvörumarkaðurinn Við Fellsmúla

## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 21.45

### Nine Months



Gamanmynd um turtildúfurnar Samuel og Rebeccu sem hafa átt fimm yndisleg ár saman og vanhagar ekki um neitt. Þau eiga fallegt heimili, eru yfir sig ástfangin og njóta algers frelsis. Þegar í ljós kemur að Rebecca er ófrísk umturnast líf þeirra vægast sagt og Samuel verður aldrei samur maður. Leikstjóri: Chris Columbus Leikarar: Hugh Grant, Jeff Goldblum, Robin Williams, Joan Cusack, Julianne Moore og Tom Arnold.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

### Varg Veum – Fallnir englar

### Sjónvarpið kl. 22.15



Í þessari mynd hittir Varg fyrir tilviljun gamla skólabræður sína úr rokkhljómsveitinni Camp. Það syrtir verulega í álinn þegar hann hefur samband við gamla kærustu sem er nú gift gömlum vini Vargs. Og svo eru framin óhugnanleg morð í borginni, ungar stúlkur í hvítum kjólum finnast hengdar og Varg er ekki einn um að flækja sig fullmikið í þau mál.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunútvarp hefst
**06.40** Veðurfregnir
**06.50** Bæn
**07.03** Vítt og breitt
**07.30** Fréttayfirlit
**08.05** Morgunstund með KK
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Óskastundin
**09.45** Morgunleikfimi
**10.13** Sagnaslóð
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Hádegisútvarpið
**12.20** Hádegisfréttir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Á réttri hillu
**14.03** Girni, grúsk og gloríur
**15.03** Útvarpssagan: Mammon í gættinni
**15.25** Þau völdu Ísland
**16.05** Fnykur
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.16** Spegillinn
**19.00** Endurómur úr Evrópu
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Söngfuglar
**21.10** Hringsó
**22.10** Orð kvöldsins
**22.15** Litla flugan
**23.00** Kvöldgestir
**00.05** Næturtónar

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 91,9** Kaninn
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 102,2** Útvarp Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun

## 2 EXTRA

**19.30 The Doctors** The Doctors eru spjallþættir framleiddir af Opruh Winfrey þar sem fjórir framúrskarandi læknar – sérfræðingar á fjórum ólíkum sviðum – veita afar aðgengilegar og gagnlegar upplýsingar um þau heilsufarsmál sem hvað helst brenna á okkur.

**20.15 Lois and Clark: The New Adventure** (13:21)

**21.00 Fréttir Stöðvar 2**

**21.25 Ísland í dag**

**21.50 NCIS** (20:25) Spennuþáttaröð sem er í röð þeirra allra vinsælustu í Bandaríkjunum og fjallar um sérsveit lögreglumanna sem starfar í Washington og rannsakar glæpi tengda hernum.

▶**22.35 Southland** (7:7) Hörkuspennandi lögregluþættir sem fjalla um líf og störf lögreglumanna í Los Angeles. Þar er glæpatíðnin með því hæsta sem um getur og morð nánast daglegt brauð. Söguhetjan er nýgræðingurinn Ben Sherman sem leyfir okkur að kynnast ísköldum raunveruleikanum og hversu erfitt þetta vanþakkláta og vandasama starf getur orðið.

**23.20 The Fixer** (5:6) Breskur krimmi í anda Spooks og 24. Þættirnir fjalla um fyrrverandi sérsveitarmann í hernum sem situr í fangelsi fyrir að hafa framið morð. En sökum sérstakra hæfileika hans veita yfirvöld honum lausn gegn því að hann gerist launmorðingi og taki það að sér að ráða af dögum aðila sem taldir eru ógna öryggi þjóðarinnar.

**00.10 Auddi og Sveppi**

**00.45 Steindinn okkar**

**01.15 The Doctors**

**02.00 Lois and Clark: The New Adventure** (13:21)

**02.45 Fréttir Stöðvar 2**

**03.35 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## BBC entertainment

**11.55** The Black Adder **12.30** The Black Adder **13.05** My Hero **13.35** My Hero **14.05** The Green Green Grass **14.35** The Green Green Grass **15.05** The Inspector Lynley Mysteries **16.00** Doctor Who **16.45** The Weakest Link **17.30** The Green Green Grass **18.00** The Catherine Tate Show **18.30** No Heroics **19.00** The Smoking Room **19.30** Coupling **20.00** Coupling **20.30** The Jonathan Ross Show **21.20** Strictly Come Dancing **22.50** Strictly Come Dancing

## DR 1

**10.10** Jersild Live **10.35** Aftenshowet **11.00** Aftenshowet 2. del **11.30** Seinfeld **12.00** Rabatten **12.30** Dyrehospitalet **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Boogie **15.00** Magnus og Myggen **15.15** Benjamin Bjørn **15.30** Kurt - En ukendt helt **15.35** Amalie **15.50** Snuttefilm **16.00** Aftenshowet **16.30** TV Avisen med Sport og Vejret **17.00** Disney Sjov **18.00** Cirkusrevyen **19.00** TV Avisen **19.30** 88 minutter **21.15** Maximum Risk **22.50** Terror

## NRK 1

**10.10** Harry - seks år og kokkelærling **10.40** Dallas **11.25** Urix **11.45** Norge rundt **12.10** Par i hjerter **13.00** NRK nyheter **13.10** Dallas **14.00** Derrick **15.00** NRK nyheter **15.10** Harry - seks år og kokkelærling **15.40** Oddasat **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Førkveld **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.40** Norge rundt **18.05** Dei blå hav **18.55** 20 sporsmål **19.20** Kalde spor **21.15** Kveldsnytt **21.30** En velutstyrt mann **22.00** Rufus Wainwright - Prima Donna **23.25** Takk Gud, det er fredag!

## SVT 1

**10.35** Eurovision countdown 2010 **11.05** Eurovision countdown 2010 **11.45** Sverige! **12.15** Landet runt **13.00** Mitt i naturen **13.30** Landgång **14.00** Rapport **14.05** Gomorron Sverige **14.55** Inför Eurovision Song Contest 2010 **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport med A-ekonomi **16.10** Regionala nyheter **16.15** Go'kväll **17.00** Kulturnyheterna **17.15** Regionala nyheter **17.30** Rapport med A-ekonomi **18.00** Så ska det låta **19.00** Jerry Maguire **21.15** Sverige! **21.45** St. Elmo's Fire **23.30** Landgång


Fiskikóngurinn • Sogavegi 3 • sími 587 7755

Á AÐ GRILLA Í KVÖLD?

Alveg skothellt á grillið

Bláberjamarineraðir Þorskhnakkar

Stórlúðusteik í Lemmon Kóriander kryddblöndu

Hlýrahnakkar marineraðir í Hawaii kryddjurtamarineringu

Hlýrasteik marineruð með smjörkrydd og sítrónumarineringu

Skötuselur roðlaus og beinlaus 2.890 kr. kg.

Humar 2.000 kr. kg.

Laxasteik fersk og beinlaus marineruð með Indversku Karrý marineruð með Chilli og Lime



LÖNG HELGI FRAMUNDAN
Opið laugardag 10–14

Óbarinn harðfiskur að vestan
Flottur og ómissandi í sumarbústöðinn

VEIÐIMENN ATH.
• Makríll •
Flott í beitu fyrir sjóbirting og silung



Bjóðum Laufey og Gunnar velkominn til starfa.

Fiskikóngurinn • Sogavegi 3 • sími 587 7755

## BESTI BITINN Í BÆNUM



*„Devitos Pizza á hlemmi. Þar eru pitsurnar ávallt góðar og afgreiðslan hröð og vinaleg.“*

Óli Dóri, útvarpsmaður á X-inu og fjölmiðlafræðingur.

# Hreindís komst inn í draumaskólann

„Ég komst út og inn í skólann. Þannig að þetta gekk allt upp,“ segir Hreindís Ylva Garðarsdóttir Holm.

Eins og Fréttablaðið greindi frá í apríl þá átti Hreindís að mæta í nokkrar prufur fyrir leiklistarskóla í Englandi. Öskufall í Eyjafjallajökli setti strik í reikninginn og setti ferðalagið í óvissu. Óvissu sem nú hefur verið eytt.

„Við komumst fimm dögum seinna,“ segir Hreindís. „Þetta voru fjórar prufur sem ég átti bókaðar. Það var ekki öll von úti og ég fékk nýjan tíma fyrir þá sem ég missti af.“

Hreindísi gekk vel í prufunum og komst inn í tvo skóla: Central of Speech and Drama og hinn virta Guildford School of Acting. Hún valdi Guildford, en þess má geta að þokkadísin Halla Vilhjálmsdóttir útskrifaðist úr skólanum árið 2004. Guildford-skólinn var efstur á óskalista Hreindísar. En ætlaði hún alltaf að verða leikkona?

„Heldur betur. Ég er búin að stefna að þessu lengi,“ segir Hreindís. Hún er ekki óvön að leika; hefur tekið þátt í sýningum áhugafólks ásamt því að koma fram í uppsetningu Jesus Christ Superstar í Borgarleikhúsinu. Loks fer hún með hlutverk í kvikmyndinni Óróa eftir Baldvin Z sem er væntanleg seinna á árinu. Hreindís segist þó ekki vera tilbúin að gera upp á milli leikhúss og kvikmynda, þegar náminu lýkur. „Það er fegurðin við Ísland að leikarar geta gert bæði. Það er minna svoleiðis erlendis,“ segir hún. **- afb**



**DRAUMUR AÐ RÆTAST** Hreindís hefur nám í Guildford School of Acting í september. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



**LÁRÉTT**
**2.** eignir, **6.** skammstöfun, **8.** farfa, **9.** skraf, **11.** tveir eins, **12.** bani, **14.** yfirstéttar, **16.** ógrynni, **17.** skammstöfun, **18.** skáhalli, **20.** tveir eins, **21.** nátt.

**LÓÐRÉTT**
**1.** tilraunaupptaka, **3.** belti, **4.** eyja í Miðjarðarhafi, **5.** stykki, **7.** vatnafló, **10.** löng, **13.** spor, **15.** þekking, **16.** ónn, **19.** borðaði.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** góss, **6.** eh, **8.** lít, **9.** mas, **11.** kk, **12.** ólífi, **14.** aðals, **16.** of, **17.** rek, **18.** flá, **20.** yy, **21.** nótt.

**LÓÐRÉTT: 1.** demó, **3.** ól, **4.** sikiley, **5.** stk, **7.** halafló, **10.** slóð, **13.** far, **15.** skyn, **16.** ofn, **19.** át.

## VEISTU SVARIÐ?

Svör við spurningum á síðu 8.

1. Tungu og hjarta hvalsins.
2. Yukon.
3. Í-listi.






ÁSDÍS RÓSA ÁSGEIRSDÓTTIR: KOMIN Á SINN STAÐ Í LÍFINU

# Börnin mín drukku FM 957 í sig með móðurmjólkinni

„Ég held að ég hafi þurft eitthvað ögrandi til að takast á við,“ segir Ásdís Rósa Ásgeirsdóttir, nýr liðsmaður útvarpsstöðvarinnar FM 957. Ásdís verður í morgunútvarpsteymi Sigvalda Kaldalóns, sem hefur upp raust sína í fyrsta sinn í morgun. Þátturinn tekur við af hinum ofurvinsæla Zúúber sem nú er hættur og í staðinn hefur Svali, eins og Sigvaldi er jafnan kallaður, fengið til sín nýtt fólk í nýjan þátt sem ber heitið Svali og félagar. Og er Ásdís í þeim hópi. Nýrri heimasíðu verður hleypt í loftið undir sama nafni og þar verður hægt að finna upptökur og útskriftir af efni þáttarins.

Ásdís viðurkennir að hún hafi enga reynslu af útvarpi. „Nei, ég heyrði bara auglýsingu í útvarpinu þar sem ég var að keyra börnin í skólann á náttbuxunum og var síðan mætt í atvinnuviðtal þremur tímum seinna. Svona gerast bara hlutirnir,“ segir Ásdís. Hún er þriggja barna móðir og er að klára fjórða árið í lögfræði. „Nú er það bara lokasprett urinn sem tekur við,“ bætir hún við en eins og flestir vita er lögfræðinámið strembið og útheimtir mikla vinnu. Ásdís segist þó kvíða því að tíminn verði hennar versti óvinur. „Nei, það verður eiginlega að koma í ljós með haustinu og ég er eimmitt bara að spá í því hvað ég eigi að gera í öllum mínum frístundum,“ grínast Ásdís með. Sjálf segist hún vera mikil áhugamanneskja um útvarp. „Ég er mikil FM-hnakki og smellpassa því alveg inn í umhverfið,“ bætir hún við.

Verandi þriggja barna móðir hefur Ásdís ágætis reynslu af því að vakna eldsnemma á morgnana en þátturinn hefst á slaginu korter í sjö. „Það er bara ræs klukkan fimm og það verður ekkert mál,“ segir hún en börnin hennar eru sjö, tólf og fjórtán ára. Að sögn Ásdísar eru þau líkt og mamman ákaflega spennt fyrir nýja starfinu. „Já, þau fengu hnakkamenninguna með móðurmjólkinni.“

**freyrgigja@frettabladid.is**



**HIMINLIFANDI** Ásdís Rósa Ásgeirsdóttir er nýjasti liðsmaður FM 957. Hún verður einn þáttastjórnanda nýs morgunþáttar sem ber heitið Svali og félagar og hófst í morgun. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## KOLBFAÐIR SNÝR AFTUR



Ásgeir Kolbeinsson verður með minnst eitt innslag á viku í nýjum morgunþætti FM 957, Svali og félagar. Ásgeir var um árabil dagskrárstjóri stöðvarinnar og hefur af mörgum verið sagður faðir „hnakkamenningarinnar“ enda átti hann sinn þátt í því að móta einstakan stíl útvarpsstöðvarinnar. Ásgeir hætti sem dagskrárstjóri 2005 en snýr nú aftur á fornar slóðir. „Það er bara mikill heiður að vinna með fólki eins og Ásgeiri og öllum hinum. Þetta eru allt miklir snillingar,“ segir Ásdís en meðal annarra gesta í útvarpsþættinum má nefna Erp Eyvindarson og Höllu Vilhjálmsdóttur.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

**Klara** og hinar stúlkurnar í The Charlies, sem kölluðu sig áður Nylon, hafa í nægu að snúast í Los Angeles þessa dagana. Stúlkurnar sluppu ómeiddar úr bílslysi á dögunum og skelltu sér svo í partí þar sem strákarnir í hljómsveitinni All American Rejects skemmtu sér með viðstöddum. Charlies-stúlkurnar eru einnig að vinna að því að koma sér á framfæri og raddþjálfun er hluti af því. Þjálfarinn er enginn nýgræðingur, en á meðal viðskiptavina hans er Idolstjarnan Adam Lambert.



Í Fréttablaðinu í gær kom fram að prótíndrykkjarneysla hefur aukist gríðarlega með tilkomu íslensku drykkjanna Hámarks og Hleðslu. Slík neysla veldur vindgangi hjá fólki sem bendir til þess að Íslendingar prumpi meira í dag en áður. **Egill Gillzenegger** bloggaði um málið í gær og vísaði þessum læknisfræðilegu kenningum til föðurhúsanna. Hann sagðist ekki hafa prumpað frá árinu 2002 og bætti við að hann ætti í erfiðleikum með að hanga með feitu vinunum sínum sem leysa vind í tíma og ótíma.



Sala á Þjóðabók **Bergs Ebba Benediktssonar** fer vel af stað og skaust bókin í 10. sæti metsölulista Eymundsson daginn sem sala hófst. Árangurinn er markverður í ljósi þess að listinn mælir sölu yfir vikur, en ekki daga. Bergur hefur sjálfur verið duglegur við að kynna bókina og sendi vinum og kunningjum póst þegar bókin kom út. Hann er augljóslega vinsæll þar sem hann fékk viðvörun frá Gmail og Facebook fyrir fjölpóstssendingarnar þrátt fyrir að hafa aðeins sent fólki með nöfn sem byrja á A og B. Stór hluti stafrófsins er því eftir. **- afb**








# Stjörnur leggja Íslandi lið

Viggo Mortensen, Stephen Fry og aðrir heimsþekktir „Íslandsvinir“ leggja Íslandi lið í 700 milljón króna landkynningarátakinu sem tilkynnt var á ferðamálaþingi fyrr í þessum mánuði. Átakið er sérstaklega hugsað til þess bæta ímynd Íslands í kjölfar eldgossins í Eyjafjallajökli en það hefur sett stórt strik í reikninginn hjá íslenskum ferðaþjónustuaðilum.

Fry „twittaði“ á Twitter gegnum Facebook-síðuna Inspired by Iceland, sem er hluti af þessu átaki, og tilkynnti lesendum sínum að þrátt fyrir allt sem fólk héldi um Ísland þá væri landið enn þá jafn spennandi og sjarmerandi og alltaf. Fry er einn frægasti leikari Bretlands og nýtur mikillar virðingar í föðurlandi sínu. Á heimasíðunni Inspired by Iceland mátti svo í gær sjá viðtal við Viggo Mortensen þar sem hann dásamar land og þjóð.



**GÓÐIR FULLTRÚAR** Viðtal við Viggo Mortensen er birt á vefsíðunni InspiredbyIceland.com og Stephen Fry twittaði í gegnum Facebook-síðu með sama nafni í gær.

Að sögn Einars Karls Haraldssonar, fulltrúa iðnaðarráðherra í þessu verkefni, stendur til að fá fleiri þekkta Íslandsvini til að taka þátt í að kynna landið. „Þetta snýst auðvitað allt um að gefa rétta mynd af því hvernig ástandið á Íslandi raunverulega er,“ segir Einar en verkefninu verður formlega hleypt af stokkunum í flugskýli 4 á Reykjavíkurflugvelli í dag. Í stórum evrópskum fjölmiðlum á borð við Guardian munu birtast auglýsingar með einum eða öðrum hætti um stöðuna á Íslandi og vefmyndavélar verða settar upp á hinum og þessum stöðum sem ekki sýna öskumökk og eldgos heldur að lífið gangi sinn vanagang hér á Fróni. Einar staðfesti jafnframt þann orðróm að verið væri að skoða möguleika á tónleikahaldi þar sem erlendar stjörnur í bland við íslenska tónlistarmenn kæmu fram en það mál væri enn á byrjunarreit. **- fgg**

# EMAMI



EMAMI
Laugavegur 66

opið um helgina
Föstudag 10-18
Laugardag 10-17
Sunnudag 11-17

## LAGERHREINSUN EMAMI

RÝMUM FYRIR NÝJUM VÖRUM
ALLT AÐ 60% AFSLÁTTUR
10% AFSLÁTTUR AF NÝJUM VÖRUM

SVO KÍKJUM VIÐ Á AUSTURLAND

Föstudagur 21/05 - Höfn í Hornafirði. Pakkhúsið frá kl. 19 - 22.
Laugardagur 22/05 - Neskaupstaður. Nesbær frá kl. 13 - 18.
Sunnudagur 23/05 - Egilsstaðir. Gistihúsið Egilsstöðum frá kl. 12 - 17.

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 | VISIR.IS

**Ritstjórn:** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst húsið

**DREIFING:** dreifing@posthusid.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



RÓMEÓ OG JÚLÍA
Vesturport
Takmarkaður sýningafjöldi
Miðasala er hafin!
Borgarleikhúsið


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Ómar í stað Leiðarljóss

Sápuóperan Leiðarljós hefur verið tekin af dagskrá Sjónvarpsins. Engar skýringar hafa verið gefnar á skyndilegu brotthvarfi þessara vinsælu þátta en síðasti þátturinn var á dagskrá í vikunni. Óstaðfestar fregnir herma að Leiðarljós sé látið víkja fyrir heimsmeistaramótinu í knattspyrnu og annarri sumardagskrá og muni þátturinn hefja göngu sína aftur með haustinu. Fyrst um sinn, hið minnsta, hafa Stiklur **Ómars Ragnarssonar** tekið við dagskrártíma Leiðarljóss.



### Góður gestur

Bandaríska fjöllistakonan **Laurie Anderson**, sem flytur gjörning í Stykkishólmi á morgun, er ekki ókunn íslensku listalífi því hún söng inn á plötuna Sería eftir Skúla Sverrisson sem kom út 2006 og hlaut Íslensku tónlistarverðlaunin 2007. Þar söng hún lagið On Night Of Swords og samdi einnig textann sem var byggður á verki argentínska ljóðskáldsins Jorge Luis Borges. Anderson hefur á farsælum ferli sínum starfað með heimsfrægum tónlistarmönnum á borð við Peter Gabriel, Bobby McFerrin og að sjálfsögðu eiginmanni sínum, Lou Reed.



### Sá besti situr eftir heima

Finnur Oddsson, framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs, og Frosti Ólafsson, aðstoðarframkvæmdastjóri ráðsins, eru nú báðir staddir suður í Barcelona á Spáni. Heyrst hefur að þar hafi þeir meðal annars tekið nokkrar holur á golfvelli einum þar við borgina. Það þykir vel til fundið hjá þeim Finni og Frosta því heima situr golfarinn Björn Þór Arnarsson, hagfræðingur Viðskiptaráðs, og svarar í símann. Sá er með rúma þrjá í forgjöf og gæti velgt kollegunum undir uggum á vellinum.



**- hdm, fb, jab**

### Mest lesið VÍSIR.IS

1. Nafn drengsins sem lést
2. Talin hafa kæft börnin með plastpoka
3. Laus allra mála eftir 11 mánaða rannsókn
4. Annar karlmaður segist hafa lent í meinta nauðgaranum
5. Vatnavextir í Grímsvötnum – Skeiðarárhlaup líklegt




GARÐHEIMAR
10 ára!





ÖRFÁ SÆTI LAUS

MEGAS
AÐFÖR AÐ LÖGUM
HÁSKÓLABÍÓ 24. MAÍ



HEIMILISTÆKJASIRKUSINN
AF ÁSTUM MANNS OG HRÆRIVÉLAR
ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ 20. MAÍ – 5. JÚNÍ



Í KVÖLD

„Ótrúleg, hrífandi og súrrealísk tónlistar- og leikhúsupplifun; fullkomlega sérviskuleg, frumleg og ósvífin listræn snilld í mörgum víddum.“
*www.jazzhouse.org*

HARMÓNIKUÆRINGINN
KIMMO
NASA 21. MAÍ

SJÁUMST Á LISTAHÁTÍÐ

TÓNÆVINTÝRI FYRIR BÖRN
HERRA POTTUR OG UNGFRÚ LOK
ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ
29. MAÍ – 5. JÚNÍ

SCHUBERT Á SUNNUDAGSMORGNUM
FRÍKIRKJAN
23. OG 30. MAÍ





LUMEN
LEIKUR AÐ LJÓSI
ADAPTER
LISTASAFN ÍSLANDS
SUN. 23. MAÍ



Á MÖRKUNUM?
ÁSGERÐUR OG JÓNAS
FLYTJA LÖG EFTIR BJÖRK OG FLEIRI
ÍSLENSKA ÓPERAN 26. MAÍ



RAUN VERU LEIKA TÉKK
LJÓSMYNDASÝNING Á HÚSVEGGJUM Í MIÐBORGINNI

BRÆÐUR
DANSVERK UM KARLMENN
ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ 27. OG 28. MAÍ





VINNUSTOFUTÓNLEIKAR
STEFNUMÓT TÓNLISTAR OG MYNDLISTAR UM ALLA BORG 22. OG 23. MAÍ



FJÖLDI LJÓSMYNDASÝNINGA Í GALLERÍUM, SÖFNUM OG BORGARSTÖNDUM

FABRIKAN

SJÁ HEILDARDAGSKRÁ www.listahatid.is

FRÉTTABLAÐIÐ Icelandair Express CENTER HOTELS PÓSTURINN SAMSKIP

Miðasala:
www.listahatid.is, www.midi.is,
og í síma 552 8588

Listahátíð í Reykjavík 2010
12. MAÍ – 5. JÚNÍ
REYKJAVÍK ARTS FESTIVAL